



Sundlaugar voru opnaðar aftur í gær eftir að hafa verið lokaðar í tvo mánuði vegna kórónaveirufaraldursins. Leyfilegur gestafjöldi sundlauga landsins er nú helmingur af hámarksfjölda gesta samkvæmt starfsleyfi. Gestirnir í Sundhöll Reykjavíkur voru yfir sig ánægðir með að geta slakað á og spjallað í pottunum og tekið hressandi sundsprett í lauginni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Breyta fjármögnun spítalanna

Landspítalinn og Sjúkrahúsið á Akureyri munu taka í notkun nýtt fjármögnunarkerfi í byrjun árs 2022. Markmiðið er að auka bæði gegnsæi og framleiðni með því að setja verðmiða á hvern þjónustuflokk.

HEILBRIGÐISMÁL Landspítalinn og Sjúkrahúsið á Akureyri munu um áramótin 2022 taka í notkun DRG-fjármögnunarkerfi og verður kerfið notað í svokallaðri skuggakeyfrslu á næsta ári. Markmiðið er að auka gegnsæi í fjármögnun og auka framleiðni.

Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisráðuneytinu verður engin breyting á fjárveitingum til heilbrigðiskerfisins, fjárveitingar verða áfram á fjárlögum en hver stofnun gerir samninga við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ).

Í dag er sáralítið vitað um hvaða

þjónustu spítalar veita fyrir utan fjölda sjúklinga og legutíma, í DRG-kerfi er skýr tenging á milli fjárveitinga og starfsemi. Ekki er þörf á að leggja fram sérstakt lagafrumvarp í tengslum við innleiðinguna.

Slík kerfi eru víða notuð erlendis og eru í raun flokkunarkerfi, þjónustunni er skipt niður og hvert viðvik hefur verðmiða. Til dæmis kostar botnlangaskurður með stuttri meðferð rúmar 370 þúsund krónur samkvæmt DRG-gjaldskrá Landspítala í ár.

Landspítalinn hefur verið með samninga við SÍ um skuggakeyfrslu

5,4%

minnkun hefur orðið á framleiðni lækna á Landspítala frá árinu 2015.

kerfisins frá árinu 2017. Í fyrsta samningnum var miðað við 80 prósentu framleiðslutengd fjárframlög. Ekki hefur verið undirritaður samningur fyrir árið 2020 en viðræður

voru langt komnar þegar COVID-19 faraldurinn skall á. Er gert ráð fyrir að gengið verði frá samningi á næstunni. Ekki liggur fyrir til hve langs tíma verður samið, þá er vinna í gangi innan spítalans við að skoða ýmsa tæknilega þætti kerfisins.

Í skýrslu heilbrigðisráðuneytisins um áætlunina, sem kom út í október, segir að framleiðni lækna á Landspítala hafi minnkað um 5,4 prósent og 7,3 prósent á Akureyri á árunum 2015 til 2019. Þá hafi stöðugildum fjölgað um 21,4 prósent á Landspítala og 16,3 prósent á Akureyri. – ab / sjá síðu 8

Leggjast gegn breytingunum

STJÓRNSÝSLA Félag fasteignasala leggst gegn breytingum á lagafrumvarpi þar sem fellt verður út það skilyrði að fasteignasali skuli með beinum hætti eiga meirihluta í fasteignasölu. Ákvæðið var sett í lög árið 2004 og hefur það gefist vel að mati Kjartans Hallgeirssonar, formanns Félags fasteignasala. Óvída sé meiri samkeppni á fasteignasölu markaði en á Íslandi.

Félagið hefur áhyggjur af því að breytingarnar geti leitt til fákeppni á fasteignamarkaði. Frumvarpið sem um ræðir er hluti af öðrum lið aðgerðaáætlunar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um einföldun regluverks og byggir meðal annars á nýlegri skýrslu frá OECD um samkeppnismat á byggingaríðnaði og ferðaþjónustu.

– bp / sjá síðu 4



Fást fjórhjóladrifnir

Uppáhalds vinnufélagarnir

Sendibílar, pallbílar, smáir vinnubílar og stórir



Atvinnubílar



George R. R. Martin er afar hrifinn af Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Tökur hefjast eftir áramót

MENNING Tökur á þáttunum House of the Dragon, eftir George R.R. Martin, hefjast í myndveru í Watford eftir áramót. Ekki er vitað hvenær tökur annars staðar hefjast. Þættirnir gerast í sama heimi og hinir vinsælu Game of Thrones en gerast þrjú hundruð árum fyrr.

Martin hefur gefið það til kynna að einhverjir af sömu tökustöðunum verði notaðir fyrir hina nýju seríu. En það voru til dæmis Króatía,

» Ísland er merkt sem tökustaður á IMDB.

Norður-Írland, Malta og Ísland. Ísland er hins vegar eini staðurinn sem merktur er sem tökustaður á gagnagrunninum IMDb. Eins og fyrr er það HBO-stöðin sem gefur út seríuna, sem mun innihalda tíu þætti og koma út árið 2022.

Atriði í Game of Thrones voru meðal annars tekin upp í Dimmuborgum, á Hverfelli, Þingvöllum, Goðafossi og Grundarfirði. Þá hafa þó nokkrir Íslendingar leikið í þáttunum. Auk þess að fá beinar tekjur af tökununum hafa íslensk ferðaþjónustufyrirtæki gert út á þættina og boðið upp á ferðir á tökustaði. – kfh

Fá boð í bólusetningu

COVID-19 Fólk mun ekki geta pantað sér tíma í bólusetningu þegar að því kemur en allir munu fá boð í bólusetningu þegar kemur að þeim. Þá er fólk hvatt til að hringja ekki í heilsugæslustöðvar vegna bólusetningar þar sem enginn verður út undan.

Heilsugæslan segir ótímabært að tala um hvenær bólusetning hefst hér á landi en þrátt fyrir að ekki sé ljóst hvenær dreifing bóluefna vegna COVID-19 hefst séu vonir bundnar við að hún geti hafist á fyrri hluta næsta árs. Heilsugæslustöðvar landsins sjá um bólusetninguna en sóttvarnalæknir ber ábyrgð á skipulagningu og samræmingu. – fbl

Leitað að jólunum



Það var mikil jólastemning í Þjóðleikhúsinu í gær þegar dyr leikhússins voru opnaðar á ný fyrir spenntum börnum sem fengu að sjá sýninguna Leitun að jólunum eftir Þorvald Þorsteinsson. Sýningin hefur verið stór þáttur í jólaundirbúningi barna á Íslandi í áratugi en hún var fyrst sýnd árið 2005. Í ár hefur sýningin verið sérstaklega aðlöguð grunnskólabörnum vegna kórónuveirufaraldursins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGRTRYGGURARI

Fjölmenntari byggðir missa byggðakvóta

SJÁVARÚTVEGUR Úthlutaður byggðakvóti verður minnkaður úr 5.374 þorsgildistönum í 4.810 fyrir fiskveiðiárið 2020 til 2021. Samkvæmt reglum er skerðingin ekki hlutfallsleg milli byggðarlaga heldur kemur hún fram hjá þeim sem hafa 400 íbúa eða fleiri.

» Byggðakvóti verður skertur um 71 prósent á Ólafsvík.

Til dæmis er kvótinn skertur um 71 prósent á Ólafsvík, 64 á Stokks-eyri, 62 í Garði og tæp 60 á Ólafsfirði.

Nokkur óánægja hefur verið með úthlutun byggðakvóta að undanfögnu. Sveitarstjórnir Norðurþings og Fjallabyggðar eru meðal þeirra sem hafa farið fram á að úthlutunarreglum verði breytt, en þar hefur byggðakvótinn verið skertur mjög á undanfögnu árum. – kfh

Síðasta vonin um að finna íslenska vininn

Skotinn Richard Fowlie hefur í tæp 60 ár hugsað reglulega til íslensks vinar síns, „Engel Johannsson“, sem hann kynntist í Edinborg. Hann biðlar nú til Íslendinga í þeirri von að finna vin sinn, sem hann hefur alltaf saknað.

SAMFÉLAG Í tæp sextíu ár hefur Skotinn Richard Fowlie hugsað reglulega til vinar síns frá Íslandi sem hann kynntist á námsárum sínum í Edinborg. Vinirnir héldu sambandi með bréfaskriftum í nokkur ár eftir að námi lauk en upp úr þeim slitnaði. Richard segist alltaf hafa saknað vinar síns og á dögunum sendi hann bréf til ritstjórnar Fréttablaðsins þar sem hann óskaði eftir hjálp í hinstu tilraun sinni til að hafa uppi á vini sínum.

Richard er búsettur í bænum Banchory nærri Aberdeen í Skotlandi. Hann er 76 ára gamall og fór á eftirlaun fyrir rúmum áratug eftir farsælan starfsferil hjá póstinum. Þegar blaðamaður Fréttablaðsins náði loks sambandi við hann í gegnum síma urðu fagnaðarfundir enda er Richard sannfærður um ágæti Íslendinga. Richard notar hvorki tölvupóst né samfélagsmiðla eða internetið yfir höfuð og treystir því á simtöl og bréfaskriftir.

Það hefur flækt leitina verulega að bréfaskriftir vinanna eru glötuð og að nafn vinar síns hefur því aðeins skolast til á þessum árunum. „Það er eitthvað í líkingu við Engel Johannsson. Íslensk nöfn eru frekar erfið,“ segir Richard og hlær.

Þeir kynntust í Edinborg á árunum 1960-1962. „Engel hafði farið út til að læra ensku og við bjuggum á sama stað sem hét Manor Club. Okkur varð strax vel til vana og sú vinátta hélst þessi ár sem hann bjó í Skotlandi,“ segir Richard.

Hann segist muna eftir því að vinur hans hafi átt heima í Reykjavík og að faðir hans rekið verslun í höfuðborginni.

Hann hafi alla tíð hugsað hlýtt til vinar síns og séð mjög eftir því að



Vinirnir kynntust í námi Edinborg árið 1960-1962. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA-EFE



Íslendingurinn „Engel Johannsson“.

upp úr bréfaskriftunum hafi slitnað. „Ég hef gert nokkrar tilraunir til þess að hafa uppi á honum. Heim-sótt sendiráðið hér ytra til þess að reyna að finna heimilisfang eða símanúmer,“ segir Richard. Fyrir

þremur árum fór hann meðal annars í sína fyrstu ferð til Íslands og reyndi þá að hafa uppi á Engel.

„Ég fékk starfsfólk hótelsins til þess að hjálpa mér að leita en þar sem nafnið er ekki alveg rétt þá gekk það ekki,“ segir Richard. Hann hafi engu að síður notið dvalarinnar og minnst sérstaklega hve Reynisfjara var tilkomumikill staður.

Hann segist hafa verið handviss um að hann myndi aldrei hafa uppi á vini sínum allt þar til hann rakst á mynd af honum í gamalli hirslu. „Þá ákvað ég að senda bréf á íslenska fjölmiðla svo að sem flestir gætu séð myndina. Ég veit auðvitað ekki hvort hann er lífs eða liðinn en mig langar mikið að heyra hvernig honum reiddi af,“ segir Richard.

bjornth@frettabladid.is



HAFNARTORG

REYKJAVÍK

#MHOME

Optical Studio



COS

ICE + FRIES



COLLECTIONS

GK



GALLERIA

MICHELSSEN 1909

H&M

ENGA MJÚKA PAKKA TAKK



Pú finnur jólagjöfina fyrir þig og þína á elko.is

ELKO



Deloitte fletti konu upp í vanskilaskrá í heimildarleysi

DÓMSMÁL Kona, sem starfsmaður Deloitte fletti upp í vanskilaskrá, segir það hafa verið gert til að valda henni tjóni. Persónuvernd tekur undir það með henni að uppflettingin hafi verið óheimil.

Í umfjöllun Persónuverndar um kærú konunnar kemur fram að tiltekinn starfsmaður Deloitte hafi árið 2018 fletti henni upp á vanskilaskrá Creditinfo og gefið það upp að uppflettingin væri vegna viðskipta.

» Deloitte hafnaði ásökunum konunnar.

„Kvartandi kveðst aldrei hafa sóst eftir viðskiptum við Deloitte og því hafi henni brugðið þegar hún hafi orðið vör við umrædda uppflettingu,“ segir í umfjöllun Persónuverndar.

Þá segir að konan hafi fengið þær skýringar að fyrirspurnir hennar hafi kallað á þjónustu Deloitte henni til handa og að í ljósi þess að um reikningsviðskipti yrði að ræða hafi henni verið flett upp í vanskilaskrá.

Konan hafi þá bent á að hún hafi aldrei óskað eftir þjónustu eða reikningsviðskiptum við Deloitte.

Fram kemur í umfjölluninni að konan hafi átt í deilum við tvo

Deloitte

Konan segir að hún hafi aldrei óskað eftir þjónustu við Deloitte.

bræður sína vegna erfðamála. Á árinu 2013 hafi Deloitte gert erfðafjárskýrslu um fyrirframgreiddan arf frá föður konunnar og bræðra hennar.

Deloitte hafnaði ásökunum kon-

unnar. „Miðað við umrædd samskipti hafi Deloitte verið í góðri trú um slíkt og hafi því haft lögvarða hagsmuni af því að kanna hvort sá aðili sem óskaði eftir þjónustu frá fyrirtækinu væri borgunarmaður fyrir þjónustunni,“ segir í umfjöllun Persónuverndar um sjónarmið Deloitte.

Persónuvernd segir ekki unnt að fallast á að uppflettingin hafi verið nauðsynleg. – gar



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

Breytingarnar á torginu kostuðu alls 60 milljónir

REYKJAVÍK Breytingar á Óðinstorgi, sem lokið var við í sumar, kostuðu alls 60 milljónir að sögn Dags B. Eggertssonar borgarstjóra. Vigdís Hauksdóttir, oddviti Miðflokksins, bókaði á fundi borgarráðs í gær að kostnaðurinn við Óðinstorg væri 657 milljónir króna.

Fjármálasvið borgarinnar svaraði fyrirspurn Vigdísar í gær. Dagur segir að hún hafi lagt saman framkvæmdir við torgið en einnig endurgerð Skólavörðustígs, Óðinsgötu, Spítalastígs, Týsgötu, Lokastígs, Freyjutorgs, Freyjugötu, Bjargarstígs og Óðinsgötu við Freyjutorg. Þar af hafi Óðinstorg aðeins kostað 60 milljónir. – la

Eigið fé Torgs aukið

FJÖLMIDLAR Eigið fé Torgs ehf. hefur verið aukið um 600 milljónir króna með útgáfu nýs hlutfjár.

Tilgangur aukningarinnar er að greiða upp óhagstæð lán og mæta því tapi sem veirufaraldurinn hefur valdið á árinu.

Félag í eigu Helga Magnússonar er kaupandinn. Félög Helga eiga nú um 90 prósent hlutfjár í Torgi. Aðrir hluthafar eru Saffron, Jón Þórisson og Guðmundur Örn Jóhannsson.

Torg á og rekur Fréttablaðið, DV, sjónvarpsstöðina Hringbraut, nokkra vefmiðla og eigin prentsmíðu. – jp

Fasteignasalar undrandi á breyttri stefnu stjórnvalda

Félag fasteignasala leggst gegn lagafrumvarpi þar sem fellt verður út það skilyrði að fasteignasali skuli með beinum hætti eiga meirihluta í fasteignasölu. Ákvæðið var sett í lög árið 2004 og hefur gefist vel að mati formanns Félags fasteignasala. Óviða sé meiri samkeppni á fasteignasölumarkaði en á Íslandi.

STJÓRNSÝSLA Félag fasteignasala hefur áhyggjur af því að fyrirhugaðar breytingar á lögum um sölu fasteigna og skipa geti leitt til fákæppni á fasteignamarkaði. Frumvarpið sem um ræðir er hluti af öðrum lið aðgerðaáætlunar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um einföldun regluverks og byggir meðal annars á nýlegri skýrslu frá OECD um samkeppnismat á byggingariðnaði og ferðaþjónustu.

Tillögurnar í skýrslunni hafa vakið nokkra athygli undanfarnar vikur en meðal annars lagði OECD til að lögvernduð starfsheiti, eins og bakarar og ljósmyndarar, verði lögð niður og hafa formenn meistarafélaga í handið keppst við að gagnrýna það sjónarmið.

Breytingarnar sem fasteignasalar hafa áhyggjur af snúast um að fellt verði niður það skilyrði að fasteignasali skuli með beinum hætti eiga meirihluta í fasteignasölum og er rökstuðningurinn sá að núgildandi ákvæði dragi úr samkeppni og fjárfestingu í greininni og að breytingarnar geti stuðlað að lægra verði fyrir neytendur. Félag Fasteignasala telur að það mat sé ekki á rökum reist.

„Þetta eignarhaldsákvæði var sett árið 2004 að vel athuguðu máli enda hafði frjálst eignarhald ekki reynst vel. Þessar breytingar voru til mikilla hagsbóta og hafa meðal annars stuðlað að auknu sjálfstæði og óhæði fasteignasala sem er afar mikilvægt,“ segir Kjartan Hallgeirsson, formaður Félags fasteignasala. Í aðdraganda laga um sölu fasteigna árið 2015 hafi verið mikil umræða um ákvæðið en í kjölfar yfirgripsmikillar skoðunar hafi stjórnvöld



Mikil samkeppni er á fasteignasölumarkaði og þóknar óviða lægri en hérlendis FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Kjartan Hallgeirsson, formaður Félags fasteignasala

og Alþingi talið að ekki væri æskilegt að hrófla við ákvæðinu. „Í ljósi þeirrar umræðu erum við undrandi yfir þessari u-beygju í stefnu stjórnvalda,“ segir Kjartan.

Vísad er til þess að sambærileg skilyrði um eignarhald þekktist ekki

á fasteignasölum í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Að mati Kjartans er þróunin í þessum löndum á undanförunum árum víti til að varast.

„Þróunin í þessum löndum hefur verið sú að fasteignasölur eru nú að stórum hluta í eigu fjármálastofnana. Það hefur leitt til fákæppni á þessum markaði og einnig er mikil hætta á margs konar hagsmunarárekstrum í bankastarfseminni og fasteignasölurekstrinum, til dæmis þegar bankinn fjármagnar eða fjárfestir í fasteignaverkefnum,“ segir Kjartan.

Hann telur því að tilgangur lagafrumvarpsins um aukna samkeppni haldi ekki vatni. Fáar starfsstéttir búi við viðlíka samkeppni og fasteignasalar enda eru hér á landi starfræktar um 120 fasteignasölur og um 550 einstaklingar séu með réttindi til sölu fasteigna. Afleiðing af því sé sú að þóknarir hérlendis eru lægri en í nágrannalöndunum.

„Okkar mat er því að þetta frumvarp sé vanráðið og að hér sé verið að leysa vandamál sem er ekki til staðar,“ segir Kjartan. bjornth@frettabladid.is

Draga undirskriftalista í efa

AUSTURLAND Fiskeldi Austfjarða hefur brugðist við mótmælum heimastjórnar Seyðisfjarðar með því að falla frá einni af fjórum fyrirhuguðum staðsetningum fyrir eldiskvíar. Um var að ræða varastaðsetningu við Háubakka.

Berglind Harpa Svavarsdóttir, formaður heimastjórnarinnar, sagðist fagna þessu samráði á vikunni, þegar rætt var um laxeldi í Seyðisfirði. Heimastjórnin mótmælti einni af fjórum fyrirhuguðum staðsetningum kvíanna en hefur ekki sett sig upp á móti fiskeldi almennt í firðinum þrátt fyrir hávær mótmæli íbúa.

Jódís Skúladóttir sveitarstjórnarfulltrúi sagði afstöðu heimastjórnarinnar ekki nógu afgerandi. Um væri að ræða mikið hagsmunamál sem stór hluti kjósenda á Seyðisfirði væri mótfallinn.

Bæði Berglind Harpa og Elvar Snær Kristjánsson drógu í efa gildi undirskriftalistans, sem íbúar



Staðsetningin sem um ræðir er við Háubakka. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGRÚN

Seyðisfjarðar færðu bæjarstjóra í vikunni. Á listanum var 281 undirskrift. Spurði Elvar bæjarstjórnann hvort hann hefði sannreynt öll nöfnin á listanum.

Jódís sagðist ekki skilja hvers vegna verið væri að draga undirskriftalista í efa. „Það kemur skýrt fram í skýrslunni að Háubakkar eru sístir og til vara. Að kasta því fram að hér sé verið að

mæta einhverjum vilja íbúa er alveg galið,“ sagði Jódís. „Þau er ekki að mótmæla kvíum við Háubakka. Þau er að mótmæla fiskeldi á Seyðisfirði.“

Þóra Bergný Guðmundsdóttir, íbúi á Seyðisfirði, segir bæjarbúa líta svo á að aldrei hafi átta að setja niður eldiskví innst í firðinum við Háubakka. „Það er bara taktík að nota þetta sem skiptimynt.“ – ilk, bjd

Þekkirðu lyfin þín?

Fáðu faglega aðstoð lyfjafræðings

Komdu eða pantaðu tíma í síma
517 5500 eða sendu póst á
lyfsalinn@lyfsalinn.is



LYFSALINN
og þér líður betur

GLÆSIBÆ / OPIÐ 08:30-18:00 mán.- fös.
Sími 517 5500 / lyfsalinn@lyfsalinn.is

VESTURLANDSVEGI / OPIÐ 10:00-22:00 alla daga
Sími 516 5500 / vesturlandsvegur@lyfsalinn.is

URÐARHVARFI / OPIÐ 08:30-18:00 mán.- fös.
Sími 516 5505 / urdarhvarf@lyfsalinn.is

26 heppnir spilarar fá
milljón
í jólagjöf



26 heppnir spilarar vinna heila milljón 26. desember
Allir áskrifendur og þeir spilarar sem kaupa 10 raðir eða meira í Lottó,
Vikinglotto eða Eurojackpot eru með í leiknum. Áskrifendur fara meira
að segja í pottinn í hverri viku þangað til við drögum!

Nánar á lotto.is

**EURO
JACKPOT**

**viking
lotto**



Faraldurinn á góðri niðurleið

COVID-19 í gær tóku gildi breytingar í sóttvarnareglum sem fela meðal annars í sér að heimilt var að opna sundlaugar á ný eftir tveggja mánaða lokun. Þá mega veitingastaðir hafa opið til klukkan 22 og leyfilegt er að taka á móti fimmtán manns í hverju rými. Enn er í gildi tíu manna samkomubann, tveggja metra fjarlægðartakmörk og grímuskylda.

» Enn er í gildi tíu manna samkomubann

Í gær voru 183 einstaklingar í einangrun með COVID-19 hér á landi og 249 manns voru í sóttkví. Sólarhringinn á undan greindust fjórir einstaklingar með sjúkdóminn, þrír þeirra voru í sóttkví við greiningu. 32 einstaklingar voru innliggjandi á sjúkrahúsi með COVID-19 í gær og fækkaði þeim um einn milli daga. Þrír voru á gjörgæsludeild, allir í öndunarvél.

Frá því að sjúkdómurinn var fyrst greindur hér á landi í lok febrúar hafa hér á landi verið staðfest 5.524 tilfelli. Yfir 45 þúsund hafa lokið sóttkví og tæplega 223 þúsund sýni hafa verið tekin. 311 einstaklingar hafa verið lagðir inn á sjúkrahús, þar af 51 á gjörgæslu.

Þær breytingar á sóttvarnareglum sem tóku gildi í gær gilda til 12. janúar en á upplýsingafundi almanna varna í gær sagði Þóroldur Guðnason sóttvarnalæknir að mögulega yrði reglugerðin endurskoðuð á tímabilinu. Þá sagði hann faraldurinn vera á góðri niðurleið.

– bj

Forstjóri Arnarlax óánægður með brennu á geymslusvæði

Mikinn svartan reyk lagði frá báli á geymslusvæði Arnarlax utan við Bildudal nýverið. Forstjórinn segir starfsmenn Arnarlax ekki hafa komið þar nærri. Hann viti hverjir hafi verið að verki en vilji ekki upplýsa það í fjölmiðlum. Heilbrigðisfulltrúi segir talið að um hafi verið að ræða veiðarfæri frá rækjuútgerð.

UMHVERFISMÁL. „Ég hef upplýsingar um hver gerði þetta en vil ekki dreifa þeim til fjölmiðla,“ segir Björn Hembre, forstjóri Arnarlax, um mikinn eld á geymslusvæði félagsins í Auða-Hrísdal, skammt utan við Bildudal þar sem laxeldisfyrirtækið hefur starfsstöð.

Arnarlax geymir ýmsan búnað á leigulöð í Auða-Hrísdal. Svæðið blasir við þegar ekið er úr Bildudal út í náttúruperluna Hvestudal og Selárdal þar sem safn og kirkja listamannsins Samúels Jónssonar eru.

Mánudaginn 23. nóvember varð vegfarandi var við gríðarmikinn og kolsvartan reyk lagði af báli á geymslusvæðinu og tók myndina sem fylgir hér með fréttinni. Virðist sem meðal annars hafi verið kveikt í vörubrettum.

„Málið tengist ekki Arnarlaxi sem voru mjög óhressir með að einhver færi með úrgang á geymslusvæði sem þeir nota. Talið er að þarna hafi rækjuútgerð brennt veiðarfærum, meira veit ég ekki,“ segir Anton Helgason, heilbrigðisfulltrúi Vestfjarða, við Fréttablaðið.

Að sögn Antons er veiðarfæraúrgangur vandamál því hann tilheyrir flokki sem ekki fari gegnum



Rækjuútgerð er talin hafa brennt veiðarfæri í Auða-Hrísdal. MYND/ADSEND

Úrvinnslusjóð. Samtök útgerðarmanna séu með eigin endurvinnslu.

Forstjóri Arnarlax staðfestir að starfsmenn fyrirtækisins hafi ekki komið að því að brenna það sem kveikt var í á geymslusvæðinu.

„Þetta var ekki gert af starfsmönnum Arnarlax og það var

ekki búnaður frá Arnarlaxi sem var brenndur,“ segir Björn Hembre. „Við leigjum þetta svæði og getum ekki stutt slíkt athæfi. Svo ég er ekki ánægður,“ bætir hann við.

Bál af þessu tagi er bannað að kveikja segir Anton. Hann kveðst ekki vita til þess að áður hafi

Við leigjum þetta svæði og getum ekki stutt slíkt athæfi.

Björn Hembre, forstjóri Arnarlax



úrgangur eða annað verið brennt á þessum stað. „Ég gekk um þetta svæði í sumar og hefði tekið eftir því ef þarna væru reglulegar brennur,“ segir hann.

Áður nefndur vegfarandi, sem ekki vill láta nafns síns getið, segir umrætt svæði vera mörgum heimamönnum þyrnir í augum, því það sé eins og hálfgerður ruslahaugur.

Anton segir að á svæðinu í Auða-Hrísdal sé fyrst og fremst að finna búnað í geymslu. Engar kvartanir hafa borist heilbrigðiseftirlitinu vegna svæðisins. „Það hefur enginn haft orð á þessu við okkur.“

gar@frettabladid.is

**PR
VERK**



GETUM BÆTT VIÐ OKKUR VERKEFNUM!

- Parketlagn
- Uppsetning á innréttingum
- Ísetning á hurðum og gluggum ásamt allri almennri smíðavinnu

Gerum tilboð, þér að kostnaðarlausu.

Ívar Guðmundsson – sími: 769 1049

Steve Roberts – sími: 772 2612 – steve@prverk.is



Ríkasta 0,1 prósentíð bætti við sig eignum upp á 22 milljarða á milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Segir eignaójöfnuðinn meira vandamál

VIÐSKIPTI. „Stöndum við ekki andspænis þeirri spurningu að lýðræðinu á Íslandi standi ógn af auðræðinu?“ segir Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar en hann fékk svör við spurningum sínum um ríka Íslendinga eins og Fréttablaðið fjallaði um í gær.

Þar kom fram að ríkustu fimm prósent íslenskra framteljenda áttu rúm 40 prósent alls fjár sem talið var fram til skatts á Íslandi í fyrra. Þau sem tilheyra ríkasta einu prósentu landsmanna áttu samtals 865 milljarða en það stappar nálægt heilum fjárlögum íslenska ríkisins og þeir sem tilheyra 0,1 prósentu ríkustu Íslendingana juku eign sína um 22 milljarða.

Logi hefur lagt þessa fyrirspurn áður fram á Alþingi og segir að það sé gert til að fylgjast með þróun mála enda sýni svarið það sem hinn svokallaði Gini-stuðull sýni ekki. „Okkur er tamt að einblína á Gini-stuðulinn, sem mælir tekjuójöfnuð. Hann er í sjálflu sér með því betra sem þekkist í heiminum en það er eignaójöfnuðurinn sem er kannski meira vandamál og þetta dulda sem

Bara á síðasta ári jók 0,1 prósent ríkustu einstaklinganna eign sína um 22 milljarða.

Logi Einarsson



ég er að skoða.“ Hann segir að það sé mikilvægt að fylgjast með hvernig allir þessir fjármunir færast á milli því hættan sé sú að auðurinn færast á sífellt færri hendur. „Bara á síðasta ári jók 0,1 prósent ríkustu einstaklinganna eign sína um 22 milljarða,“ bendir Logi á.

Hann segir enn fremur að sama dag og svarið barst honum hafi ríkisstjórnin lagt fram tillögur um skattalækkanir sem eigi að koma þeim ofurríku til góða. „Það er búið að lækka bankaskattinn, það er verið lækka erfðafjárskattinn, það er verið að lækka fjármagnstekju-

skattinn, við þekkjum söguna um veiðigjöldin og nú er verið að leggja fram í efnahags- og skattanefnd tillögur sem mylja undir þennan hóp.“

Af svariinu sem tekur til tekna Íslendinga frá árinu 1998, samkvæmt framlögðum skattframtölum, má sjá að efnamestu Íslendingarnir hafa aukið auðlegð sína umtalsvert á síðustu tveimur áratugum en í svariinu kemur fram að eigið fé þeirra sem mest eiga hefur aukist hlutfallslega í samanburði við eignir allra landsmanna á þeim tíma.

„Fimm prósent ríkra Íslendinga eiga 40 prósent af hreinni eign í landinu. Auðvitað sjáum við og vitum að það eru til risar sem hafa fengið að nýta sameiginlega eign þjóðarinnar fyrir litla peninga og í skjóli þess hafa þeir ekki aðeins safnað ofboðslegum auð heldur eru þeir nú farnir að hasla sér völl í öllu mögulegu hvort sem það er dagvörumarkaður, dreifing, dagblöð, tryggingar eða orkuvinnsla. Þetta er bara hreinlega hættulegt og samfélaginu stafar hætta af þessu,“ segir Logi. benediktboas@frettabladid.is

Gefðu barninu Gosa um jólin



Hafðu samband í síma 568 8000 eða pantaðu gjafakort á borgarleikhus.is



PENNINN

Eymundsson

TAX
FREE

11.12 - 15.12

FELNUM NIÐUR JAFNGILDI VIRÐISAUKASKATTS AF

ÖLLUM*
VÖRUM!

*GILDIR EKKI AF HÚSGÖGNUM

FRÍ HEIMSENDING*

EF PANTAÐ ER FYRIR 5.000 KR.
EÐA MEIRA Á VEFNUM OKKAR.



Þú færð SMS og símtal áður en við mætum.
Við gætum fyllsta hreinlætis og fylgjum ráðleggingum
um sóttvarnir í öllum okkar afhendingum.

*á ekki við um húsgögn.

AUK ANNARA GÓÐRA TILBOÐA!



30%
AFSLÁTTUR

Basic Art serían
TILBOÐSVERÐ: 1.889.- (stk.)
Verð áður: 2.699.- (stk.)



30%
AFSLÁTTUR

Humpty's Wall Game
TILBOÐSVERÐ: 2.239.-
Verð áður: 3.199.-



30%
AFSLÁTTUR

Snerting
TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-



25%
AFSLÁTTUR

Plötuspilari með bluetooth
TILBOÐSVERÐ: 24.374.-
Verð áður: 32.499.-

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 11% virðisaukaskatt af sölu bóka, tímarita og tónlistar & 24% af öðrum vörum.
Öll verðlækkun (9,91% & 19,35%) er alfarið á kostnað Pennans.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Tax Free gildir til og með 15. september og gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir ekki af húsgögnum. 5% vildarafsláttur bætist ekki ofan á önnur tilboð.



Slökkviliðsmenn hafa þegar í nógu að snúast. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Vilja losna við aukaverkefni

STJÓRNSÝSLA Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur óskað eftir því að hækka verðskrá sína um rúmlega þrettán prósent. Var þetta ákveðið á stjórnarfundum í nóvember en stjórnir allra aðildarsveitarfélaga þurfa að samþykkja skrána.

Tvær ástæður eru fyrir hækkuninni. Annars vegar til þess að mæta áhrifum launahækkana á þessu ári og því næsta. Hins vegar er þetta gert til þess að gera Slökkviliðið að minna aðladandi kosti til að sinna ölögbundnum verkefnum.

Samkvæmt hinu nýju verðskrá kostar grunneining lögbundinnar þjónustu 16.830 krónur. Undir það falla meðal annars öryggisvaktir, lokanir mannvirkja og lokaúttektir.

» Til stendur að hækka verðskrána um rúmlega 13 prósent.

Ölögbundin þjónusta myndi kosta 22.721 krónu. Undir það hefur fallið meðal annars verðmætabjörgun vegna vatnsleka, tækjaleigu, fylgd sprengrifnaflutninga og viðbúnaður vegna mengunaróhappa.

„Mikilvægt þykir að gjaldtakan sé þess eðlis að hún hvetji heldur til þess að leitað sé til aðila á hinum almenna markaði eftir þessari þjónustu, sé þess kostur, þar sem slökkviliðið eigi aldrei að vera eftirsóknarverður valkostur til að sinna ölögbundnum verkefnum sem aðrir geti hugsanlega sinnt,“ segir Jón Viðar Matthiasson slökkviliðsstjóri í bréfi til sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. – klg



Landspítalinn notar nú þegar DRG-kerfið í starfsemi sinni. Nú er unnið að samningi við Sjúkratryggingar til lengri tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tapa á að gera fleiri aðgerðir

Hagfræðingur segir að með innleiðingu nýs fjármögnunarkerfis muni opinberar heilbrigðisstofnanir sitja við sama borð og einkaaðilar. Muni það ekki koma á óvart að afköst spítala aukist umtalsvert.

HEILBRIGÐISMÁL Landspítala er ekkert að vanbúnaði að taka í notkun DRG-fjármögnunarkerfi á þessu ári ef það tekst að ná samningi við Sjúkratryggingar Íslands. Samkvæmt áætlun heilbrigðisráðuneytisins munu Landspítalinn og Sjúkrahúsið á Akureyri taka kerfið að fullu í notkun í byrjun árs 2022, ári síðar verði það komið til framkvæmda á öðrum heilbrigðisstofnunum, þar á meðal einkareknum. Árið 2030 verði allt heilbrigðis-kerfið búið að taka kerfið í notkun.

Fram kemur í svari Landspítala við fyrirspurn Fréttablaðsins að stefnt sé að því að gera samning til lengri tíma. Leysa þurfi þó fjölmörg atriði, þar á meðal hvernig fjárhagslegum samskiptum verður háttað.

Bolli Héðinsson hagfræðingur segir það óréttlátt og óhagkvæmt að opinberar heilbrigðisstofnanir

sitji ekki við sama borð og einkareknar heilbrigðisstofnanir. Spítalar séu á föstum fjárlögum á meðan einkareknar stöðvar fái greitt eftir afköstum.

„Opinberu spítalarnir þurfa að fá að búa við sama kerfi og einkageirinn, annað er ekki sanngjarnt. Þeir eiga ekki að þurfa að búa við það að vera á föstum fjárlögum. Ef það er mikið að gera hjá þeim þá fá þeir ekki meiri pening,“ segir Bolli. Telur hann þetta jákvæðar breytingar í átt frá stofnanamiðuðu kerfi í átt að einstaklingsmiðuðu kerfi þar sem fjármagn fylgi einstaklingnum og heilbrigðisstofnanir hafi hag af umönnun sjúklinga. Skipti þá ekki höfuðmáli hvort notast sé við DRG eða annað kerfi til að reikna út kostnað við hvert viðvik.

„Það er mjög mikilvægt upp á hagkvæmni að hægt sé að fletta

» Í dag tapar spítalinn á því að gera fleiri aðgerðir. Með svona kerfi skapast hvati til að breyta skipulaginu, það kæmi ekki á óvart þó að afköstin myndu aukast umtalsvert.

Bolli Héðinsson hagfræðingur



upp hvað hvert viðvik kostar, allt frá umbúðum til launakostnaðar,“ segir Bolli. „Þarna breytist staða heilbrigðisstofnana gagnvart fjárveitingarvaldinu. Þá er hægt að leggja fram hvað er gert og hvað

það kostar. Það er allt önnur staða en að fá eina upphæð fyrir árið og vera síðan sagt að gera sitt besta.“

Það að borgað sé eftir afköstum þýðir þó ekki að skrúfað sé frá krana þar sem engar hömlur eru á hversu mikið ríkissjóður greiðir til heilbrigðismála. Segir Bolli að Alþingi muni áfram fara með fjárveitingarvaldið, greitt sé til Sjúkratrygginga sem greiði svo heilbrigðisstofnunum eftir afköstum.

Slíkt kerfi þar sem greitt er eftir afköstum og eftir því hvar lægsta verðið er að fá þarf ekki að þýða að skurdaaðgerðir færast í meira mæli til einkarekinna aðila. „Í dag tapar spítalinn á því að gera fleiri aðgerðir. Með svona kerfi skapast hvati til að breyta skipulaginu, það kæmi ekki á óvart þó að afköstin myndu aukast umtalsvert.“

arib@frettabladid.is

ÖRUGG JÓL

Jólin eru hátíð ljósa og gleði. Fagnaðu á öruggan og áhyggjulausan hátt með okkur.

Þú færð brunavarnapakka í nýrri vefverslun okkar www.securitas.is/jolin

SECURITAS



Sviðið kannað fyrir Jólagesti Björgvins árið 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nota má ferðagjöf til að kaupa miða á jólatónleika

SKEMMTUN „Það hefur verið sviðitið um það þótt það sé engin holskefla,“ segir Hildur Sif Jónsdóttir, framkvæmdastjóri miðasöluvarnartex, aðspurð hvort mikið sé um að fólk nýti ferðagjöf stjórnvalda til að kaupa aðgang að jólatónleikum.

Um síðustu mánaðamót höfðu um 150 þúsund manns ekki nýtt fimm þúsund króna ferðagjöfina.

Hægt er flytja gjöfina yfir á aðra og gefa sem jólagjöf. Nota má hana til að kaupa ýmsa afþreyingu, til dæmis aðgang að tónleikum sem nú eru margir í boði.

Hildur segir að frá því í júní hafi Tix í samstarfi við Ferðamálastofu getað tekið við ferðagjöfinni við kaup á aðgangi að viðburðum innlendra listamanna. Það sé hugsað sem stuðningur við íslenskt menn-

ingarlíf. Tix hafi ekki vakið sérstaklega athygli á þessari aðferð við miðakaup fyrir utan tölvupóst til viðskiptavina í sumar. Það geti því verið að einhverjir hafi ekki áttá sig á þessum möguleika. „Fólk sér það strax ef það er að kaupa sér miða að hægt er að nota ferðagjöfina sem greiðslu,“ segir hún.

Margir tónleikar eru í boði á adventunni í streymi í gegn um vefinn og sjónvarpsveitur. Hildur segir aðsóknina framfarvönunum.

„Jólagestir Björgvins eru langstærstir,“ segir Hildur. „Sigga Beinteins var með streymi og svo er náttúrulega Bubbi með Þorláksmessutónleikana sem komnir eru í sölu og einhverjir minni líka. „Fólk tekur þessu mjög vel enda er verðið sanngjarnt.“ – gar

Gefðu gjöf frá frægustu hönnuðum heims



Epal / Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is



by *Lassen.*
COPENHAGEN

MUUTO

normann
COPENHAGEN



HAY

FREDERIK
BAGGER *dk*


ROYAL COPENHAGEN
FOREVER TO HER MAJESTY THE QUEEN OF DENMARK



Aserar fagna sigri eftir friðarsamningana í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Stríðsglæpirnir á báða bóga

EVROPA Mannréttindavaktin og Amnesty International hafa birt skýrslur þar sem vitni lýsa stríðsglæpum í skammvinnu stríði Armena og Asera um héraðið Nagornó-Karabak. Einnig fylgja 22 myndbandsupptökur. Samkvæmt skýrslunum voru stundaðar pyntingar og afhöfðanir í stríðinu.

Aserar unnu sigur í stríðinu og náðu fjölda þorpa á sitt vald. Fleiri dæmi eru um stríðsglæpi Asera en skýrslurnar sýna hins vegar að glæpirnir voru stundaðir á báða bóga. Meðal annars kemur fram að tveir óbreyttir borgarar frá Armeníu hafi verið afhöfðaðir og aserskur landamæravörður skorinn á háls.

Einnig sýna myndböndin hvernig lík fórnarlambanna voru svívirt. Ekki hefur hins vegar tekist að greina öll fórnarlömbin eða nákvæmlega hvar í héraðinu glæpirnir voru framdir.

„Myndböndin sýna algjört siðleysi og skort á mennsku. Ásetningurinn var að valda fórnarlömbunum ómældum skaða og niðurlægingu í trássi við alþjóðalög,“ sagði Denis Krivosjev forstjóri Austur-Evrópu og Mið-Asíu deildar Amnesty.

Þúsundir létust í stríðinu sem stóð yfir í einn og hálfan mánuð, frá 27. september til 10. nóvember síðastliðins. Samkvæmt vopnahléssamkomulagi munu Rússar sjá um friðargæslu í héraðinu. Mörg stríð og skærur hafa verið háð í Nagornó-Karabak síðan Sovétríkin leystust upp fyrir tæpum 30 árum og sérfræðingar eru ekki vongóðir um að vopnaskakinu sé lokið til framtíðar.

–khg

Aftökuhrina á lokadögum Trumps

BANDARÍKIN Fimm aftökur á vegum bandaríska alríkisins eru skipulagðar á síðasta mánuði Donalds Trump á forsetastóli. Verði af þeim öllum verður Trump sá forseti sem heimilað hefur flestar aftökur í rúma öld.

Meðal þeirra sem taka á af lífi er Brandon Bernard, sem er í dag fjörutíu ára gamall. Hann hefur setið á dauðadeildinni síðan hann tók þátt í ráni og morði á hjónum í Texas árið 1999, þá átján ára gamall. Annar maður, Christopher Vialva, skaut hjónin til bana í bíl og Bernard kveikti í honum. Til stendur að taka Bernard af lífi í fangelsinu í Terre Haute í Indianaríki og yrði hann þá sá yngsti sem alríkið tekur af lífi í meira en 70 ár.

Fjölmargir hafa beðið Trump um að milda dóminn yfir Bernard, þar á meðal fimm af níu eftirlifandi meðlimum kvíðdómsins sem dæmdu hann. Einnig frægt fólk eins og Kim Kardashian, sem vakið hefur athygli á máli hans á samfélagsmiðlum.

William Barr, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, hefur sagt að alríkisstjórnin sé eingöngu að fylgja lögnum. Gagnrýnendur hafa hins vegar bent á það að meira en aldargömul hefð er fyrir því að framfylgja ekki aftökum á stjórnarskiptatímabili eins og nú er. –khg

Rýma byggingu í Hong Kong vegna COVID-19



Íbúar sjást yfirgefa þéttbyggða íbúðabyggingu í Hong Kong í gær eftir að þeim var gert að rýma húsið eftir að þar kom upp COVID-19 smit. Öllum íbúum var gert að gangast undir COVID-19 skimun og segja yfirvöld í Hong Kong að fundist hafi hönnunargalli við frænnislaginn í húsinu sem leitt hafi til smits hjá íbúum á mörgum hæðum hússins. Alls höfðu í gær verið staðfest 7.292 tilfelli í Hong Kong og 114 dauðsföll. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Rætt um tímabundnar lausnir

Bretar og Evrópusambandið ræða nú um framlengingu fiskveiðiréttinda til eins árs. Samninganefndir funda í Brussel yfir helgina en útlit er fyrir að Bretland gangi sammingslaust úr sambandinu um áramót.

BREXIT Breska ríkisstjórnin og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eru nú í óðaönn að undirbúa þann möguleika að viðskiptasamningur náist ekki í þessum mánuði. Aðlögunartímabilinu lýkur um áramót og tilraunir Boris Johnson til að þvinga fram samning hafa enn engu skilað.

Hingað til hafa Bretar hafnað því að framlengja aðlögunartímabilið vegna þrýstings frá útgöngusinnnum. Nú eru hins vegar farnar í gang viðræður um að framlengja hluta þess til eins árs í viðbót. Þar á meðal fiskveiðarnar sem hafa verið einn helsti ásteytingarsteinninn í viðræðunum.

„Við áttum gott samtal en þetta er erfitt,“ sagði Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar ESB, við BBC eftir að hafa rætt við Johnson. Hann og samninganefndin eru nú í Brussel og verða yfir helgina. Dominic Raab, utanríkisráðherra Bretlands, sagði að viðræðurnar myndu klárast um helgina, hvort sem samningur næðist eða ekki.

Í yfirlýsingu sem Evrópusambandið gaf úr í gær var sagt að helstu samgönguleiðir yrðu tryggðar til sex mánaða, svo sem leyfi fyrir flugvélar og ferjur. Þó má búast við því að hægist á öllum farþega- og vöruflytningum vegna herts eftirlits og tolla. Þá voru einstök ríki Evrópusambandsins hvött til að gera ekki tvihlíða samninga við Breta. Það myndi grafa undan sammingsstöðu ESB og ögna innri markaði sambandsins.

Von der Leyen ítrekaði að þó að samningar myndu nást um helgina gæti farið svo að Bretar færu sammingslausir út úr sambandinu um áramót. Þing allra Evrópusambandslandanna þyrftu að samþykka og staðfesta samninginn.

Ekkert launungarmál er að



Johnson og Von der Leyen funduðu í Brussel. Líkur á samningi minnka með hverjum deginum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Frakkar hafa þrýst á harðari afstöðu gagnvart Bretlandi í viðræðunum, og krafa ESB um aðgang að bresku hafsvæði er sögð runnin undan rifjum Emmanuel Macron Frakklandsforseta.

Frakkar eru þó ekki einir um að vilja verja innri markaðinn og sníða Bretum þróngan stakk vilji þeir áfram hafa aðgang að honum. Á miðvikudag funduðu Evrópusendiherrar Frakklands, Spánnar, Ítalíu, Hollands, Belgíu, Írlands og Danmerkur með Michel Barnier, samningamanni ESB, og hvöttu hann til að sýna Bretum ekki líkind í viðræðunum.

Sættist Boris Johnson á að framlengja fiskveiðiréttindi ESB verða

Við áttum gott samtal en þetta er erfitt.

Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar ESB

mjög þung skref fyrir hann aftur heim til Lundúna. Óvíst er að þingmenn Íhaldsflokksins myndu samþykka slíkt samkomulag, enda væru það talin svik við hörðustu útgöngusinnana. Nigel Farage, formaður Brexitflokksins, sagði tilbúið „mikla móðgun“ við Breta.

Þó að samkomulag um fiskveiðar yrði pólitískt högg fyrir ríkisstjórn

Johnson gæti svo farið að það yrði samþykkt í ljósi hins efnahagslega veruleika. Aðgangur að innri markaðinum skiptir atvinnulíf Bretlands langtum meira máli en fiskveiðar.

Bretar búast við því að vöruverð í búðum hækki töluvert um áramót náist ekki samningar í ljósi þess hversu stór hluti varnings er keyptur frá löndum Evrópusambandsins. Á miðvikudag sagði John Allan, stjórnarformaður verslunarkeðjunnar Tesco, að matarkarfan myndi hækka um fimm prósent og sumar vörur um allt að 40 prósent. Raab fullvissaði Breta hins vegar um að matarhillurnar myndu ekki tæmast.

kristinnhaukur@frettabladid.is

GÓÐGERÐARPIZZAN 2020

2L
COKE FYLGIR

HEMÁL

O

Ö

PEPPERONI
GRÆN PAPRIKA
RAUÐLAUKUR
SVARTAR ÓLÍFUR
SALATOSTUR
GRÆNT PESTÓ
LÉTTÞURRKAÐIR TÓMATAR

ÁÐEINS Á MATSEÐLI 7.–11. DESEMBER

„Í ár sæki ég innblástur alla leið til Grikklands og set grænt pestó, svartar ólífur, salatost og léttþurrkaða tómatu á Góðgerðarpizzuna. Græn paprika, rauðlaukur og pepperoni bætast svo við sem eru sívinsælar áleggstegundir og gera allar pizzur betri. Njótið vel!“

Hrefna Sætran

Lítill: 2.040 kr. Mið: 3.340 kr.
Stór: 3.880 kr. Þönnu: 3.880 kr.



ÖLL SALAN RENNUR ÓSKIPT TIL PÍETA SAMTAKANNA

Píeta samtökin sinna forvarnarstarfi gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða fyrir 18 ára og eldri ásamt því að veita aðstandendum stuðning. Meðferð samtakanna mótast af samúð og virðingu og er rík áhersla lögð á lausnir og uppbyggingu.

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP | 58 12345



Skuldadagar



Hörður Ágísson
hordur@frettabladid.is

Þær ofsafengnu sóttvarnaaðgerðir sem gripið var til vegna faraldursins verða greiddar dýrum dómum af skattgreiðendum næstu árin. Fjárukalagafrumvarp ríkisstjórnarinnar ásamt fjárhagsáætlunum stærstu sveitarfélögunna undirstrika þennan veruleika. Samkvæmt tillögum meirihlutans að fjárukalögum verður hallareksturinn 2021 mun meiri en áður var áætlað – hækkunin er um 55 milljarðar – og nema um 320 milljörðum, eða yfir tíu prósentum af landsframléiðslu. Sveitarfélögin, sem standa fjárhagslega missterkt, munu sömuleiðis þurfa að skuldetja sig mikið og Reykjavíkurborg boðar hreinar nýjar lántökur upp á meira en 70 milljarða næstu þrjú árin til að standa straum af auknum fjárfestingum. Erfitt er að sjá að reksturinn geti staðið undir þeim áformum miðað við vaxtakjörin sem borginni bjóðast nú á markaði.

Stóra spurningin sem hið opinbera – ríkið og sveitarfélögin – stendur frammi fyrir er hvernig eigi að fjármagna alla þessa skuldasöfnun á sem bestum kjörum. Ríkissjóður mun án ef sækja sér umtalsvert ódýrt lánsfé á erlendum mörkuðum, Seðlabankinn hefur boðað kaup á ríkisskuldabréfum fyrir allt að 150 milljarða og þá hljóta lífeyrissjóðirnir, sem langsamlega stærstu innlendu fjárfestarnir, að koma að þeirri fjármögnun með myndarlegum hætti. Staðan núna lýsir sér hins vegar sumpart í pattstöðu þar sem flestir þessir leikendur kjósa aðgerðaleyfi á meðan stóra myndin liggur ekki fyrir. Afleiðingin er óvissa um hvernig staðið verði undir lánsfjárbörfinni með tilheyrandi hækkun langtíma-vaxta á markaði. Við svo búið má ekki mikið lengur standa.

Sveitarfélögin, með Reykjavíkurborg í forystu, hafa biðlað til ríkissjóðs og Seðlabankans um beinan fjárfstuðning og niðurgreiðslu vaxta. Ólíklegt er að bankinn verði við þeirri ósk en seðlabankastjóri hefur verið skýr um að sú peningarentun sem hann hefur boðað muni miða að kaupum á skuldabréfum ríkissjóðs. Það er skiljanlegt en ríkið er nú þegar að styðja sveitarfélögin fyrir háar fjárhæðir með auknum útgjöldum vegna atvinnuleysisbóta og hlutabótleiðarinnar. Í stað þess að sveitarfélögin, einkum Reykjavíkurborg, boði stórfelldar fjárfestingar, sem kunna að vera góðra gjalda verðar við aðrar aðstæður en munu margar hverjar ólíklega skila arði síðar til að greiða þær til baka, þá þurfa þau að gæta að því að skuldetja sig ekki um of – að öðrum kosti munu þær aðeins framkalla hærri álögur á almenning og fyrirtæki.

Það varð okkur til happs að vera með skuldalíttinn ríkissjóð og sterka erlenda stöðu þjóðarbúsins þegar faraldurinn skall á. Það hefur gefið okkur færi á því að beita hagstjórnartækjunum, fjármálum hins opinbera og vöxtum Seðlabankans, af meiri krafti en áður án þess að þurfa að óttast mjög áhrifin á gengið og verðbólguna. Við skulum samt ekki blekkja okkur. Þessi gríðarlega skuldaaukning – meira en þúsund milljarðar í tilfelli ríkisins fram til ársins 2025 – er grafalvarleg og miklu skiptir að raunvextir haldist lágir eigi ríkissjóður og sveitarfélög að geta staðið undir vaxtakostnaðinum sem af henni hlýst. Takist það ekki mun koma að skuldadögnum í formi hærri skatta og minni hagvaxtar.



Staðan núna lýsir sér í pattstöðu þar sem flestir leikendur kjósa aðgerðaleyfi á meðan stóra myndin liggur ekki fyrir.

Halldór



Frá degi til dags

Gagnaleki
Samskiptaforritið Messenger á Facebook stöðvaðist í gær. Enginn vissi hvað makinn vildi fá í matinn eða hvort einhvern langaði í sund. Notast þurfti við frumstæðari samskiptamáta á borð við bréfdúfur, reymerki, flöskuskeyti og SMS. Fór þá einhverja að gruna að gagnaleki væri á næsta leiti og einhverjir skuggabaldrar hefðu afritað allt baktal um vinnufélaga, súra brandara og trúnaðarupplýsingar sem gætu leynst í skilaboðum. Zuckberg hefur til þessa haldið kjafti um allan sorann sem fólk þorir ekki að segja upphátt. Ef gagnaleki er staðreynd þá yrði það mátulegur endir á þessu furðulega ári að almannatenglar og krisustjórar stæðu uppi sem fullkomnir sigurvegarar.

Stroganoff-pakki
Vegna Messenger-vandamála vissi enginn af boðinu á fund Villa Naglbíts og ráðamanna þjóðarinnar um matvælastefnu Íslands til ársins 2030. Voru þar kynnt markmið og aðgerðaáætlun sem allir eiga að fylgja. Kemur engum á óvart að matseðill ríkisins er óbreyttur frá því í vor. Er þar að finna 250 grömm af haframjöli, 480 grömm niðursóðid grænmeti, hálfan pakka af smjörva, kvartkíló af linsubaunum og einn fjórða af stroganoff-pakka.

Tímamót í baráttunni



Katrín Jakobsdóttir
forsætisráðherra

Í vikunni hófust bólusetningar við COVID-19 í Bretlandi og ljóst er að bólusetning Íslendinga mun hefjast snemma á nýju ári. Þá var einnig birt niðurstaða skoðanakönnunar Maskínu sem sýnir að 92 prósent landsmanna ætla í bólusetningu, sem er gríðarlega mikilvægt vegna þess að því fleiri sem láta bólusetja sig því betur og hraðar verðum við varin fyrir veirunni.

Eðlilega eru þessi tíðindi öllum ofarlega í huga hér á landi sem annars staðar en tilkoma þess mun gerbreyta vígstöðu okkar gagnvart þessum vagesti sem hefur nú herjað á okkur frá því í lok febrúar á þessu ári. Strax þegar faraldurinn skall á var ráðist í að tryggja aðgang Íslands að bóluefni þegar það yrði tilbúið og hefur sá undirbúningur verið í nánu samstarfi við Evrópusambandið þar sem tryggt er að Íslandi og öðrum EFTA-ríkjum sé tryggður sami aðgangur að bóluefnum og ríkjum Evrópusambandsins. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur þegar gert samninga við sex lyfjaframleiðendur, þar með talda AstraZeneca, Pfizer og Moderna.

Þetta eru tímamót í baráttunni gegn veirunni og við getum óhikað litið með bjartsýni til nýs árs. Samfélagið okkar mun þá byrja að færast smátt og smátt í eðlilegt horf. Við getum farið að njóta samvista óhindrað og efnahagslífið getur spyrnt kröftuglega við fótum og atvinnuleysi byrjað að ganga niður. Aðgerðir stjórnvalda munu skipta þar höfuðmáli enda hefur áhersla ríkisstjórnarinnar verið að verja afkomu almennings og styðja við atvinnulífið þannig að við byggjum upp fjölbreyttari stoðir fyrir efnahags- og atvinnulíf Íslendinga, meðal annars með auknum fjárfestingum í rannsóknunum, nýsköpun og skapandi greinum. Um leið munum við vinna að því að atvinnulífið sem kemur út úr kreppunni verði grænna og loftslagsvænna, meðal annars með ívilnunum fyrir grænar fjárfestingar og aukna opinbera fjárfestingu í marghátuðum loftslagsverkefnum.

Nú þurfum við klára þessa vegferð. Við þurfum öll að leggja okkur öll fram til að tryggja að smit verði áfram í lágmarki þar til okkur hefur tekist að verja samfélagið með bólusetningum. Gætum vel að okkur á adventunni og yfir jölin og höldum áfram að forgangsraða lífi og heilsu. Við munum klára þetta saman.



Nú þurfum við að klára þessa vegferð.

WWW.JOLAGESTIR.IS

Jólagestir Björquins

HEIMA Í STOFU HJÁ ÞÉR!

Í BEINNI FRÁ BORGARLEIKHÚSINU LAUGARDAGINN 19. DESEMBER

ÖLL MIÐASALA Á EINUM STAÐ Á TIX.IS

Arion banki, Vodafone, Coca-Cola, Síminn, TIX IS, Sena

Endasprennturinn

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Allt í lagi þá. Ég er ekki að fara að hitta vini mína í hinu árlega jólahlaðborði að þessu sinni. Stórfjölskyldan mun ekki skera laufabrauð saman eins og hún hefur gert í hundrað ár, plús mínus. Jólabjörsmökkunin uppi í sveit verður ekki haldin núna (uppi í sveit er Kópavogur). Varla verður heldur haldinn að þessu sinni hinn árlegi hittingur á upphafsdögum janúar til að fagna nýju ári með tilheyrandi skralli. Og það verður engin brenna á Ægisíðunni geri ég ráð fyrir.

Sóttvarnareglurnar yfir jólin leggjast vafalítið misjafnlega í fólk. Sumir eru orðnir verulega langeygir eftir félagslegu samneyti án takmarkana. Sumir eru einmana. Sumir finna engan mun. Aðrir eru að klíkkast. Tveir söfnuðir bera sig illa, líkamsræktin og þjóðkirkjan, og maður hefur svo sem skilning á því, og þó. Er það ekki öllu mikilvægara að við reynum núna erjulaust að klára þetta verkefni saman, eins og allir þokkalegir landsliðsþjálfarar myndu orða það, setja undir okkur hausinn, láta reiðina — ef einhver er — efla okkur og sigrast á þessu sjutti? Eitt er jú nefnilega æði ánægjulegt. Eftir holskeflu góðra tíðinda af bóluefnum getum við verið nokkuð viss um að endasprennturinn er hafinn. Þetta kórónuveirutímabil hefur verið furðulegt óvissuhlaup, án fyrirframgefinnar lengdar eða leiðar, en rétt í þessu vorum við sem sagt að hlaupa fram hjá skilti og á því stóð að nú væru aðeins nokkrir kílómetrar eftir að markinu. William Shakespeare er meira að segja kominn á leiðarenda, annar í bólusetningu í Bretlandi, og hversu videigandi er það? Lífið er leikrit eftir nafna hans. Lérungrur er viti sínu fjær fyrir vestan haf, með ys og þys út af engu.

Að vera eða ekki vera. Á endasprenntinum reynir á karakterinn. Er orkan búin? Eru fæturnir orðnir of stíðir til að halda áfram? Er pirringurinn yfirþyrmandi? Allir vita jú að í langhlaupi gildir að koma í mark með vissum glæsileika og þokka. Við viljum ekki vera eins og maðurinn í hálfmarþoninu í Gautaborg um árið sem missti stjórn á hægðum þegar kílómetri var eftir með tilheyrandi óþrifnaði og þó hann hafi lent í þriðja sæti, þá var þetta samt ekki smart. Við viljum koma í mark kúl, róleg, yfirveguð, smá móð, bein í baki, búin að gera okkar besta og ákaflega reiðubúin að takast á við næstu verkefni, eins og maður myndi orða það einlægur og sveittur við íþróttafréttakonuna við marklínuna.

Auðvitað er þetta krefjandi. Þetta er jú hlaup sem við skráðum okkur ekki í af fúsum og frjálsum vilja. Hún hófst bara þessi raun. Hundur át leðurblöku og sleikti í kjölfarið hönd á manni sem strauk henni um andlit sitt, eða eitthvað. Úr því varð veirufaraldur. Einn, tveir og byrja. Allir heim í náttfötin að búa til súrdeigsbrauð. Á þessum tímapunkti, þegar kófið er næstum því yfirstaðið, er ein tilfinning meira allsráðandi en aðrar, finnst mér, í mínu sálar tetri: Ég er vankaður. Á einhvern yfirþyrmandi hátt finnst mér ég þurfa að melta hægt og rólega og spá í þetta ár. Þessi

leðurblaka. Hver var þýðing hennar? Hvað gerðist? Hvað breyttist? Hvernig verður veröldin? Hvert var hlaupið? Gleymdi ég einhvern tímunn að mjúta mig á Zoom?

Ég skil vel bremsuna sem sóttvarnateymið vill hafa á okkur yfir hátiðirnar. Það yrði fátallegur óþarfur að fleiri yrðu veikir, að fleiri létust eða þyrftu að glíma við langvarandi eftirköst út af veirunni núna þegar glittir

í marklínuna. Við viljum ekki að manneskja deyi rétt áður en hún átti að fá bóluefni. Við þurfum að halda þetta út. Ein leið til að halda þetta út er að taka þennan tíma sem eftir er af þessari furðulegu tíð og virkilega njóta hans og læra af honum. Hugsanlega eru það ákveðin forréttindi að fá að ganga í gegnum svona lagað, hversu ómurleg sem upplifunin hefur verið, og finna hliðar á sjálfum sér

og samfélagi sínu sem maður vissi ekki að væru til.

Þannig að: Áður en við sprautum okkur öll og förum í parti, að þá skulum við nota jólin til að staldra við. Getur verið að leðurblöku-maðurinn í efra hafi sent okkur leðurblöku með veiruskilaboð um það, að komandi áratugir í sögu mannkynsins verði að ein-kennast af róttæku endurmati á öllum okkar háttum og hefðum?

Að öðrum kosti kippir náttúran undan okkur tilvistinni. Metnadarfyllri loftslagsmarkmið ríkisstjórnarinnar, kynnt í gær, eru stór skref í rétta átt, en meira þarf til. Í hönd fara ár gjörbreytinga. Tuttugututtugu var æfing. Generalprufa. Öðruvísi jól gætu orðið okkur krefjandi og mikilvæg þjálfun í einmitt þessu: Að fatta hvernig öðruvísi þarf alls ekki að vera slæmt.

HUGSAÐU VEL UM TANNHEILSUNA



FYRIR HREINAR OG
FRÍSKAR TENNUR

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuafnis í tyggigúmmí

Hágæða Franskir ostar í miklu úrvali

Camembert • Brie • Truffluostar • Geitaostar



Hagkaups Papriku & chili sulta
og Sultaður rauðlaukur
Tilvalið á ostana

verð frá **549** kr/stk

verð frá **599** kr/stk



Fumagalli
Ítölsk hráskinka

verð frá **849** kr/pk



Íslands lamb
Grafíð lambafile og taðreykt
lambainnráleri

verð frá **6.499** kr/kg



Það besta
frá Ítalíu

Franchi
Hágæða salami og pylsur
sem trylla bragðlaukana

verð frá **599** kr/stk



Fisherman
Graflax, sósa og blinis



Forréttir frá Matarkompaní
Reykt gæs, grafin gæs og grafin önd



Mosa Hreindýrapate
Góð viðbót á veisluborðið



Dreifum álaginu - minnkum biðraðir

Við hvetjum viðskiptavini að nýta sér langan opnunartíma eftirfarandi Hagkaups verslana:

- Skeifa og Garðabær - opið allan sólarhringinn.
- Spöng, Eiðistorgi og Akureyri - 08:00 til 00:00 alla daga.

Meira sælkera



SALTMINNI
Þarf ekki að
sjóða. Aðeins
90 mínútur
í ofni

Hagkaups Hamborgarhryggur

Sérvalinn af fagmönnum úr gæða hráefni. Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfínanlegur. Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups. Hann er saltminni og þarf því einungis að elda í ofni.



Ferskt
í búðir
17. des

HAGKAUP
SMJÖRSPRAUTAÐ
KALKÚNASKIP

Smjörspautað kalkúnaskip

Í rúman áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörspautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.



HAGKAUP
Hangikjöt
reykt með sérstakri blöndu
af íslensku birki

Hagkaups hangikjötið

Tað og birkireykt fyrsta flokks íslenskt lambakjöt. Í hangikjötið er notað 45% minna salt en notað er við hefðbundna hangikjötsframleiðslu. Engu að síður hefur tekist að framleiða hangikjöt með sama bragði.

HAGKAUP



Stöðvum plastmengun hafsins með alþjóðlegum samningi



Lea Wermelin
umhverfisráð-
herra Danmerkur



Sveinung Rotevatn
umhverfisráð-
herra Noregs



Isabella Lövin
umhverfisráð-
herra Svíþjóðar



Krista Mikkonen
umhverfisráð-
herra Finnlands



Guðmundur Ingi Guðbrandsson
umhverfisráð-
herra Íslands



Jess Svane
umhverfisráð-
herra Grænlands



Helgi Abrahamsen
umhverfisráð-
herra Færeyja

Á hverju ári enda á bilinu 4 – 12 milljónir tonna af plasti í heimshöfunum. Ef við umreiknum það yfir í hálfslitra gosflöskur þá jafngildir það því að um einn milljarður þeirra lendi í sjónum á hverjum degi. Plastmengun í höfum er alvarleg ógn við lífríki jarðar og ef þjóðir heims ætla að takast á við hana er nauðsynlegt að gera það með samhentum átaki.

Hafið er nátengt sjálfsmynd okkar Norðurlandabúa. Það tengir okkur saman og fjöldi fólks á norðurslóðum byggir afkomu sína á auðlindum hafsins. En þessi tenging tekur líka á sig sorglegri myndir. Plastmengun innan landhelgi einnar þjóðar er plast í hafi okkar allra. Rétt eins og Golfstraumurinn flytur

heitan sjó hingað norður eftir, þá eru heimshöfin orðin að færibandi fyrir sjampóbrúsa, grímur, plastpoka og slitin veiðarfæri. Plastinu skolar upp á strendur allt frá Lofoten í norðri til Eldlandsins í suðri eða þá að það safnast í fljótandi ruslahauga á Kyrrahafi eða Atlantshafi. Sumt af því endar í meltingarfærum hvala, sela eða sjávarskjaldbaka eða flýtur á yfirborðinu og freistar sjófugla, sem taka plastið í misgripum fyrir fæðu. Með tímanum leysist plastið upp í örplast, sem kann að lenda í þörmum fiskanna sem við síðan drögum úr sjó.

Þetta er ein af stóru áskorunum 21. aldarinnar á sviði umhverfismála og hún krefst alþjóðlegrar lausnar.

Alþjóðlegur samningur nauðsynlegur

Á Norðurlöndunum höfum við því ákveðið að hafa forystu um að gerður verði alþjóðlegur samningur til þess að sporna gegn plastmengun í hafi. Verkefnið er ekki á færi neinnar einnar þjóðar. Við þurfum öll að taka þátt.

Norðurlöndin hafa um árabil unnið að því að koma plastmengun í hafi á dagskrá alþjóðasamfélagsins. Á síðasta ári samþykkti Norræna ráðherranefndin yfirlýsingu um plastmengun í hafi þar sem skýrt er kveðið á um að lausna þessa vanda krefjast alþjóðlegs samnings.

Það er nefnilega enginn slíkur samningur til í dag. Við eigum alþjóðlega samninga um loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni og efnavörur, en engar alþjóðlegar skuldbindingar eða reglur ná yfir allan lífsferil plastics. Okkur skortir ramma til þess að vinna gegn plastmengun og því þarf að bæta úr.

Árið 2019 sammæltust þjóðir heims um að taka upp strangar reglur um inn- og útflutning á



plastúrgangi. Reglurnar ná hins vegar bara yfir lítinn hluta lífsferils plastics. Skýrslur sem unnar hafa verið fyrir Sameinuðu þjóðirnar hafa sýnt að þrátt fyrir að ráðist hafi verið í ýmis samstarfsverkefni, þá vantar enn mikið upp á. Eins skortir mörg þróunarriki, sem í dag eru illa útsett fyrir plastmengun, verkfæri til þess að takast á við vandann. Til að mynda að geta takmarkað hvaða gerðir af plastvörum eru settar á markað, eða að geta gert kröfur til plastframleiðenda um sjálfbærari framleiðslu.

Unnið að viðtækri samstöðu þjóða

Í lok október kynntum við umhverfisráðherra Norðurlandanna skýrslu um þá þætti sem við teljum nauðsynlegt að setja fram í alþjóðlegum samningi gegn plastmengun í hafi. Yfir 900 manns frá öllum heimshornum voru viðstödd rafræna kynningu skýrslunnar, þar á meðal ráðamenn allt frá Perú til Fíji-eyja.

Það er mikilvægt að sjá slíka samstöðu. Eigi samningurinn að virka sem skyldi þurfa allar þjóðir heims að taka þátt. Skýrslan verður innlegg í umræður um plastúrgang á umhverfisþingum Sameinuðu þjóðanna árin 2021 og 2022. Svo er ekki síður mikilvægt að skýrslan mun leggja grunninn að samningaviðræðum um alþjóðlegan samning, sem vænst er að hefjist á árinu 2022.

Skoða verður allan lífsferil plastics

Það leikur enginn vafi á að plast er á margan hátt einstakur og ómissandi efniviður. Það dregur úr matarsónum og er notað í ýmiss konar vörur, allt frá sólarcellum til augnlinsa.

Gallinn er hins vegar sá að í dag er allt of mikið af plastvörum hannað á þann hátt að það er allt að því ómögulegt að endurvinna þær. Jafnframt er líftími plastics langur en talið er að það geti tekið plastflösku mörg hundruð ár að brotna niður í hafinu. Auk þess eru óumhverfis-

væn og hormónatruflandi efni víða notuð við framleiðslu á plastvörum. Vörum sem geta ekki bara endað í hafinu, heldur líka í höndum barna, ungmenna og fullorðinna, jafnvel í fátækustu ríkjum heims.

Rétt eins og með aðra umhverfisvá er nauðsynlegt nú að ráðast að rót vandans. Það er ekki nóg að hreinsa bara til, það þarf líka að skoða uppsprettur mengunarinnar. Sjálfbærari plastframleiðsla, notkun og losun á plastúrgangi þarf að vera markmiðið á heimsvisu, því plastmengun verður ekki til í heimshöfunum heldur á færiböndum verksmiðja.

Alþjóðleg fyrirtæki kalla eftir samningi

Það er ánægjulegt að sjá að rúmlega 30 framleiðendur, þar á meðal stór alþjóðleg fyrirtæki, hafa skrifað undir ákall um nýjan alþjóðlegan samning gegn plastmengun í hafi. Margir framleiðendur kalla eftir sameiginlegum stöðlum og grænni kröfum. Með því móti geti þeir skipt yfir í sjálfbærari framleiðslu án þess að óttast að verða undir í samkeppni vegna ólíkra skilmála í mismunandi löndum og mörkuðum.

Norðurlöndin í forystuhlutverki

Nýjum alþjóðlegum samningi er ætlað að skapa grundvöll til að stöðva þann gifurlega straum af plasti sem nú á greiða leið beint út í sjó. Hann á að skapa aðstæður svo fleiri lönd sjái sér fært að gera metnaðarfullar áætlanir og ráðstafanir. Hann á líka að leiða heiminn á braut hringrásarhagkerfis, þar sem sælgætisbréf og gosflöskur hringsóla ekki í heimshöfunum, heldur verða hluti af sjálfbærri hringrás frá framleiðslu til endurnýtingar.

Þetta verður ekki auðvelt verk, en Norðurlöndin eru reiðubúin að taka forystu í þessu máli.

Það á að gefa börnum brauð



Alexandra Briem
fulltrúi Pirata
í velferðarráði
og skóla- og
frístundaráði
Reykjavíkurborgar



Fjárhagsvandi foreldra á ekki og skal ekki skerða rétt barna til þjónustu eins og leikskóla, grunnskóla, frístundar eða tómstunda.

En ekki bara á jólnum, og ekki bara brauð. Næringarríkar og reglulegar máltíðir hafa umfangsmikil áhrif á farsælan uppvöxt barna, ásamt ást og umhyggju eins og við þekkjum.

Fjárhagsferðileikar foreldra eiga ekki að bitna á börnum. Raunar er það samþykkt stefna Reykjavíkurborgar. Að þessum róm við öllum okkar árum. Fjárhagsvandi foreldra á ekki og skal ekki skerða rétt barna til þjónustu eins og leikskóla, grunnskóla, frístundar eða tómstunda.

Meirihluti borgarstjórnar er metnaðarfullur þegar kemur að velferðarmálum og það hefur verið að skila sér. Nýlega kom fram í Kjarnanum að Reykjavíkurborg ber höfuð og herðar yfir önnur sveitarfélög þegar kemur að því að veita öflugan félagsþjónustu og niðurgreiddir í raun félagsþjónustu hinna sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Aðgerðaáætlun gegn sárafátækt var nýlega kynnt í velferðarráði og samhliða voru samþykktar uppfærðar reglur um fjárhagsaðstoð. Í þeim er tryggður stuðningur við foreldra á fjárhagsaðstoð vegna leikskóla, frístundar og skólamáltíða. Verklagið er í dag þannig að börnum er ekki vísað úr þjónustu

vegna fjárhagsvanda foreldra. Þau fá að vera í leikskóla, fá áfram skólamáltíðir og fá inn í frístund, þó svo foreldrar þeirra séu í skuld við borgina. Í meirihlutasáttmálanum er kveðið á um að létta skuli róðurinn fyrir barnafjölskyldur með því að setja þak á greiðslu skólamáltíða. Stuðningur á að vera réttindamiðaður. Fólk ætti að upplifa stuðning sem réttindi en ekki betl eða ólmusu.

Nútímavæðing þjónustu og bætt aðgengi að henni er risastórt verkefni hjá borginni og snýst um að fólk á ekki að þurfa að standa í veseini við að sækja sér þjónustu sem það á rétt á, það ferli á að vera skilvirkt og þægilegt. Við viljum ekki að einstaklingnum fallist hendur við að sækja sér nauðsynlega þjónustu. Þannig sköpum við svigrúm til þess að sérfræðingar borgarinnar geti einbeitt sér að þjónustu fremur en gagnavinnslu og þannig nýttist tíminn betur sem getur skipt sköpum fyrir þá sem mestan stuðninginn þurfa.

Baráttan gegn fátækt barna er okkur hjartans mál, en þetta og fleira til er hluti af þeirri baráttu. Baráttunni við að búa til gott og réttlátt samfélag þar sem öllum getur liðið vel.

Framtíðin þarf framlag allra



Kristin Linda Árnadóttir
aðstoðarfor-
stjóri Lands-
virkjunar



Það gildir um orkugeirann eins og aðra hluta atvinnulífsins, að konur sem þar starfa þurfa að vera sýnilegar fyrirmyndir, til að hvetja stúlkur til að feta sömu slóð.

Konur eru helmingur stjórnarmanna í íslenskum orkufyrirtækjum, þær eru tæpur þriðjungur æðstu stjórnenda og rúmur þriðjungur millistjórnenda. Miðað við kynsystur í öðrum löndum standa þær þokkalega að vígi, en það þýðir ekki að nóg sé að gert. Fyrir utan sjálfsagðan helming stjórnarsæta skortir töluvert upp á að íslenskar konur sitji við sama borð og karlar þegar kemur á ákvarðanatöku á þessu mikilvæga sviði.

Eins og við er að búast komast kynsystur okkar á hinum Norðurlöndunum næst okkur í jafnréttinu sem og konur á meginlandi Evrópu, en í öðrum hlutum heimsins eru prósenturnar víða einn tölustafur og virðast ekkert þokast upp á við.

Upplýsingar þessar eru fengnar úr skýrslu sem unnin var fyrir Konur í orkumálum, en félagið er samstarfsvettvangur kvenna sem starfa í eða hafa áhuga á orkumálum á Íslandi. Samstaða okkar og sýnileiki er mikilvæg. Við hjá Landsvirkjun höfum til dæmis lagt okkar af mörkum með stuðningi við Reykjavík Global Forum. Á nýliðinni ráðstefnu leiddu við saman konur úr ýmsum áttum íslenska orkugeirans og mennta-kerfisins.

En þrátt fyrir góðan árangur hér á landi á undanförunum fimm

til tíu árum, sem meðal annars helgast af lögum um jafna kynjaskiptingu í stjórnum fyrirtækja og markvissum aðgerðum fyrirtækjanna sjálfra, er orkugeirinn enn afar karllægur. Það kann ekki góðri lukku að stýra, enda hafa rannsóknir sýnt fram á að þeim fyrirtækjum farnast best sem endurspeglar skýrast samfélag sitt. Rekstur þeirra gengur betur og þau skila meiri hagnaði. Ef ekki er gætt að jafnréttissjónarmiðum standa fyrirtæki einfaldlega höllum fæti í samkeppni.

Það gildir um orkugeirann eins og aðra hluta atvinnulífsins, að konur sem þar starfa þurfa að vera sýnilegar fyrirmyndir, til að hvetja stúlkur til að feta sömu

slóð. Við þurfum líka að gæta þess að stúlkur fái að kynast orkugeiranum í námi sínu, hvort sem það er í verklegu námi sem rafvirkjar, smiðir, múrarar, húsasmiðir eða pípuþingamenn eða í bóklegu námi á borð við verkfræði, eðlisfræði, efnafræði eða líffræði.

19 milljónir nýrra starfa

Við erum á leið inn í afar áhuga-verða og krefjandi tíma orkuskipta. Heimurinn þarf að hætta að brenna olíu, gasi og kolum ef við ætlum að koma í veg fyrir enn meiri skaðlegar loftslagsbreytingar. Áætlað hefur verið, að störfum í fyrirtækjum í heiminum sem vinna græna orku muni fjölga úr 10,3 milljónum starfa árið 2017 í um 29 milljónir starfa árið 2050. Þarna eru ný og fjölbreytt tækifæri fyrir konur til sóknar. Staðan er þegar sú, að konur eru um þriðjungur starfsmanna þeirra fyrirtækja í heiminum sem vinna endurnýjanlega orku, en aðeins 22 prósent starfsmanna í hefðbundinni olíu- og gasvinnslu. Það er ekkert því til fyrirstöðu að konur verði helmingur allra þeirra sem starfa innan græns orkugeira framtíðarinnar. Hæfileikar þeirra eiga að vera hluti af uppbyggingu framtíðar.

Hér á Íslandi búum við að mikilli auðlind í endurnýjanlegum, hreinum orkugjöfum. Við getum og ætlum okkur að vera í fararbroddi í orkuskiptum, rétt eins og við vorum áður fyrr þegar við leiddum heitt vatn og rafmagn í hús okkar. Núna verðum við að stöðva losun frá bílum, skipum og flugvélum. Það er gríðarlegt verkefni og við þurfum öll að leggjast á eitt. Konur til jafns við karla.

Skemmtilegir harðir pakkar



30 daga
áskrift að
Stöð 2
Marapön
fylgir

50 GB
fylgja



Galaxy
Buds Live
fylgja með

Samsung Galaxy S20 FE
Verð **119.990** kr.



30 daga
áskrift að
Stöð 2
Marapön
fylgir

50 GB
fylgja

Apple iPhone 12

Verð frá **159.990** kr.



Apple Watch S6

Verð frá **84.990** kr.



Planet Buddies
Krakkaheyrnartól

Verð frá **3.990** kr.

Nánar á vodafone.is

 **vodafone**



Blikakonur geta farið að æfa saman á ný á næstunni. FRÉTTABLAÐID/VALLI

Rýmka leyfi til æfinga á Íslandi

ÍÞRÓTTIR Samþykkt var í gær að veita undanþágu til að leyfa félögum í næstefstu deild á landsvísu að hefja æfingar á ný ef gætt er að reglum um sóttvarnir á æfingum. Lið í Lengjudeildinni í knattspyrnu, Grill 66-deildinni í körfubolta og 1. deildinni í körfubolta geta því hafið æfingar á ný eftir langa pásu.

Fyrr í vikunni var ákveðið að veita félögum í efstu deild og einstaklingum í afreksíþróttum leyfi til að hefja æfingar á ný. Sú ákvörðun heilbrigðisfyrivalda vakti óánægju enda fjölmörg dæmi á Íslandi þar sem karla- og kvennalið félöganna leika ekki í sömu deild.

HSÍ, KKÍ og KSÍ sóttu því öll um undanþágu til að heimila æfingar í 1. deild en lið í neðri deildum þurfa að bíða lengur eftir að fá heimild til æfinga á ný. – kpt



Sara varð fyrr á þessu ári leikjahæst í sögu landsliðsins. MYND/VALLI

Sara Björk ein af þeim bestu

FÓTBOLTI Landsliðsfyrirliðinn Sara Björk Gunnarsdóttir var í 24. sæti í vali breska fjölmiðilsins The Guardian á hundrað bestu leikmönnum heims. Sara hefur verið fastagestur á listanum undanfarin ár en tekur stökk upp um 28. sæti að þessu sinni frá síðasta ári.

Hafnfirðingurinn samdi við franska stórveldið Lyon í sumar eftir fjögur farsæl ár í herbúðum Wolfsburg sem innihélt fjóra þýska meistaratitla. Sara skoraði þriðja mark Lyon sem innsigliði sigurinn gegn Wolfsburg í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu í sumar.

» Sara hefur verið á lista The Guardian yfir bestu knattspyrnukonur heims öll árin sem listinn hefur komið út.

Með því varð Sara Björk annar Íslendingurinn til að vinna Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu og sá fyrsti til að skora í úrslitaleikum sjálfum.

Í umsógninni á vef The Guardian kemur fram að Sara hafi átt frábært ár og sagt að það séu fáir leikmenn með jafn góðan leikskilning og Íslendingurinn. Hæfileiki hennar að lesa leikinn, brjóta upp sóknir andstæðinganna og stýra miðjunni geri það að verkum að hún eigi fyllilega sæti skilið meðal bestu leikmanna heims. – kpt



Árangur U21 ára liðs Ísland hefur vakið athygli liða í Evrópu og fékk Arnar nokkur símtöl þar sem spurst var fyrir um framtíðarleikmenn karlalandsliðsins. FRÉTTABLAÐID/VALLI

Næsta skref að auka aðgengi að tölfraeði fyrir lið á Íslandi

Knattspyrnusamband Íslands, KSÍ, kynnti á dögunum afreksstefnu sína en hún er afrakstur vinnu knattspyrnusviðs sambandsins frá því í apríl árið 2019. Arnar Þór Viðarsson leiddi vinnuna við gerð afreksstefnunnar og segir hann mikilvægt að hún sé endurmetin eftir fimm ár til að skoða afraksturinn.

FÓTBOLTI Meginmarkmið afreksstefnu KSÍ er að skilgreina aðferðafræði knattspyrnusviðsins. Aðferðafræði afreksstefnunnar leggur grunn fyrir afreksfólk framtíðarinnar og gerir landsliðum Íslands kleift að ná árangri á alþjóðlegum mótum á vegum UEFA og FIFA. Arnar Þór Viðarsson var ráðinn yfirmaður knattspyrnusviðs þegar það var sett á laggirnar vorið 2019.

Arnar Þór segir að vinna hafi staðið yfir við að setja saman afreksstefnuna frá því að hann tók við en unnið hafi verið eftir þeim gildum sem fram koma í stefnunni og hugmyndafræðinni sem hún byggir á allan þann tíma sem hún var í smíðum. „Þarna erum við komin með ákveðinn vegvísir fyrir KSÍ sem unnið er eftir í öllu starfi yngri landsliðanna og í samskiptum við félögin.

Hugmyndin er svo að félögin geti notað beinagrindina til þess að hanna sína afreksstefnu en það er alveg augljóst að einkenni félaga hafa svo áhrif á það hvernig stefna þau hafa í mótum sinna leikmanna. Þetta er ekki einhver biblíja þar sem er grafið í stein hvernig á að gera hlutina heldur lifandi skjal sem tekur breytingum eftir því hvernig fótboltinn þróast,” segir Arnar Þór í samtali við Fréttablaðið um afreksstefnuna.

Búa til landsliðsstiga

„Sem dæmi þá koma þarna fram ákveðin gildi, hugmyndafræði og verklag sem við krefjumst þess að þjálfarar yngri landsliðanna fari eftir. Þá er búið að búa til svokallaðan landsliðsstiga þar sem við skilgreinum hvað á að kenna í hverjum aldursflokki og hvers er

Hugmyndin er svo að félögin geti notað beinagrindina til þess að hanna sína afreksstefnu.

Arnar Þór Viðarsson, yfirmaður knattspyrnumála hjá KSÍ og þjálfari U21 ára liðs karla



krafist af leikmönnum þar. Það er hins vegar undir hverjum þjálfara komið hvaða leikkerfi hann spilar. Ætlast er þó til þess að liðin geti spilað bæði með þriggja manna vörn og fjögurra manna vörn. Við getum ekki kóperað afreksstefnu hollenska knattspyrnusambandsins og unnið eins og þeir. Farið fram á að yngri landsliðin spili ákveðið leikkerfi og ég sem yfirmaður knattspyrnusviðs get ekki sett þá kröfu að þjálfarar yngri landsliðanna skili mér ákveðnum tegundum af leikmönnum. Við getum verið með árganga þar sem þeir bestu leikmennirnir eru kammenn þannig að þeir leikmenn sem skila sér upp í U-21 árs landsliðið og svo A-landsliðið sé þannig að það sé gat í ákveðnum leikstöðum. Þannig er bara landslagið á Íslandi og við verðum að sníða okkur stakk eftir vexti,” segir Arnar Þór enn fremur.

Eftir að Arnar Þór tók við hafa ýmis jákvæð skref verið tekin í starfi yngri landsliðanna. Dæmi um það er að fyrir ári hófust reglulegar mælingar á öllum leikmönnum

yngri landsliða karla en það hefur verið gert kvennamegin í sex ár. „Við erum að mæla líkamlega og andlega þætti hjá öllum leikmönnum yngri landsliðanna bæði karla- og kvennamegin. Með þessu getum við fylgst með þróun leikmanna og gripið inn í ef þess þarf. Það er ekki hægt að lesa mikið út úr gögnum karlamegin á svona skömmum tíma. Kvennamegin held ég að þessar mælingar hafi hjálpað til við að þróa leikmenn á borð við Karólínu Leu [Vilhjálmisdóttur], Alexöndru [Jóhannsdóttur], Sveindísi Jane [Jónsdóttur] og Hlín [Eiríksdóttur] sem eru núna orðnar lykilleikmenn í kvennalandsliðinu tvítugar,” segir hann.

Endurmetum stöðuna 2025

„Ástæðan fyrir því að afreksstefnunni er settur ákveðinn tímarammur, það er til 2025, er að á þeim tíma tel ég að það væri hollt að setjast niður og endurmeta stöðuna. Meðal annars með tilliti til mælanlegra gagna um líkamlegt ástand, stöðu á styrkleikalista FIFA og hversu oft við komumst inn á lokaþætti yngri landsliða og A-landsliða,” segir Arnar Þór.

„Við vitum að við erum eftir á hvað líkamlega þáttinn varðar með þá leikmenn sem æfa og spila hér á landi og ég tel að næsta skref hjá okkur sé að koma í gagnið tölfraeðiupptökakerfi sem getur búið til miðlægur gagnagrunn um hlaupatölur. Fyrr á þessu ári settum við upp myndavélar sem nýtast vel hvað leikgreiningu varðar og næst á dagskrá er að bæta okkur í öflun tölfraeðilegra gagna. Félögin eru mörg hver farin að nota GPS-mælingar við æfingar og leiki en við verðum að geta borið

okkur saman við önnur lönd og það er innan seilingar að semja við fyrirtæki sem getur sett upp tölfraeðiupptökur hér á landi. Það er mikilvægt upp á það að geta selt leikmenn út að geta nálgast gögn úr slíkum miðlægum gagnagrunni um tölfraeði,” segir yfirmaður knattspyrnusviðs.

Bið eftir næsta skrefi

Auk þess að vera yfirmaður knattspyrnusviðs er Arnar Þór þjálfari U-21 árs landsliðsins sem tryggði sér á dögunum sæti í lokakeppni EM 2021. Hann segir árangurinn vissulega hafa aukið áhugann á leikmönnum liðsins en til þess að kveikja enn meiri eftirspurn þurfi leikmennirnir svo að standa sig á stóra sviðinu.

„Ég fann það alveg að njósnafrá félögum höfðu samband við mig um ákveðna leikmenn þegar þeir sáu að þeir gátu plumað sig á móti ítalska liðinu til að mynda. Það er hins vegar ekki þannig að síminn stoppi ekki. Flestir leikmenn liðsins hafa tekið þetta milliskref að vera komnir til liða á Norðurlöndunum og eru að spila reglulega þar. Þeir eru því á góðum stað og það liggur ekkert á að taka næsta skref. Til þess að njósnafrá félögum í stærri deildum fari að hafa samband þurfa þeir að sýna það og sanna að þeir ráði við tempóid og geti plumað sig á móti bestu leikmönnum Evrópu í þeirra aldursflokki næsta vor. Ef þeir standa sig þar þá gæti það hæglega opnað fleiri dyr,” segir þjálfarinn um framhaldið.

Ísland verður með Frökkum, Dönum og Rússum í riðli í lokaþætti EM 2021 sem hefst í mars. hjorvaro@frettabladid.is

ÓLE

FÖSTUDAGUR 11. DESEMBER 2020

Íslenskt
láttu það ganga

* Bættu smá
jólagleði *
* í pakkana!



Ný Happa Brennna er komin
á sölustaði um allt land.

**HAPPA
BRENNNA**
Skammtílegt að skaf!

Bio-Kult®
Stendur vörð
um þína heilsu!



Bio-Kult®
Advanced Multi-Strain
Formulation
Digestive System
- 14 strains of live bacteria

60 capsules

bio-kult.is



Sólrun B. Guðmundsdóttir, sölustjóri hjá kaffideild ÓJK, hvetur áhugasama til að skoða netverslun Kaffitárs á verslun.kaffitar.is. Þar er hægt að fá að skoða kaffipakkana sem eru í boði, allar hátíðakörfurnar, drykki sem er hægt að panta og sækja og ýmiss konar kaffitengdar vörur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ástríðan skilar sér í hverjum kaffipakka

Hjá Kaffitári er nú hægt að fá hátíðablöndu, Grýlukanilkaffið og aðrar skemmtilegar og fágætar kaffitegundir, ásamt vönduðum hátíðakörfum fyrir fyrirtæki og einstaklinga sem eru fylltar alls kyns íslensku góðgæti. ➔2

Framhald af forsiðu →

Kaffitár býður upp á hátíðakörfur af ýmsum stærðum og gerðum fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Fyrirtækið býður líka upp á sérstaka hátíðakaffiblöndu fyrir jólin, auk bragðbætta Grýlukanilkaffisins sem nýtur alltaf mikilla vinsælda sem og fjölda annarra öðruvísi tegunda til hátíðabrigða. Hægt er að kaupa allar vörur Kaffitárs á vefverslun fyrirtækisins, verslun.kaffitar.is.

„Ég held að samband Kaffitárs við kaffibændur sína gefi fyrirtækinu sérstöðu. Við kaupum 80% af öllu okkar kaffi beint frá bónda sem við þekkjum og höfum heim sótt. Það tryggir ekki bara að hann fái greitt sanngjarnt verð fyrir sína vöru heldur líka gæði,“ segir Sólrún B. Guðmundsdóttir, sölustjóri hjá kaffideild ÓJK. „Það hefur orðið mikil vakning í kaffiheiminum og fólk gerir sér grein fyrir því að ef þú sinnir ræktuninni vel færðu herra verð fyrir vöruna. Allir bændur sem við skiptum við sýna mikla samfélagsábyrgð hvað varðar bæði umhverfi og starfsfólk og hafa ástríðu fyrir góðu kaffi, rétt eins og við, sem skilar sér í góðri vöru. Allt sem er gert með ástríðu skilar sér í gæðum og það á svo sannarlega við um kaffið okkar.“

Ricardo Rosales er til dæmis kaffibóndi sem við höfum þekkt í mörg ár,“ segir Sólrún. „Aðalheiður Héðinsdóttir, sem stofnaði Kaffitár og sér enn um að kaupa allt kaffi, hefur oft heimsótt hann á Jesus Maria-búgarðinn í Nikaragva og hann hefur heimsótt okkur hingað tvisvar.“

Fjölbreyttar hátíðakörfur með íslensku góðgæti

„Við byrjuðum að bjóða upp á gjafakörfur fyrir fyrirtæki og einstaklinga í september, enda er ósköp indælt að fá kaffipakka og súkkulaði sent heim til sín og þessar körfur verða áfram í boði á nýju ári. Mikið af fólki er að vinna heima hjá sér og þá vill kaffið renna vel niður, ég finn það hjá sjálfri mér og fólki í kringum mig að kaffidrykkjan hefur stóruhlut í heimavinnu,“ segir Sólrún. „Sem stendur bjóðum við upp á sérstakar hátíðakörfur og höfum lagt áherslu á að hafa íslenskt góðgæti í þeim. Við erum til dæmis með bolla frá KER, súkkulaði frá Sætt og Salt á Súðavík og servíettur frá Reykjavík Letterpress. Fólk á orðið svo mikið af öllu að það er alltaf gaman að gefa bara eitthvað sem er hægt að neyta og njóta.“

Körfurnar eru fánlegar í öllum stærðum, gerðum og verðflokkum, þannig að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi og við höfum líka unnið með fyrirtækjum sem vilja körfur og sniðum þá körfurnar að þörfum þeirra,“ segir Sólrún. „Mörg fyrirtæki hafa líka keypt af okkur kaffi og gjafakörfur og sent starfsfólki sínu sem er heima að vinna, enda hefur kaffineyslan stóruhlut á mörgum heimilum í COVID.“

Í vor opnuðum við svo líka pop-up netverslun þar sem er hægt að fá kaffipakka og panta drykki og sækja þá og við vorum að bæta öllum jólavörum þar inn og þar hefur verið sprenging í sölunni, sem kemur ekki á óvart miðað við núverandi vinsældir netverslunar,“ segir Sólrún. „Fólk er bæði að kaupa jólagjafir og kaffi og svo vilja sumir ekki fara inn á kaffihús svo þeir panta drykki og fara með þá út í bíl.“

Mikið lagt í hátíðablönduna

„Við bjóðum líka upp á sérstaka hátíðablöndu og það er alltaf lagt svaka þúður í blönduna ár hvert.“



Sólrún segir að bæði starfsfólk Kaffitárs og bændurnir sem fyrirtækið skiptir við hafi ástríðu fyrir góðu kaffi, sem skili sér í góðri vöru. Allt sem er gert með ástríðu skilar sér í gæðum og það má ganga að þessum gæðum vísu i kaffipökkum frá Kaffitár.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR



Kaffitár fær 80% af sínu kaffi beint frá kaffibændum eins og Ricardo Rosales. MYND/ADSEND



Körfurnar eru fánlegar í öllum stærðum, gerðum og verðflokkum, þannig að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi og Kaffitár vinnur líka með fyrirtækjum sem vilja körfur og sniður körfurnar að þörfum þeirra. MYND/ADSEND



Hátíðakörfurnar eru stútfullar af alls konar íslensku góðgæti. Þar er meðal annars hægt að finna bolla frá KER, súkkulaði frá Sætt og Salt á Súðavík og servíettur frá Reykjavík Letterpress, ásamt öðru. MYND/ADSEND



Grýlukanilkaffið er bragðbætt kaffi, en Kaffitár notar frábært kaffi frá Nikaragva í grunninn, þannig að það er alvöru gæðakaffi sem bragðinu er bætt út í. MYND/ADSEND



Brennslumeistarar Kaffitárs leggja alltaf mjög mikla vinnu í að setja saman frábæra nýja hátíðablöndu á hverju einasta ári. Í ár samanstendur hún af kaffi frá Gvatemala, krydduðu með Selebes, sem er kaffi frá Indónesíu. MYND/ADSEND

“Mörg fyrirtæki hafa líka keypt af okkur kaffi og gjafakörfur og sent starfsfólki sínu sem er heima að vinna, enda hefur kaffineyslan stóruhlut á mörgum heimilum í COVID.“

Brennslumeistararnir starfa af miklum krafti við að finna frábæra blöndu sem passa í allar uppáhellingar- og baunavélar og eru góðar bæði sér, eftir mat og með góðu bakkelsi, sem nóg er af yfir jólin,“ segir Sólrún. „Í ár var valið kaffi frá Gvatemala, kryddað með Selebes, sem er kaffi frá Indónesíu. Hátíðablöndan er nú fánleg í búðum og í netversluninni okkar og það er um að gera að hafa hraðar hendur vilji fólk ná sér í poka áður en hún klárast.“

Svo erum við líka með Grýlukanilkaffið, sem er alltaf byrjað að spyrja um strax í september en fer í búðir í byrjun nóvember. Það er

bragðbætt kaffi, en við notum frábært kaffi frá Nikaragva í grunninn, svo þetta er virkilega mikið gæðakaffi sem við bætum bragði út í,“ segir Sólrún. „Svo bjóðum við líka upp á fleiri bragðtegundir af bragðbættu kaffi allt árið, eins og karamellu-, kókos- og súkkulaði og möndlukaffi.“

Kaffiklúbbur og aðventuleikur á Facebook

„Kaffitár er líka með sérstakan kaffiklúbb, sem virkar þannig að meðlimir fá einu sinni í mánuði tvo pakka frá brennslumeisturum okkar sem innihalda sérvalið kaffi sem við kaupum inn í litlu magni bara fyrir klúbbinn ásamt bréfi með upplýsingum um uppruna þess, en það eru alls konar spennandi tegundir í boði,“ segir Sólrún. „Núna fyrir jólin er extra mikið af sparikaffi að koma inn frá El Salvador, Mexíkó og fleiri stöðum og þessar úrvals tegundir er líka að finna á kaffihúsum okkar.“

Síðast en ekki síst erum við með aðventuleik á Facebook. Þar birtast ný tilboð á hverjum degi til jóla og tilboðin gilda líka í vefversluninni,“ útskýrir Sólrún.

Vefverslun Kaffitárs er að finna á vefslóðinni verslun.kaffitar.is.



Ivy Bella Kjöll
Stærðir 46-52
Verð kr. 7.980



Ivy Bella Bolur
Stærðir 46-56
Verð kr. 5.980



Ivy Bella Opin peysa
Stærðir 46-56
Verð kr. 6.980



Yest Tunika
Stærðir 46-50
Verð kr. 8.980



ES&SY Opin peysa
Stærðir 36-46
Verð kr. 8.980



no secret

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZÉZE
Nordic

OPHILIA




Ivy Bella Bolur
Stærðir 46-56
Verð kr. 7.980



Robell Bella buxur
Stærðir 34-54
Verð kr. 13.980



Robell Marie buxur
Stærðir 38-56
Verð kr. 6.980



Robell Marie ökklabuxur
Stærðir 36-52
Verð kr. 11.980



Sandgaard leggings
Stærðir 38-54
Verð kr. 6.980

SYBEL

festival
DENMARK

STUDIO

GOZZIP

SANDGAARD

LASESSOR

FRANSEN

Tamaris

Haukeberg

Jana

FLOTTAR JÓLAGJAFIR, FYRIR FLOTTAR KONUR



JANA hælaskór
Stærðir 37-42
Verð kr. 10.990



TAMARIS hælaskór
Stærðir 37-43
Verð kr. 14.980



Íþróttataska - Duffel sport bag
Fæst í svörtu, bleiku og navybláu
Verð kr. 5.990



Símataksa "crossbody" hliðartaska
Fæst í svörtu, dökkbláu, bleiku og fjólubláu
Verð kr. 3.990



LASESSOR Fonda Leðurhanskar
Stærðir 7-8,5
Verð kr. 9.990

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Ólífuolían gerir gæfumuninn

Jennifer Lopez er sögð ein ríkasta stjarnan í Hollywood af suðuramerískum ættum. Hún er enda fjölhæf leik- og söngkona, dansari og hönnuður. Jennifer er að setja á markað nýja snyrtivörulínu.

Elin
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Jennifer Lopez upplýsir það í nýlegu viðtali við tímaritið InStyle þegar hún kynnti nýja húðvörulínu sína, JLo Beauty, að hún hafi aldrei látið sprauta sig með bótoxi eða öðrum slíkum efnum. Hún sé raunveruleg eins og hún er. Eftir því er tekið hversu fallega og hrukkulausa húð Jennifer hefur en hún varð 51 árs í sumar. Jennifer mætti í Zoom-viðtal í tilefni af nýju snyrtivörulínunni hjá vefritinu Page Six en öll helstu tiskutimarit heimsins hafa verið að fjalla um hana. Nýju snyrtivörurnar koma á markað í janúar 2021.

„Ég hef ekkert á móti bótoxi eða öðru því sem fólk kys að prófa. Það er bara ekki fyrir mig. Ég er meira fyrir náttúrulega nálgun á húðvörum og forðast nálar,“ segir hún.

Jennifer upplýsir í viðtalinu að fyrrverandi kærasti hennar hafi hvatt hana mjög til að prófa hrukkueyðandi sprautur. „Ég var í sambandi með honum um tvítugt. Við förum bæði til húðlæknis á þessum tíma og minn benti mér á að nota góð hreinsiefni og sólarvörn. „Ef þú passar upp á húðina mun hún haldast heilbrigð,“ sagði hann. Læknir kærastans sem hún heimsótti einnig hafði allt aðra skoðun og spurði hvort hún vildi ekki fylla upp í línu sem sæist í andlitinu. „Ég var bara 25 ára,“ segir Jennifer. „Ég veit ekki hvernig ég myndi líta út í dag ef ég hefði farið að þessum fyrirmælum og byrjað að fá mér bótox svona ung,“ segir hún.

Jennifer segir að sitt helsta leyndarmál varðandi húðina sé að hún noti ólífuolíu. „Ég hef notað ólífuolíu lengi og hún virkar mjög vel. Einnig myndi ég hvetja alla til að nota sólarvörn daglega, allt frá unglingsárum. Sólarvörnin verndar húðina,“ segir söngkonan sem er að setja á markað sína eigin vörn, andlitmaska, hreinsiefni, fæðubótarefni og fleira. Hún notar að sjálfsgöðu ólífuolíu í vörur sínar. Hún segir ólífuolíuna hafa verið feegurðarráð frá ömmu sinni og móður fyrir heilbriggt og glansandi hár, húð og neglur.

Söngkonan segist hafa hugsað um það í tuttugu ár að skapa sína eigin fegurðarlínu en ekki látið



Jennifer Lopez segist aldrei hafa farið í bótoxfyllingu. Hún sé með svona góða húð og þakkar það ólífuolíu.



Jay Lo hugsar vel um sig. Hún er ávallt súper flott og í toppformi.



Það er ekki hægt að sjá að Jennifer Lopez sé 51 árs. Hún passar vel upp á líkamann og dansatriði hennar vekja athygi. Þessi mynd var tekin 22. nóvember í Los Angeles þegar Amerísku tónlistarverðlaunin voru kynnt.

af því verða fyrr. Vörurnar eru í fallegum umbúðum og greinilega mikið í þær lagt. Jennifer leggur mikla áherslu á hollustu í framleiðslu sinni og segir að með því að nota sólarvörn undir förðunarvörur sé kominn lykkillinn að fallegri húð. Einnig nefnir hún daglega hreyfingu og heilbrigðar

matarvenjur til að viðhalda unglegrri húð.

Jennifer hefur komið víða við á ferli sínum. Hún hefur gefið út sjö hljómplötur og marggöft komist með lög sína á vinsældalista auk þess að vinna til verðlauna á Bandarísku tónlistarverðlaunum.



Shakira og Jennifer Lopez á tónleikum í Miami á Flórída í febrúar á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Þú færð jólagjöf þrjónarans hjá Maro



Hverfisgata 39
www.maro.is



Bókajól

FÖSTUDAGUR 11. DESEMBER 2020

Kynningar: Ugly, Angústúra, Dimma



„Við vildum draga upp heildarmynd af sögu sem lýsir ekki aðeins þjáningu og sorg, heldur einnig hugþrýði, æðruleysi og hetjudáð,“ segir Magnús um Martröð í Mykinesi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Flugslysið í Mykinesi 1970 sem ekki má gleymast

Magnús Þór Hafsteinsson og Grækaris Djurhuus Magnussen hafa skrifað bókina Martröð í Mykinesi – íslenska flugslysið í Færeyjum 1970. Í þessari ógleymanlegu sögu er fjallað ítarlega um flugslýs sem Íslendingar vita lítið um. Þar vann færeyskt alþýðufólk mikil afrek við björgunarstörf. ➔2

Framhald af forsiðu →

Fimm tíu ár eru frá því að Fokker Friendship-vél Flugfélags Íslands brotlenti í óveðri undir tindinum Knúki á Mykinesi í Færeyjum með þrjátíu farþega og fjögurra manna áhöfn innanborðs. Aðstæður á slystað voru hrikalegar og það tók björgunarlið marga klukkutíma að komast að flaki vélarinnar. Þá voru átta láttnir en 26 manns komust lífs af.

„Bókin er um flugslys sem flestir Íslendingar vita afar lítið um. Nánast ekkert hefur verið fjallað um slysið frá fyrstu dögum þess. Engar íslenskar bækur hafa verið gefnar út um það fyrr en nú. Í Martröð í Mykinesi er ekki eingöngu fjallað um flugslysið sjálft heldur reynum við að bregða ljósi á fólkið sem kom að þessum sorglega atburði, aðstæður og eftirmál. Við vildum draga upp heildarmynd af sögu sem lýsir ekki aðeins þjáningu og sorg, heldur einnig hugþryði, æðruleysi og hetjudáð,“ segir Magnús. Hann hefur áður þýtt skáldsögur, bækur um þjóðfélagsmál og skrifað og þýtt bækur um sagnfræði. Grækaris er færeyskur blaðamaður og rithöfundur, vel þekktur í sínu heimalandi.

Heilmikið var ósagt

Magnús Þór segir að tilviljun hafi ráðið því að þeir Grækaris réðust í þetta verk. „Martröð á Mykinesi byggir í grunninn á færeysku bókinni SOS Knúkur – Fokker Friendship í Mykinesi. Grækaris skrifaði hana og gaf út í Færeyjum fyrir tuttugu árum. Ég keypti þá bók eitt sinn þegar ég var á ferð um Færeyjar. Við Grækaris hittumst á Íslandi í fyrra þegar hann leitaði til mín vegna viðtals. Þá rann upp fyrir mér að hann væri höfundur þessarar bókar sem ég hafði alltaf varðveitt í fornum mínum. Þegar ég fletti henni á ný sá ég að þessi saga ætti fullt erindi við Íslendinga, nú þegar fimmtíu ár eru frá slysinu. Fyrst var hugmyndin sú að ég þýddi þessa bók úr færeysku yfir á íslensku. Þegar ég hófst handa sá ég fljótlega að heilmikið var ósagt, ekki síst þáttur Íslendinga. Þá vaknaði hjá okkur löngun til að ræða við áhöfnina sem eftir lifði og þetta vatt upp á sig,“ segir Magnús.

Í því riti sem nú er komið út er mjög mikið af efni og upplýsingum sem ekki er að finna í færeysku útgáfunni. „Við fengum aðgang að lögregluskýrslum og öðrum gögnum sem tengdust slysinu hjá Þjóðskjalasafni Færeyja. Svo fann Rannsóknarnefnd samgönguslysa hér á Íslandi fyrir okkur loka-skýrslu danska loftferðaeftirlitsins sem rannsakaði slysið. Þá er fjöldi ljósmynda í bókinni sem ekki hafa birst opinberlega áður, meðal annars myndir af vettvangi, teknar af rannsóknarmönnum sem komu á staðinn. Allt eru þetta mikilvægar heimildir sem fylla í myndina,“ segir Magnús.

„Þetta var íslensk flugvél með íslenskri áhöfn. Tveir farþeganna voru Íslendingar en hinir voru Danir og Færeyingar. Þó hefur ótrúlega lítið verið til af íslenskum heimildum um slysið. Ég fann fáeinir fréttir um það í gömlum blöðum á timarit.is og gömul fréttahandrit Ríkisútvarpsins á Þjóðskjalasafninu. Fjallað var um þennan sorglega atburð í fjölmiðlum fyrstu dagana á eftir, en svo hefur varla verið minnst á hann í fimmtíu ár. Ég veit ekki hvers vegna svo er. Þetta er flugslys sem féll fljótt í gleymiskunnar dá og var aðeins til í munnmælum. Í flugheiminum hafði fólk heyrt af því en fáir þess utan,“ upplýsir Magnús.

Átakanleg og áhugaverð saga

„Mér fannst að það yrði að segja þessa sögu svo fólk fengi að vita

hvað hefði gerst. Hún er átakanleg og um leið áhugaverð og á henni eru margir fletir. Bjarni Jensson flugstjóri fórst í slysinu, ásamt sjö farþegum. Við ræddum við þau sem lifðu af úr áhöfninni: Pál Stefánsson, sem var flugmaður í þessari örlagaríku ferð, og flugfreyjurnar Hrafnhildi Ólafsdóttur og Valgerði Katrínu Jónsdóttur. Einnig var rætt við Oddgeir Jensson, farþega í þessu flugi, en hann býr í Færeyjum. Við töluðum líka við Hartvíg Ingólfsson, flugvirkja Flugfélags Íslands í Færeyjum, sem var með þeim fyrstu á slystaðinn. Þetta er allt stórmerkilegt fólk. Öll voru mjög elskuleg og reiðubúin að segja sína sögu. Æðruleysi þeirra og hugrekki sem skín gegnum frásögnina er aðdáunarvert. Páll var byrjaður að fljúga aftur tveimur, þremur mánuðum eftir slysið og átti eftir að eiga farsælan feril sem flugstjóri. Hrafnhildur slasaðist illa en hélt áfram störfum sem flugfreyja þar til hún fór á eftirlaun árið 2006 eftir að hafa unnið sem slík frá 1961. Valgerður var barnshafandi þegar hún lenti í flugslysinu en hún hélt líka áfram að fljúga. Ekkert annað var í boði en að halda áfram með lifið, það var kannski eina sálfræðimeðferðin sem fólkið fékk; að halda áfram og vinna,“ segir Magnús. Sérstakur kafli er tileinkaður Bjarna Jenssyni flugstjóra.

„Þegar ég var að grafa í þessari sögu fannst mér áhrifamest að finna hvernig lífsviljinn skín í gegnum alla söguna. Fólk var staðráðið í að komast af þótt aðstæður væru hrikalegar. Þau sem



Flakið af Fokker Friendship-vél Flugfélags Íslands sem brotlenti í óveðrinu.

komu til hjálpar voru reiðubúin að leggja sig öll fram til björgunar. Raddir kvenna eru mjög sterkar í bókinni, bæði íslensku flugfreyjanna en líka færeyskra kvenna í björgunarliðinu og farþega-hópnum,“ segir Magnús.

Björgunarstarf í óveðri

Í bókinni er einmitt farið vel yfir sögu þeirra sem komu að björgunarstörfum.

„Þarna ferst flugvél full af farþegum á einangraðri klettaeyju. Íbúar Mykines voru aðeins 63 talsins, mestmegnis miðaldra fólk, bændur og fiskimenn sem bjuggu í litlu þorpi á hinum enda eyjarinnar séð frá slystaðnum. Þau höfðu ekki neina reynslu af björgunarstörfum. Allt í einu fá þau þetta risavaxna verkefni í fangið. Ófært var sjóleiðina út í Mykines vegna veðurs en svo vel vildi til að það var danskt varðskip við Færeyjar og þar um borð var þyrila. Hún var notuð við björgunarstörf en þó ekki fyrr en daginn eftir slysið. Björgunarlið, sem í voru meðal annars lækur og hjúkrunarkonur, var sent siglandi á smábátum út í Mykines í kolvitlausu veðri. Þau lentu í illviðri og miklum torfærum á leiðinni, urðu meðal annars að klífa 20 metra bjarg sem féll í sjó fram til að komast í land. Allan búnað varð að bera á vettvang. Áhöfnin og þau úr farþegahópnum sem gátu staðið á fótum urðu að ganga til byggða svo þau kæmust sem fyrst í húsaskjól,



Magnús Þór Hafsteinsson ritaði bókina um þetta afdrifaríka flugslys sem varð í Færeyjum árið 1970.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR



Aðstæður voru mjög erfiðar en 26 manns komst lífs af en átta létust.

“Íbúar Mykines voru aðeins 63 talsins, mestmegnis miðaldra fólk, bændur og fiskimenn sem bjuggu í litlu þorpi á hinum enda eyjarinnar séð frá slystaðnum. Þau höfðu ekki neina reynslu af björgunarstörfum. Allt í einu fá þau þetta risavaxna verkefni í fangið.

sum mikið slösuð. Frá slystað voru 50 km í beinni loftlinu á sjúkrahúsið í Þórshöfn en það tók einn og hálfan sólarhring að koma hinum slösuðu þangað. Það segir allt um það hvað aðstæður voru erfiðar,“ segir Magnús og bætir við: „Þetta eru mannlegir örlagaþættir og mikið drama. Dulrænir atburðir koma jafnvel við sögu, eins og lesa má um í frásögn Valgerðar Katrínu flugfreyju og Hartvigs flugvirkja.“

Heiður og sómi í húfi

Að mati Magnúsar hafa íslensk stjórnvöld aldrei þakkað Færeyingum almennilega fyrir þeirra frækilega björgunarafrek. „Þetta veldur mér ákveðnu hugarangri núna þegar mér er ljóst hvílik þrekvirkir voru unnin. Þarna var heiður og sómi Íslands í húfi. Við Íslendingar bárum ábyrgð á þessu flugi og þessu fólki. Ég hef ekki fundið neinar heimildir um að þeir æðstu menn sem komið hafa fram fyrir hönd íslensku þjóðarinnar frá slysinu, hafi þakkað Færeyingum fyrir björgunina. Flugstjóri dönsku þyrllunnar var sæmdur fálkaorðu 1971 en engum orðum vikið að Færeyingum. Ef Færeyingarnir hefðu ekki staðið sig svona framúrskarandi vel hefði þetta allt farið miklu verr en raun bar vitni. Enn er ekki ofseint að ljúka þessu máli með reisu. Bókin nú er í minum huga framlag til þess að gera þetta mál upp og ég vona að Færeyingum verði nú loks þakkað fyrir hönd íslensku þjóðarinnar svo eftir verði tekið. Í þeirra hópi eru menn á borð við Redin Leonsson og Jákup í Löðu sem enn eru á lífi og ættu hiklaust að fá fálkaorðu sem fulltrúar færeysku þjóðarinnar. Báðir stjórnuðu aðgerðum og koma mjög við sögu í




bókinni. Vonandi verður hún lesin af okkar ráðamönnum sem geta þá hugsað málið.“

Á næsta ári stendur til að þýða bókina og gefa hana út í Færeyjum og jafnvel í Danmörku. „Við vonum að lesendur fái nokkuð skýra og rétta mynd af því sem gerðist þennan örlagaríka dag, 26. september 1970,“ segir Magnús að lokum. Bókaútgáfan Ugla gefur út Martröð í Mykinesi. Bókin er litprentuð í vönduðu bandi, 416 síður og prýdd 250 ljósmyndum sem fæstar hafa sést fyrr.

Bókajólin eru á netinu

Þú þarft ekki að bíða í röð.
Þú einfaldlega pantar og við komum.




Bráðin
4.990 kr. -29%
6.990-kr.



Sumac
7.990 kr. -20%
9.990-kr.



Martröð í Mykinesi
5.490 kr. -21%
6.990-kr.



Dagnarmúr
4.990 kr. -29%
6.990-kr.



Þín eigin undirdjúp
3.990 kr. -20%
4.990-kr.



Kennarinn sem hvarf sporlaust
3.990 kr. -18%
4.890-kr.



Hrein karfa
4.790 kr. -20%
5.990-kr.



Eldarnir
4.990 kr. -29%
6.990-kr.



Ofurhetjan
3.990 kr. -17%
4.790-kr.

Afhendum samdægurs á höfuðborgarsvæðinu.



HEIMKAUP.IS

92 orð fylla hjartað af jólagleði

Jólabók Blekfelagsins er fastur liður hjá mörgum í aðventunni en þessi litla bók kemur út árlega í desember á vegum Blekfelagsins, nemendafélags meistaranema í Ritlist við Háskóla Íslands.

Jóhanna María
Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is



Bókin í ár inniheldur 33 örsögur eftir ritlistarnema sem allar eiga það sameiginlegt að falla undir eitt þema og innihalda 92 orð. „Reglan er þannig að á hverju ári er unnið undir nýju þema sem verður titill bókarinnar. Í ár rimar þemað og nafn bókarinnar, Heima, vel við ástandið í þjóðfélaginu þar sem fólk er itrekað hvatt til að halda sig heima. Í fyrstu útgefnu jólabók Blekfelagsins voru orðin 100 og á hverju ári er eitt orð skorið af orðafjöldanum. Núna fá þátttakendur einungis 92 orð fyrir hverja sögu.“ segir Berglind Ósk Bergsdóttir ritlistarnemi, en hún gegnir hlutverki ritstjóra bókarinnar í ár.

„Við vöndum ávallt vel valið á því hvaða örsögur eiga heima í bókinni. Þá er hver saga lesin yfir þrisvar af öðrum höfundum og ritstjóri les einnig yfir og er með heildaryfirsýn. Það er því í raun heilmikið ritstjórnarferli á hverri einustu sögu. Við leggjum líka mikið upp úr bókarkápunni og uppsetningu og erum svo heppin

að vera með frábæran grafískan hönnuð í okkar hópi, hana Elínu Eddu Þorsteinsdóttur, sem sá um hönnun og umbrot bæði í ár og í fyrra.“

Það er alls ekki úr vegi að birta tvær stórskemmtilegar jólasögur úr bókinni í ár sem, eins og áður kom fram, ber nafnið Heima.

Die Alone

Höf. Örvar Smáráson

„Home Alone og Die Hard eru sama myndin,“ hvíslaði ég. Árið var 1895 og snjórinn féll mjúklega á timburhúsið okkar í Smálöndunum.

„Börn tala oft tungum þegar þegar þau eru með mikinn sótt-hita,“ sagði lækurinn og setti hlustunarpípuna ofan í slitna leðurtöskuna.

„Ég bið algóðan Guð á himnum að drengurinn nái að lifa fram á jóladag,“ snökkti móðir mín og þurrkaði tårin.


„Hann ætti að tóra í nokkra daga í viðbót,“ sagði lækurinn hughreystandi.

„Kevin og McClane eru ...“, ég hóstaði og fann lungun fyllast blóði, „... basically sami karakterinn.“

Í fjarska ómuðu sleðabjöllur.



Berglind ritstýrir jólabók Blekfelagsins, Heima, í ár og segir sögurnar hver annarri skemmtilegri.



Einlæg og lifandi frásögn

af viðburðaríkri ævi á miklum breytingatímum. Í lífi Vigdísar Jack hafa sannarlega skipst á skin og skúrir, en upp úr standur æðruleysi, umhyggja og ævintýraþrá einstakrar dugnaðarkonu.

FÆST Í VEFVERSLUN OKKAR
www.uglautgafa.is



Elín Edda Þorsteinsdóttir, grafískur hönnuður og ritlistarnemi, sá um það vandasama verkefni að brjóta um bókina og hanna skemmtilega kápu.

Hawaiian Tropic

Höf. Kristín Nanna Einarsdóttir

Um sexleytið hneppi ég síðustu tölunni á bleikmynstraðri stuttermaskyrtu. Undir venjulegum kringumstæðum væri ég að handfjatla drykkjarseðil á hótélbarnum, enda er tímamismunurinn tvær klukkustundir á þessum tíma árs. Una cervera þor favor!

Ég tylli uppáhaldsderinu á kollinn og dreifi sólkremla á handlegg og nefbrodd. Hátiðarilmur fyllir vitin. Við fjölskyldan ákváðum að halda í hefðirnar og höfum slegið upp kokteilakvöldi með suðrænu ivafi. Konan fjárfesti í ljósakorti á aðventunni og við reynum bara að gera gott úr hlutunum.

Það brakar í sandöllum þegar ég tipla niður stigann og hækka hitastigið á öllum ofnum.

Frábær tækifærisgjöf

Fjórir höfundar sem eiga örsögu í bókinni taka þátt í jólabókafloðinu í ár. Þar má nefna Árna Árnason með bókina Háspenna, lífshætta á Spáni. Hinir þrír gáfu út ljóðabækur á vegum Blekfelagsins fyrir í vetur, en bækurnar

voru upprunalega skrifaðar sem verkefni í náminu. Það eru þær Stefania dóttir Páls með Blýhjarta, Rebekka Sif Stefánsdóttir með Jarðveg og Sigrún Björnsdóttir með Loftskeyti.

Að sögn Berglindar selst Jólabók Blekfelagsins vel á hverju ári enda lítil, ódýr og falleg aðventugjöf eða sem aukapakki með í jólapakkann. „Í fyrra seldist bókinn upp, en þá voru prentuð 300 stykki. Þetta er það góð tekjulind fyrir nemendafélagið að nemendur þurfa ekki að greiða félagsgjöld.“

Vaninn hefur verið að halda útgáfuteiti við útgáfu bókarinnar þar sem bókinn er öll lesin upp af höfundum, en það er óljóst hvort það verði af því í ár. „Við erum að skoða hvort það sé mögulegt að framkvæma það miðað við samkomutakmarkanir en ég hvet áhugasama um að fylgjast með á Facebook-síðu Blekfelagsins. Einnig munum við deila rafrænum upplestrum á @blekfelagid á Instagram. Þess má líka geta að upplestur á bókinni frá því í fyrra má finna á Blekvarpinu, hlaðvarpi Blekfelagsins á Spotify. Jólabók Blekfelagsins er nú komin í allar helstu bókabúðir. Einnig verður hægt að kaupa hana beint af okkur í Blekfelaginu.“

BÓKAÐU GLEÐILEG JÓL



Ein
Vonir, þrár og hversdagsleiki ólíks fólks fléttast saman með látlausum en áhrifamiklum hætti í fyrstu skáldsögu Ásdísar Höllu Bragadóttur.

Ein er djúp, sár og spennandi saga sem situr lengi í höfði lesandans.

4.699 kr.



107 Reykjavík
Skemmtisaga fyrir lengra komna. Hallgerður og nánustu vinkonur hennar, Melkorka, gift þumbaranum Agli Þormóði, og Þórdís, nýfraskilin og frjáls, leggja mikið upp úr því að vera leiðandi í samkvæmis- og athafnalífi Reykjavíkur.

4.699 kr.




Vetrarmein
Aðfaranótt skírdags finnst lík af ungrri konu á gangstétt fyrir framan þriggja hæða hús við Aðalgötuna á Siglufirði. Skömmu síðar skrifar íbúi á hjúkrunarheimili í bænum með æpandi rauðum lit á vegginn í herberginu sínu: Hún var drepin.

4.699 kr.



Snerting
Snerting eftir Ólaf Jóhann Ólafsson er áhrifamikil skáldsaga sem gerist í Reykjavík og Tókýó samtímans og London á sjöunda áratugnum. Hér sýnir hann allar sínar bestu hlíðar í glæsilega skrifaðri sögu sem rígheldur lesanda allt til óvæntra endaloka.

4.699 kr.



Fíasól og furðusaga um krakka með kött í maga
Fíasól er fyrir löngu landsþekktur áhrifavaldur. Hér fara Kristín Helga og Halldór á Fíusólarflug í sprenglæglegu kvæði sem fjallar um aðdragandann að fæðingu Fíusólar.

3.399 kr.



Konan sem elskaði fossinn
Sigríður í Brattólfi (1871–1957) er einn kunnasti náttúruverndarsinni Íslandssögunnar. Hún bjó alla sína ævi í nágrenni við Gullfoss og þegar upp komu hugmyndir um að virkja fossinn hóf hún ein og óstudd baráttu gegn þessum áformum, baráttu fyrir málstað sem hún var tilbúin að farna lífinu fyrir.

4.699 kr.



Næturskuggar
Eva Björg Ægisdóttir sló eftirminnilega í gegn með fyrstu bók sinni Marrið í stíganum en fyrir hana hlaut hún glæpasagnaverðlaunin Svartfuglinn árið 2018. Útgáfurétturinn á bókinni hefur verið seldur víða um heim. Hún hefur nú þegar komið út í Bretlandi og hlotið frábæra dóma.

4.699 kr.



Herra Bóbó, Amelía og Ættbrókin
Hefðarkötturinn Alexander Sesar Loðvík Ramses Karlamagnús fimmtugasti og þriðji má búa við það að fólkið hans kallar hann Herra Bóbó. Og vill þvinga hann í megrun! Þegar hreinræktuð angóralæða að nafni Bella flytur svo í næsta hús þarf hann að sanna að hann sé líka af göfugum ættum.

3.399 kr.



Bráðin
Björgunarsveitir eru sendar inn í Lönsöræfi í leit að hópi fólks sem er saknað. Hvaða erindi áttu þau í óbyggðir um hávetur? Af hverju yfirgáfu þau það litla skjól sem þau höfðu, illa búin og berskjölduð? Á sama tíma gerast undarlegir atburðir á ratsjárstöðinni á Stokksnesi. Og á nesinu er gat í sjávarklöpp sem sagnar til sín fólk...

4.599 kr.



Berskjaldadur
Einar Þór Jónsson vakti á sínum tíma þjóðarathygli fyrir skýra en hógværa framgöngu þegar hann steig fram sem talsmaður Geðhjálp. Fáa grunaði þó að þessi látlaus og geðþekki maður ætti sér magnaða lífssögu að baki og háði á köflum sannkallaða baráttu fyrir lífi sínu.

4.999 kr.



Gildistími: 11.–13. desember

JÓLAINNKAUPIN
hafa aldrei verið eins leikandi létt. Þú færð jólabækurnar á netto.is

Með því að nýta þér netverslun Nettó sparar þú þér tíma í jólaamstrinu. Nýttu tímann frekar í að lesa góða bók.

nettó
Lægra verð – léttari innkaup

Biðlistar eftir nýjustu bókunum

Guttormur Þorsteinsson er sagnfræðingur að mennt en starfar sem bókavörður hjá Borgarbókasafninu í Kringlunni. Safnið er opið hálfan daginn og margir eru orðnir lestrarþurfi.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Guttormur segir að það hafi verið mikið pantað af nýju jólabókunum undanfarið og langir biðlistar hafi myndast. Vinsælustu höfundarnir eru með lengstu listana en þar nefnir hann Arnald Indriðason með Þagnar-múr, Ólaf Jóhann Ólafsson með Snertingu, Yrsu Sigurðardóttur og bók hennar Bráðin, Ragnar Jónasson með Vetrarmein, Auði Óva Ólafsdóttur með Dýralíf og Jón Kalman Stefánsson með bókina Fjarvera þín er myrkur. Ein bók hefur þó slegið þeim öllum við núna og það er Gata mæðranna eftir Kristínu Mörju Baldursdóttur. „Síðan hef ég tekið eftir áhuga á bókum sem ekki eru endilega

á metsölulistum eins og Apríl-sólarkuldi eftir Elísabetu Jökulsdóttur, Hansdætur eftir Benný Sif Ísleifsdóttur og Sykur eftir Katrínu Júlíusdóttur,“ segir Guttormur. „Umræða á samfélagsmiðlum hefur töluverð áhrif á hvaða bækur eru valdar í safninu höfum við tekið eftir,“ bætir hann við.

„Spennubækur eru alltaf vinsælar auk nýrra skáldsagna. Ævisögur hafa ekki eins mikinn lestur og þær höfðu fyrir nokkrum árum. Lestraráhugi hefur verið mikill á þessu ári og ótrúlega margar bækur hafa verið í útláni. Mér sýnist að þótt safnið hafi verið lokað á tímabili og svo einungis opið hálfan dag þá hafi útlán ekkert minnkað frá fyrra ári. Fólk hefur verið að birgja sig upp og hefur greinilega meiri tíma til lesturs.“

Hægt er að hafa nýjar bækur



Guttormur Þorsteinsson segir starf bókavarda mjög fjölbreytt og skemmtilegt en hann hefur verið með leshring á vegum safnsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

”Margir bíða með að panta bók á safninu fyrir jól í von um að fá ákveðnar bækur í jólagjöf. Ef hún leynist ekki í jólapakkanum koma þeir á nýju ári.

að láni í tvær vikur en Guttormur segir að flestir skili fljótt aftur til að ná sér í aðra bók. Allar bækur eru sóttreinsaðar eftir notkun og tímarit eru sett í sóttkví.

„Við fylgjum öllum sóttvarnareglum og sprittum allt yfirborð á safninu. Hægt er að panta bækur í gegnum netið og sækja. Fólk þarf bara að skrá sig inn með leyni-orðinu sínu á heimasíðu safnsins en einnig er hægt að hringja til okkar,“ segir hann.

„Gestir safnsins eru frekar í eldri kantinum. Börn eru þó stór hópur viðskiptavina og þau koma yfirleitt með foreldrum sínum. Nemendur hafa komið í safnið til að glugga í skólabækur en minna hefur verið um það á þessu ári vegna takmarkana. Margir bíða líka með að panta bók fyrir jól með von um að fá ákveðnar bækur í jólagjöf. Ef hún leynist ekki í jólapakkanum koma þeir á nýju ári.“

Guttormur hefur starfað við safnið frá árinu 2007 og líkað vel. „Þetta er mjög fjölbreytt og skemmtilegt starf. Ég hef verið með leshring á vegum safnsins og í honum lesum við að minnsta kosti eina skáldsögu í mánuði sem er mjög skemmtilegt,“ segir hann. Guttormur segist sjálfur lesa minna en hann langi til. Hans uppáhaldsbækur eru vísindaskáldsögur og fræðibækur.

Bókin stendur alltaf fyrir sínu

Það jafnast ekkert á við það að gleyma sér í lestri og láta bókina grípa sig hjartökum. Nú er hægt að kaupa ársáskrift að gæðabókum hjá bókaforlaginu Angústúru til að gefa í jólagjöf.

Bókaforlagið Angústúra var stofnað haustið 2016 og hefur sett svip sinn á markaðinn með útgáfu athyglisverðra bóka fyrir börn og fullorðna. Stofnendur forlagsins eru þær María Rán Guðjónsdóttir og Þorgerður Agla Magnúsdóttir, sem báðar búa yfir fjölbreyttri reynslu úr útgáfuheiminum. „Við höfum frá upphafi lagt áherslu á þýðingar, bæði fyrir börn og fullorðna, en gefum einnig út einstakar bækur eftir íslenska höfunda. Þar má meðal annars nefna Hjörleif Hjartarson og Rán Flygenring, Birtu Þrastardóttur, doktor Ármann Jakobsson, Lani Yamamoto og Soffíu Bjarnadóttur,“ segir Þorgerður Agla.

Vinsælar í jólapakkann

Angústúra gefur út bókaflökk sem samanstendur af fjórum þýðingum á ári sem hægt er að vera áskrifandi að og er ársáskrift vinsæl í jólapakkann að sögn Maríu Ránar. „Þá gefur viðkomandi eina bók úr bókaflökknum og gjafakort upp á þrjár til viðbótar eða gjafakort upp á fjórar bækur. Þetta er áhugaverð verk frá ýmsum heimshornum sem slegið hafa í gegn í heimalöndunum og víðar. Vandaðar þýðingar sem gefa innsýn í ólíka menningarheima og víkka sjóndeildarhringinn.“

Margverðlaunaðar bækur

Ársáskrift kostar aðeins 11.920 krónur með sendingarkostnaði. „Snæfríð Þorsteins fékk tilnefningu til Hönnunarverðlauna Íslands fyrir hönnun bókanna og þýðendur þeirra hafa fengið tilnefningar



María Rán Guðjónsdóttir og Þorgerður Agla Magnúsdóttir eru stofnendur Angústúru.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Vinsælar í bókaflökknum

Þær segja áskrifendum hafa fjölgað jafnt og þétt á síðustu þremur árum. „Þeir eru á öllum aldri, frá tvítugu fólki og upp í níuætt. Bækurnar eru mikið lesnar í bókaflökknum, enda eru þetta magnaðar sögur sem opna á fjölbætta umræðu eftir margverðlaunaða höfunda. Við vöndum okkur mikið við val á verkum í bókaflökknum og leitum fanga víða. Einnig leggjum við mikla áherslu á gæði því þótt innihaldið sé það mikilvægasta skiptir hönnun, pappír og persónuleg þjónusta einnig máli. Að bókin sé fallegur gripur sem fólk vilji hafa heima hjá sér,“ segir María Rán.

Lestur virkjar ímyndunaraflíð

Þrátt fyrir nær endalaust framboð af ýmiss konar afþreyingu heldur bókin svo sannarlega velli að þeirra mati. „Bókin stendur alltaf fyrir sínu. Bóklestur er einstakur því hann virkjar ímyndunaraflíð. Það jafnast eiginlega ekkert á við það að gleyma sér í lestri, láta bókina grípa sig hjartökum og sleppa oft ekki fyrr en löngu síðar,“ segir Þorgerður Agla.

Þær eru því bjartsýnar á framhaldið. „Við ætlum að halda áfram á sömu braut, gefa út góðar og vandaðar þýðingar fyrir börn og fullorðna en einnig eru nokkrar spennandi bækur á útgáfalista næsta árs eftir íslenska höfunda,“ segir María Rán.

Allar nánari upplýsingar á angustura.is.








Nýjasta bókin er skáldsaga frá Íran.



Sérhönnuð kort fylgja hverri bók.

til Íslensku þýðingaverðlaunanna. Auk þess hafa bækurnar verið valdar bestu þýddu bækur ársins af bóksöllum á Íslandi en í fyrra átti Angústúra allar þrjár bestu þýddu bækur ársins að þeirra mati: Glæp við fæðingu eftir Trevor Noah, Konu í hvarfpunkti eftir Nawal El Saadawi og Hnitmiðaða kinverskenska orðabók fyrir elskendur eftir Xiaolu Guo. Verkin hafa verið þýdd á fjölmörg tungumál og hlotið virt verðlaun og viðurkenningar víða um heim. Það er því óhætt að segja að áskrifendur okkar fái frábærar bækur inn um lúguna,“ segir Þorgerður Agla.

Pottþéttar bækur



SKRUDDA
Hamarshöfða 1 - 110 - Reykjavík
skrudda@skrudda.is - 5528866
www.skrudda.is

Orti um köttinn Fúsa og fótbolta

Freyja Þórsdóttir vann önnur verðlaun í ljóðasamkeppni í byrjun árs. Hún segir ævintýralegt að hafa sent inn ljóð undir dulnefni og svo fengið símtal. Það sé líkast því að fá svar við flöskuskeyti.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserana@frettabladid.is



Freyja hefur bakgrunn í heim-speki, sem endurspeglast skýrt í skrifum hennar og vangaveltum. „Ég nam heimspeki við Háskóla Íslands, vinn hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar og reyni að sinna skapandi hlutum samhliða eins og ég get,“ segir Freyja.

Lastu mikið sem barn?

„Ég man að mér þóttu bækur alltaf spennandi. Við mamma vorum til dæmis að rifja það upp að barnaljóðabækur Þórarins Eldjárns féllu vel í kramið hjá mér en í rauninni á ég fleiri minningar af mér að skrifa en lesa. Mér fannst gaman að hugsa upp nýja heima og skrifaði mikið ljóð og einhverjar sögur.“

Áttu þér uppáhaldsrithöfund?

„Ekki beint en sumir fá á sig hálfgerðan dýrdarljóma. Sylvia Plath var mér til dæmis mjög hugleikin á tímabili og Virginia Woolf hefur einhvern töframátt. Las smásögu hennar Kew Gardens um daginn í íslenskri þýðingu og varð heilluð. Emily Dickinson er líka með einstaka sýn á heiminn og það var að koma út virkilega falleg þýðing á hennar verkum sem ég er búin að glugga í. Er líka spennit fyrir Clarice Lispector og kann vel að meta það



Freyja segir frelsandi að geta komið frá sér sannleika eða meiningu með góðu móti en stundum íþyngjandi að geta það ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

sem ég hef lesið eftir Kafka. Svo er Guðrún Eva alltaf frábær.“

En uppáhaldsbók?

„Mjög erfitt að velja. Margar þeirra bóka sem hafa hreyft mest við mér eru reyndar heimspenirit – að lesa úr Hinu kyninu eftir Beauvoir í fyrsta sinn var mögnuð upplifun svo dæmi sé tekið. Og Ferlið og dygðin eftir Laozi er yndisleg svo ég hoppi í enn aðra

átt. Yosoy eftir Guðrúnu Evu finnst mér líka rosa fin. Og til að nefna eitthvað nýlegt í uppáhaldi þá er Herbergi í öðrum heimi eftir Maríu Elísabetu Bragadóttur skínandi perla.“

Hvenær byrjaðir þú að skrifa ljóð?

„Ég skrifaði mikið ljóð sem barn. Það gerðist frekar náttúrulega. Stóra systir mín sem er ein mesta

fótboltasál sem ég þekki, lét mig læra nöfnin á öllum leikmönnum Arsenal svo ég vann úr upplýsingunum í ljóðagerð. Fyrstu ljóðin mín fjalla mikið um Fúsa gamla köttinn minn og fótbolta.“

Hvar færðu hugmyndir að efnistöku?

„Eiginlega alls staðar.“

Þú varðst í 2. sæti í ljóðasamkeppni Jóns úr Vör í byrjun árs. Hvernig var sú tilfinning?

„Það var ævintýralegt ferli að senda inn ljóð í lokuðu umslagi undir dulnefni og fá síðan símtal. Dálítið eins og að fá svar við flöskuskeyti sem maður gerði ráð fyrir að sjórinn myndi gleypa. Ég var í vinnunni, fylltist barnslegri gleði og faðmaði vinnufélaga minn kröftuglega en varð svo skelfingu lostin þegar ég áttaði mig á því að ég þyrfti að skrifa út úr skelinni við hátiðlega athöfn. En þetta var bara yndisleg stemning og dómnefndin gaf ljóðinu mínu umsögn sem var betri en ljóðið sjálft. Tilvalið fyrir fólk sem er feimið en skrifaði að skella sér í dulargervi og senda inn í svona fina keppni.“

Skrifaðu fleira en ljóð?

„Ég er mest að gera tilraunir með ljóð, esseyjur og styttri sögur en skrifa oft hugleiðingar í frjálsu flæði sem ég veit ekki endilega hvað er best að gera með. Stundum kemur hugsunin á undan „forminu“ sem hún fær. Sem dæmi var ég

búin að þæla mjög mikið í „tjáningu“ frá ýmsum vinklum og sá fyrir mér að skrifa ritgerð um efnið. Ég var að hugsa um það hvernig allar lífverur búa yfir dulnum innri upplifanaheimi sem þær hafa oft brennandi þörf fyrir að koma út en eru svo misvel í stakk búnar til þess,“ útskýrir Freyja.

„Ég fór að imynda mér fyrstu hljóðrænu tjáninguna í sögunni. Og hvernig maðurinn hefur með tíð og tíma öðlast margbrotið tungumál til að tjá sig með, á nákvæman, blæbrigðaríkan hátt. Og hvað það er mikið frelsi að geta komið frá sér sannleika eða meiningu með góðu móti og stundum íþyngjandi að geta það ekki. Síðan skrifaði ég áðurnefnt ljóð sem fékk viðurkenningu og sá það eftir á að þessar vangaveltur um tjáningu lágu að miklu leyti til grundvallar. Þær flæddu eiginlega ómeðvitað út í ljóðformið sem ný kjörnun á fyrri hugsuninni. Sem sagt: oft kemst sama grunnþæling fyrir í ljóði, sögu, ritgerð eða öðru – formið er ekki alltaf ráðandi þáttur. Mér finnst skemmtilegt að flakka á milli.“

Ertu með áform um að gefa út efni?

„Það væri mjög gaman en ég veit eiginlega ekki hve stutt eða langt ég er komin. Ég mun að minnsta kosti halda áfram að spyrja listagjöfuna hvort hún nenni að vera memm.“

Þarfasti þjónninn í nýju ljósi

Hestar geta líka farið út fyrir rammann með alls kyns uppátækjum og þeir eiga stórt pláss í sögu þjóðarinnar. Saga íslenska hestsins er rakin á skemmtilegan hátt í máli og myndlýsingum.

Sögu íslenska hestsins eru gerð góð skil í bráðskemmtilegri, fróðlegri og fallegri bók eftir þau Hjörleif Hjartarson og Rán Flygenring sem saman sendu frá sér bókina Fugla árið 2017. Nýja bókina hefur hlotið afar góða dóma og mikla athygli enda ekki á hverjum degi sem þarfasti þjónninn birtist með jafn skrautlegum og skemmtilegum hætti á bókformi.

Auk Fugla og Hesta unnu þau Hjörleifur og Rán saman Söguna um Skarphéðin Dungal sem kom fram með nýjar kenningar um eðli alheimsins, ásamt hönnunarteyminu Studio Studio.

Öðruvísi hestabók

Þau segja hugmyndavinnuna á bak við Hesta vera svipaða og Fugla, sem er að taka þessi fyrirbæri út fyrir hinn hefðbundna ramma fræðibókanna. „Það hafa verið gefnar út margar hestabækur sem fjalla um keppnishesta og kynbótadóma. Engum sem ekki er innvígður í hestamennsku dettur í hug að lesa svoléiðis bækur,“ segir Hjörleifur. „Við erum fyrst og fremst að segja sögur af hestum sem hafa á einhvern hátt farið út fyrir rammann með alls kyns uppátækjum. Þannig sögur er að finna í þjóðsögum og fornsögum en líka úr daglegu lífi fólks, einkum frá þeim tíma þegar nánast hver einasti maður var í daglegum samskiptum við hesta. Íslenski hesturinn hefur alla tíð verið svo fyrirferðarmikill í hinni daglegu lífsbaráttu á þessu skeri og hann á svo stórt pláss í hjörtum okkar,“ bætir Rán við.



Bókin Hestar er eftir þau Hjörleif Hjartarson og Rán Flygenring. MYND/ABSEND

Hugmyndin kviknaði í Hörpu

Hestabókin á sér nokkurn aðdraganda en segja má að fyrstu drögín hafi verið lögð í leik- og tónlistardagskrá sem Hjörleifur skrifaði fyrir Landssamband hestamanna og var flutt í Hörpu á hestadögum árið 2014. „Þar fóru Hilmir Snær og hljómsveitin

Brother Grass á kostum í rammíslenskri bluegrass-hesta-lofgjörð. Þetta var meiriháttar kokteill og þar var sleginn algerlega nýr tónn í annars heldur staðlaða umfjöllun um íslenska hestinn. Við vorum nokkuð viss um að við myndum slá í gegn á pari við Helga Björns en það gekk ekki alveg eftir og í



Bókin Hestar er fallega myndskreytt.



Hestar er vönduð bók fyrir alla.

rauninni komu sárafair í Hörpu til að sjá þetta tímamótaverk. En ég átti allavega einhvern texta í skúffunni og því ekki út í loftið að við Rán gerðum saman hestabók. Þess utan er Rán mikill hestamaður og þekkir þessar skepnur út og inn. Ég er meira svona sveitamaður.“

Við erum fyrst og fremst að segja sögur af hestum sem hafa á einhvern hátt farið út fyrir rammann með uppátækjum.

Von á fleiri bókum

Eftir útgáfu Fugla og Hesta liggur beinast við að spyrja um framhaldið – Megum við eiga von á fleiri bókum frá tvíeykinu á næstu árum? „Við munum ábyggilega semja fleiri bækur saman og höfum rætt ýmsar hugmyndir, jafnvel hugmyndir að næstu bók í þessum „bókaflokki“, en þær eru ekki komnar á það stig að við viljum ræða það neitt frekar. Tíminn mun leiða það í ljós,“ segir Rán.

Hestar fæst í bókabúðum og öðrum útsölustöðum bóka.



BÓKABÚÐ FORLAGSINS

GERÐU JÓLAINNKAUPIN HJÁ OKKUR



Verslaðu í rólegheitum á forlagid.is

Einnig er hægt að panta með því að hringja í síma **575 5600** milli 10 og 17 eða senda póst á forlagid@forlagid.is

Við tökum bækurnar til, pökkum þeim inn, merkjum þær sé þess óskað og sendum þær síðan heim til kaupanda eða viðtakanda gegn vægu sendingargjaldi. Einnig er hægt að sækja bækurnar á Fiskislóð 39.

Hjartanlega velkomin!


ÓTRÚLEGT ÚRVAL BÓKA FRÁ ÖLLUM ÚTGEFENDUM LANDSINS

- Næg bílastæði
- Rúmt í versluninni – auðvelt að halda tveggja metra fjarlægð
- Spritt og grímur í boði
- Sameiginlegir snertifletir sótthreinsaðir reglulega
- Innpökkunarborð og merkimiðar


 LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10-19 alla daga fram að jólum | www.forlagid.is

JÓLAHÁTÍÐIN HEFST



Er ekki á leið
TILBOÐSVERÐ: 2.899.-
Verð áður: 3.999.-



Ljóðin hans pabba
Verð: 5.999.-



Aprílsólarkuldi
TILBOÐSVERÐ: 4.299.-
Verð áður: 5.999.-




Dauði skógar
TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-




Váboðar
TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-



Stigið á strik
TILBOÐSVERÐ: 2.899.-
Verð áður: 3.999.-



History
TILBOÐSVERÐ: 5.599.-
Verð áður: 7.999.-



Parwana
TILBOÐSVERÐ: 4.409.-
Verð áður: 6.299.-

FRÍ HEIMSENDING*


EF PANTAÐ ER FYRIR 5.000 KR.
EÐA MEIRA Á VEFNUM OKKAR.



Þú færð SMS og símtal áður en við mætum.
Við gætum fyllsta hreinlætis og fylgjum ráðleggingum
um sóttvarnir í öllum okkar afhendingum.
*á ekki við um húsgögn.



Still - The Slow Home
TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-



Troy
TILBOÐSVERÐ: 3.359.-
Verð áður: 4.799.-




The Ickabog
TILBOÐSVERÐ: 3.989.-
Verð áður: 5.699.-




VIÐ ÞÖKKUM INN FYRIR ÞIG
OG ÞÚ KÍKIR Í TÍMARIT!




MEÐ GÓÐRI BÓK!



Litla gula hænán
TILBOÐSVERÐ: 3.199.-
Verð áður: 4.499.-



Dagbók Kidda klaufa 13 -
Snjóstríðið
TILBOÐSVERÐ: 3.699.-
Verð áður: 4.999.-



Ugla eignast vin
TILBOÐSVERÐ: 1.899.-
Verð áður: 2.499.-



Fíásól
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 4.999.-



Grísafjörður
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 4.999.-




Bræðurnir breyta jólnum
TILBOÐSVERÐ: 1.999.-
Verð áður: 2.599.-




Herra Bóbó, Amelía
og ættbrókin
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 4.999.-



Fíllinn fljúgandi
TILBOÐSVERÐ: 2.899.-
Verð áður: 3.999.-




Systkinabókin
TILBOÐSVERÐ: 2.899.-
Verð áður: 3.999.-



Skógurinn
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 4.999.-



Ég er kórónuveiran
TILBOÐSVERÐ: 2.499.-
Verð áður: 3.299.-



Blokkinn á heimsenda
TILBOÐSVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 4.499.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 15. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Styrkleikinn liggur í sorginni

Ásta Björk Sveinbjörnsdóttir gaf út sína aðra ljóðabók, Ísbláa birtu, fyrr á árinu. Í ljóðunum fjallar Ásta um bæði gleðina og sorgina en hún segir sorgina alltaf standa henni nærri eftir sonarmissi.

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Aðdraganda Ísblárrar birtu má rekja til upphafs ársins 2018 þegar Ásta ákvað að byrja árið með því að semja eitt ljóð á dag.

„Ég gerði það alveg í þrjá mánuði en fór þá aðeins að minnka það,“ útskýrir Ásta. Ljóðin í bókinni eru flest ort um veturinn og vorid það ár og bera keim af árstíðinni.

Bókinni skiptir Ásta upp í fjóra kafla eftir innihaldi ljóðanna.

Fyrsti kafli bókarinnar, Djúpláir skuggar, fjallar um veturinn og vorid en eins og fram kemur í ljóðunum eru myrkrið og ljósið aldrei langt undan.

Annar kafli, Þú heyrir söng þinn nálgastr, fjallar um drauma en Ásta útskýrir að þegar myrkrið er sem mest eru draumarnir dökkir. Síðasta ljóðið er um draum að vori þegar ljóðmælandinn vill ekki vakna upp af falllegum draumi ljóssins og sólarinnar.

Þriðji kafli, Stjörnuhrap, fjallar um sorgina, návist hennar og dauða ástvina og fjórði og síðasti kafli, Skuggar okkar þræða götuna, er til óráðrar persónu.

„Kafli er til þín, hver sem þú ert, það er bara einhver þú en ekki nein ákveðin manneskja,“ útskýrir Ásta.



Ísbláa birta er önnur ljóðabók Ástu.

Upphaflega ætlaði Ásta að hafa fimm kafla í bókinni en hún tók einn þeirra út þar sem ljóðin í honum voru sett upp ólíkt hinum.

„Ljóðin sem ég skrifaði um sumarið eru ekki í bókinni en verða í þeirri næstu. Það eru prósaljóð sem fjalla um garðinn minn.“

Ásta útskýrir að þriðji kafli um sorgina og dauðann komi til vegna þess að hún hefur upplifað að missa bæði son sinn og bróður sinn.

„Hún er eiginlega það sem stendur mér næst, þessi sorg sem er alltaf til staðar. Hún fer aldrei. Ég held að styrkleiki minn liggur í sorginni og angurværðinni. Mér



Ásta Björk Sveinbjörnsdóttir sendi frá sér ljóðabók fyrr á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

finnst það oft vera bestu ljóðin mín, kannski af því þau koma mest frá hjartanu.“

Fyrsta ljóðabók Ástu, Sonur frá árinu 2013, fjallar einmitt um sonarmissinn, en Ásta segir það tvímælaust hjálpa henni í sorginni að yrkja ljóð.

„Þegar ég skrifaði fyrri bókina þá byrjaði ég stuttu eftir að sonur minn lést að skrifa miða með litlum ljóðum. Ég átti bunka af litlum gulum miðum. Ég fór svo að raða þeim saman og sá að ég gæti skrifað bók í hans minningu.“

Ásta er 68 ára á gömul en hún útskrifaðist úr meistaranámi í ritlist frá Háskóla Íslands núna í febrúar. Hún segir að þrátt fyrir að hafa ekki gefið bækur út fyrr hafi hún alla tíð skrifað mikið.

„Þegar ég lærði íslensku þá tók ég ritlist með. Mér fannst það svo skemmtilegt að ég ákvað að þegar ég hætti að kenna myndi ég drífa mig í meistaranámið,“ útskýrir Ásta sem lét drauminn rætast eftir að hún lét af störfum.

Ísbláa birta er gefin út af fjölskyldufyrirtækinu Blómatorginu

á Birkimel. Barnabarn Ástu, Sveinbjörn Rúnarsson, myndskreytti bókina og tengdadóttir hennar, Stefánía Ragnarsdóttir, setti hana upp fyrir prentun.

Úr lokakafli Ísblárrar birtu

9
við Galtará
klippti ég lokka þína
batt spotta
um minninguna
læsti í óskju
eigraði um
í húminu

Listaupplifun á furðuhjólum

Í barnaljóðabókinni Sólarhjólínu öðlast lesendur spennandi listaupplifun og fara í skemmtilegt ferðalag á skringilegum hjólum sem enn eru ekki til og mæta þá furðuverum, dýrum og hlutum.

Sólarhjólíð er eins og lífsins gangur og á því ferðast maður í gegnum tilveruna og mætir bæði börnum og fullorðnum, dýrum, furðuhlutum og kostulegum hugmyndum sem vekja forvitni manns og hafa sín áhrif. Sjálfur fer ég flestra minna ferða á hjóli, svo það er nærtækt, en í bókinni leik ég mér líka að því að skapa alls kyns hjól sem eru ekki enn þá til, svo sem sjóhjul, langhjól og leikjahjól,“ segir Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson rithöfundur um nýju barnaljóðabókina sína, Sólarhjól.

Bókina vann Aðalsteinn í samstarfi við Högna Sigurþórsson teiknara en þeir Högni sendu frá sér barnabókina Kvæðið um Krummaling sem hlaut afbragðs góðar viðtökur fyrir þremur árum.

„Hugmyndin að Sólarhjólínu kviknaði fyrir um tveimur árum þegar við Högni sátum að spjalli og urðum sammála um að hjólið væri skemmtilegt viðfangsefni í barnabók. Ég lagði strax fyrstu drög að verkinu sem við höfum unnið að allar götur síðan en við Högni vinnum verkin okkar sjálfstætt og látum þau kallast á þannig að mynd og ljóð bæti hvort annað upp,“ útskýrir Aðalsteinn.

Ljóðin í Sólarhjólínu eru sjálfstæð en tengjast þó innbyrðis og myndir Högna eru af ýmsu tagi og stílgæðum.

„Sólarhjólíð er ekki beinlínis saga heldur er farið vitt og breitt um heim hjólsins og hjólað framhjá alls kyns fyrirbærum. Þetta eru háttbundin ljóð sem eru alls konar



Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, rithöfundur og útgefandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

í laginu og bæði ljóð og myndir eru með fjölbreyttu sniði og stíl. Á Íslandi er rík hefð fyrir myndskreyttum barnaljóðabókum og ég held það sé gott að blanda saman ljóðum og myndum fyrir börn því myndformið er ágengara, það gripur augað fyrst, situr eftir og kannski löngu síðar rifjast upp ljóð við það eitt að sjá myndina.“


Börn hafa gaman af ljóðum

Bókin um Sólarhjólíð er hugsuð fyrir unga lesendur og upp úr.

„Þetta er góð bók til að lesa með börnum og góð bók fyrir yngri börn sem hafa yfirleitt mjög gaman af ljóðformi, rími og stuðlum. Það er min reynsla. Þau

læra fljótt heilu hendingarnar og fá þannig sjálf tilfinningu forminu. Hugmynd okkar Högna er að þau fái jafnframt breiða sýn á myndlist í gegnum bókina. Sólarhjólíð ætti þannig séð að vera listupplifun fyrir börnin,“ segir Aðalsteinn um nýju barnaljóðabókina sem er alls ekki einsleit heldur margleitt.

„Þótt bókin sé sköpuð með unga lesendur í huga verður líka alltaf að vera eitthvað til staðar sem gripur eldri lesendur sem koma að verkinu með þeim ungu. Eitt-hvað sem börn bera ekki endilega skynbragð á en hægt er að tala um saman og kemur skemmtilega á óvart. Það er ekki alltaf allt jafn einfalt og það virðist við fyrstu sýn



og með kápumyndinni förum við líka óhefðbundna leið í barnabókarkápu, enda treystum við lesandanum til að veга og meta; að skoða og skilja.“

Berrössuð á tánum 25 ára

Önnur heillandi barnabók sem kemur út fyrir jólin hjá Dimmu er 25 ára afmælisútgáfa af Berrössuð á tánum. Efnid kom upphaflega út á plötum með tónlist Aðalsteins í eftirminnilegum flutningi hans

sjálf og Önnu Pálinu Árnadóttur og var það fyrst flutt á ótal tónleikum, en meðal eftirminnilegra persóna úr þeirri flóru er til dæmis kötturinn Krúsilius.


„Þar er að finna góðkuningja margra barna sem nú eru orðin stór, eins og Argintætu, Bulltröllin, Eldinn, Hákarlinn og fleiri persónur sem eru enn í fullu fjóri,“ segir Aðalsteinn.

„Þegar rann upp fyrir mér að komin væru 25 ár síðan fyrsta efnid úr þeim sjóði birtist ákvað ég að Berrössuð á tánum ætti líka að koma út á bókformi. Sigrún Eldjárn myndskreytti á sínum tíma tvo diska með þessu efni, og teiknaði mynd með hverju lagi og ljóði, en nú þegar allt er komið inn á rafrænar tónlistarveitur týnast bæði textar og myndir, sem mér fannst synd. Í nýju útgáfunni er örlítið af nýju efni líka og virkilega gaman að geta gefið hana út nú á afmælisárinu,“ segir Aðalsteinn sem stofnaði bókaútgáfuna Dimmu árið 1992.

„Ég er svo heppinn að vera minn eigin útgefandi. Ég fann það út fyrir löngu að það væri langbest að ég fengi að ráða yfir mér og mínu efni sjálfur. Ég er því stundum í hlutverki útgefandans og þarf að semja við höfundinn. En þeim tveim kemur ágætlega saman og rífast sjaldan, þótt þeir séu ekki alltaf alveg sammála,“ segir hann kankvís.

Sjá allt um fjölbreytta útgáfu Dimmu á dimma.is

JÓLABÆKURNAR FÁST Í NETTÓ



Verstu kennarar í heimi
Ef þú kannast við verstu börn í heimi skaltu búa þig undir dálítið miklu, miklu verra ...

2.699 kr.



Una þrjónabók

Una þrjónabók er samstarfsverkefni vinkvonnanna Sjafnar og Sölu Sölar. Sjöfn hefur þrjónað allt sitt líf en Salka tók fyrst upp þrjónana fyrir um ári. Þær ákváðu að þrjóna saman eina flik, sem varð að heilli línu – sem varð svo að þessari fallegu bók.

3.999 kr.



Hrein karfa

Lifandi og skemmtileg bók, stútfull af myndum, fyrir allt áhugafólk um körfu. NBA-deildinni eru gerð góð skil sem og íslenskum körfubolta. Ungir íðkendur fá ráð frá besta körfuboltafólki þjóðarinnar fyrr og síðar.

3.999 kr.



Hellirinn - Blóð, vopn og fússum svei
Afi Jaki leiðir Ástu og Kötú á vit ævintýrana í æsispennandi langferð sem reynist mikil háskaför.

2.599 kr.



Fólkið í blokkinni #3 - Gleðiloft og glópalán

Fólkið í blokkinni sló í gegn þegar Ólafur Haukur birti okkur fyrst hið makalaus og hrifandi mannlífssafn. Hér eru komnar glænýjar og spennandi sögur af fólkinu í blokkinni. Það skiptast á skin og skúr eins og vera ber, en ef við hjálpumst öll að og hlæjum dálítið saman gengur allt betur. Ekki satt?

2.599 kr.



Liverpool: flottasti klúbbur í heimi

Liverpool hafði ekki unnið meistaratitilinn í 30 ár. Aðdáendur voru orðnir vonlitlir en þá kom þjóðverjinn Jürgen Klopp til skjalanna og setti á nokkrum árum saman eitt öflugasta fótboltaíð sögunnar.

2.599 kr.



Kennarinn sem hvarf sporlaust
Loks er komið að skíðaferðalaginu hjá 6. BÖ og Sara er mjög spennit. Krakkarnir hafa næstum gleymt því þegar kennaranum var rænt fyrr um veturinn enda örugg frá mannræningjanum sem er fastur bak við lás og slá.


3.299 kr.



Nornasaga 2 - Nýársnótt

Æsispennandi framhald bókarinnar Nornasaga – Hrekkjavakan. Hún er ríkulega myndskreytt.

3.459 kr.



Spæjarapæjur - Klækjabrógð

Mína er á leiðinni í háskóla. Sína, sem er farin á undan Mínú í skólann, biður hana um að taka með sér pakka. Mína sækir hann en þá hefst undarleg atburðarás með æsilegum eltingarleikjum.

2.599 kr.



Tommi klúður - Mistök voru gerð
Tommi rekur einkaspæjara-fyrirtækið Algert Klúður með viðskiptafélagu sínum. Hann er, að eigin sögn, stofnandi, forstjóri og framkvæmdastjóri bestu spæjarastofu í bænum – já og sennilega á öllu landinu!

2.599 kr.



Gildistími: 11.–13. desember

JÓLAINNKAUPIN
hafa aldrei verið eins leikandi létt. Þú færð jólabækurnar á **netto.is**

Með því að nýta þér netverslun Nettó sparar þú þér tíma í jólaamstrinu. Nýttu tímann frekar í að lesa góða bók.

nettó
Lægra verð – léttari innkaup

Kvennabókmenntir í aðalhlutverki

Hrund Ólafsdóttir hefur verið í leshring með skólasystur sínum frá háskólaárunum í nær fjörtíu ár. Þær lesa eingöngu bækur eftir konur og hittast mánaðarlega til að ræða um bókmenntir.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Hrund segir að námskeið hjá Helgu Kress, sem nú er prófessor emeritus í almennri bókmenntafræði, hafi verið kveikjan að leshringnum. „Við sátum saman námskeið hjá Helgu sem hét kvennabókmenntir veturinn 1980-1981, og var kennt bæði í almennri bókmenntafræði og íslenskudeildinni. Fyrir okkur var þetta námskeið algjör bylting og þegar því lauk vildum við ekki hætta að lesa og ræða um bækur eftir konur og ákváðum því að stofna leshring. Við vorum á öllum aldri, allt frá tvítugu og upp í sextugt. Fyrstu árin lásúm við í bland skáldsögur, ljóð, smásögur og fræðigreinar um bókmenntir. Smátt og smátt sitruðum fræðin burt að mestu og núna lesúm við helst skáldsögur, ljóð og smásögur,“ segir Hrund og bætir við að einu sinni hafi verið gerð undantekning og lesin bók eftir karlmann. „Sonur einnar í hópnum gaf út bók sem við ákváðum að lesa. Það verða að vera blóðtengsl til að við gerum undantekningu frá kvennabókmenntum,“ segir Hrund kankvíslega.

Hver og ein getur komið með tillögu að bók til að lesa og kryfja til mergjar. „Næst ætlum við að hittast á netinu eða í holdinu, ef það verður hægt, og ræða um tvær bækur sem eru í áskriftaröðinni hjá Angústúru. Önnur heitir Tíkin og er eftir Pilar Quintana frá Kólumbíu. Hin heitir Sendiboðinn og er eftir japanska rithöfundinn Yoko Tawada. Á þessum árstíma erum við vanar að hittast á jólafundum og lesa nýttkominn ljóð upphátt hver fyrir aðra en það verður ekki í ár. Síðan er fastur liður að hittast í janúar og fara yfir þær nýttkomnu bækur sem við höfum lesið. Við erum allar miklir lestrarhestar,“ segir Hrund.

Ævilöng tengsl

Dýrmæt vinátta hefur skapast í gegnum leshringinn. „Sem hópur hittumst við eingöngu í þeim tilgangi að lesa bækur og ræða um bókmenntir út frá fémínísku sjónarhorni. Það gerist sjálfkrafa því við erum allar fémínístar,“ greinir Hrund frá.

Í leshringnum eru auk hennar



„Við sátum saman námskeið hjá Helgu sem hét kvennabókmenntir veturinn 1980-1981. Fyrir okkur var þetta námskeið algjör bylting og þegar því lauk vildum við ekki hætta að lesa og ræða um bækur eftir konur og ákváðum því að stofna leshring,“ segir Hrund.

MYND/ADSEND

þær Edda Kjartansdóttir, Hrefna Haraldsdóttir, Ragna Steinarsdóttir, Ragnheiður Jóna Jónsdóttir, Ragnhildur Richter, Sigurrós Erlingsdóttir, Soffía Auður Birgisdóttir og Þórunn Sigurðardóttir. Þær Rannveig Löwe og Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir eru látnar. Gyða Jónsdóttir var lengi með þeim en lést fyrir nokkuð löngu.

En hvaða bækur skyldi Hrund vera að lesa núna?

„Ég er að lesa barnabækur eftir Sigrúnu Eldjárn; Silfurlykilinn, Kopareggið og Gullfossinn. Ég les allt mögulegt og hef mikinn áhuga á að lesa barna- og unglingsbækur.

„Einhvern tímann uppgötvaðist að enginn ætlaði að gefa mér bók í jólagjöf og þá varð uppi fótur og fit í fjölskyldunni svo að endingu fékk ég bók.“

Sigrún Eldjárn er í miklu upphaldi hjá mér. Fyrir stuttu lauk ég við að lesa Eldana eftir Sigríði Hagalín. Ég gat varla lagt bókina frá mér heldur las hana í einum rykk. Þetta er alvörubók með

djúpum tilfinningum, flóknum söguþræði og spennu í bland og er vel upp byggð.“

Bókalestur hefur fylgt Hrund alla tíð, eða síðan hún lærði að lesa, fjögurra ára gömul. „Líklega les ég öðruvísi en margir sem lesa bara sér til ánægju en auðvitað er mismunandi af hverju fólk les bækur. Ég spái mikið í byggingu, stíl og frásagnarhátt. Ég hef gaman af því að fræðast og komast inn í annan heim, læra að þekkja mannfólkið betur en það er alltaf eitt hvað nýtt og spennandi í hegðun fólks sem kemur á óvart. Mér finnst líka skemmtilegt að fræðast um aðra heimshluta í gegnum

bækur og les bókmenntir frá öllum heimsins hornum. Angústúra er til fyrirmyndar að gefa út bækur frá fjarlægum heimshlutum, sem eru oft framandi. Ég er í áskrift að bókunum frá Angústúru og er alltaf spennst að fá nýja bók frá þeim,“ upplýsir Hrund.

Hún segist alltaf gefa bækur í jólagjöf og fær einnig bækur að gjöf. „Einhvern tímann uppgötvaðist að enginn ætlaði að gefa mér bók í jólagjöf og þá varð uppi fótur og fit í fjölskyldunni svo að endingu fékk ég bók. Mér finnst gaman að láta koma mér á óvart og vil alls ekki vita fyrir fram hvaða bók ég fæ í jólagjöf,“ segir Hrund.



Tímamótaverk

Ævintýrið um Dísu ljósálf er nú fáanlegt í endurbættri útgáfu með 112 litmyndum. Bókin er í stærra broti en eldri útgáfu svo litríkar myndirnar njóta sín til fulls.



107 REYKJAVÍK EFTIR AUÐI JÓNSDÓTTUR
& BIRNU ÖNNU BJÖRNSDÓTTUR

1.
prentun
uppseld

2.
prentun
komin
í verlanir!



„TÍÐARANDABÓK PAR EXCELLENCE!“

„107 Reykjavík læknar kannski ekki Covid en húmorinn í bókinni læknar leiðindin sem farsóttinni fylgja.
... Ótrúlega skemmtileg bók.“
Yrsa Sigurðardóttir

„Öskurhló oft!“
Kamilla Einarsdóttir

„Þessi satíríska ærslasaga úr samtímanum fær mig bæði til að langa í tikka masala og fleiri sögur um ást á pöbbum.“
Póra Hallgrímsdóttir, lögfræðingur

„Ég sá þessar litríku og margbrotnu persónur strax fyrir mér lifna við fyrir framan kvikmyndavélarnar!“
Inga Lind Karlsdóttir, framleiðandi

ÚR KILJUNNI (einþáttungur)

Þorgeir Tryggvason:

„Eftir 100 ár, þegar arftaki þinn situr hér og er að gera Bækur og staði, þá mun hann fara á Ægisíðuna og þá verður lesið upp úr þessari bók ... Tíðarandabók par excellence.“

Kolbrún Bergþórsdóttir við Egil:

„Mér fannst gaman að sjá þig í bókinni – og líka mig.“

Egill Helgason:

„Gísli Marteinn er oftast í bókinni en ég.“

Fjallar nánast um allt nema rigningu

Aðalsteinn Emil Aðalsteinsson gaf nýverið út bókina 500 dagar af regni en hún inniheldur níu smásögur úr samtímanum. Hann segir blendnar tilfinningar fylgja því að gefa út sína fyrstu bók.

Pegar Aðalsteinn er beðinn um að segja frá sér í stuttu máli gerir hann nákvæmlega það. „Ég er fæddur 1994, uppalinn í Kópavogi og hef búið þar alla tíð. Mamma er kennari og pabbi hárgreiðslumaður. Ég er miðjubarn. Á fjögurra ára dóttur og sjö ára stúpson. Þetta var mjög stutt!“

Hvenær byrjaðir þú að skrifa?

„Ég byrjaði að skrifa texta mjög ungur. Fyrst um sinn fékkst ég við að semja tónlist og texta við hana, svo hef ég verið 16 ára þegar ég byrjaði að skrifa sögur. Síðan þá hefur þetta undið upp á sig einhvern veginn.“

Er einhver tiltekin bók eða höfundur sem hefur haft mikil áhrif á þig?

„Ég ætla að hafa þetta svar stutt og ófrumlegt: Halldór Laxness.“

Aðalsteinn segir bókina ekki sprottna út frá einhvers konar hugljómum, heldur hafi hún smám saman mótast og myndast yfir ákveðinn tíma. „Það er eiginlega ekki hægt að styðja fingri á eitt augnablik þar sem þetta er safn smásagna. Bókin varð til svolítið eins og hljómplata; fullt af efni sem varð til á nokkurra ára tímabili en á endanum urðu þessar níu fyrir valinu. Einhverjar höfðu komið út áður sem „singles“ í tímaritum.“

Viðfangsefni bókanna eru af ýmsum toga. „Fólk í öllum sínum breyskleika, gamlan mann með Bónuspoka fullan af Hitchcock-myndum, trúnaðarbrest með aðgangskóða að snjallsíma, börn sem kvelja dýr og önnur börn, veikindi, framhjáald, stórfloð



Aðalsteinn Emil Aðalsteinsson er höfundur bókanna 500 dagar af regni en hún hlaut Nýræktarstyrk Miðstöðvar íslenskra bókmennta árið 2020. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

”Ritstjórinn minn kallar þetta „fæðingarpunglyndi“. Ég held það sé mikið til í því. Því þegar öll kurl koma til grafar þá situr maður alltaf uppi með sjálfan sig. Þá skiptir lof eða last eða meðbyr eða mótvindur engu máli.

er sjálfstæður einstaklingur en samt þarf ég að standa og falla með honum í hvívetna. Þess vegna er þetta svolítið snúið.“

Nær sköpunargáfan út fyrir skriftirnar? Er eitthvað annað listform sem þú leggur stund á?

„Ég hef vasast í ýmsu gegnum tíðina. Tónlist, myndlist, sagnaskrif og nú upp á síðkastið hef ég alveg sérstakan áhuga á trésmíði. Ég trúi mjög á listsköpun sem heilun, sem þerapiu, hef notað hana sjálfur sem hjálpartæki til þess að yfirstiga ýmsa erfiðleika. Með fram skrifunum starfa ég í grunnskóla með krökkum á öllum aldri, mörgum hverjum sem funkera ekki vel í „hefðbundnu“ bóknámi. Ég er þeirrar gæfu aðnjótandi að fá að kynna þeim í gegnum listsköpun. Einkum trésmíði og handverk. Það eru ótrúlegir hlutir sem gerast þegar ímyndunaraflinu er gefinn laus taumurinn.“

og fleira. Eiginlega allt nema rigningu.“

Sagt hefur verið að dauðinn og myrkríð sé áberandi í bókinni, er það tilfellið? Og þá hvers vegna?

„Bók yrði ómerkileg ef hún rúmaði ekki allan skalann, dauða og líf, myrkur og ljós, einsemd og lífsfögnuð. Ég vona að það sé eitthvað af öllu því síðarnefnda til þess að vega upp á móti myrkrinu, dauðanum og einsemdinni. Það er annarra að skera út um það.“

Bókin hlaut nýræktarstyrk Miðstöðvar íslenskra bókmennta árið 2020 og hefur fengið góðar við-

tökur. Aðalsteinn segir þó blendnar tilfinningar fylgja því að gefa út sína fyrstu bók. „Það er bæði gaman og erfitt. Auðvitað eru forréttindi að fá að birta það sem maður er að skapa svo aðrir megi njóta þess, og reynslan af útgáfufurlinu hefur verið lærdómsrík. Fyrst um sinn er þetta mjög spennandi, að labba inn í bókabúð og sjá verk eftir sjálfan sig í hillunum. Ég hef fengið góða dóma og slæma dóma. Farið allan tilfinningaskalann. Síðan venst það eins og allt annað og á stundum finnst mér þetta bara ekkert gaman. Sjálfsefninn sest á öxlina og

hvislar: Er þetta nógu gott? Hefðir þú getað breytt einhverju? Af hverju lá þér svona mikið á að gefa þetta út?“

„Ritstjórinn minn kallar þetta „fæðingarpunglyndi“. Ég held það sé mikið til í því. Því þegar öll kurl koma til grafar þá situr maður alltaf uppi með sjálfan sig. Þá skiptir lof eða last eða meðbyr eða mótvindur engu máli. Sá tími kemur að maður neyðist til þess að sleppa tókunum, eins og allir foreldrar, því það er annaðhvort það eða missa vitid. Sleppa verkinu út í heiminn eins og barni og segja við sjálfan sig: Þetta

Hæddist að skinhelgi

Berhöfða líf er úrval ljóða eftir skáldkonuna Emily Dickinson sem talin er eitt merkasta ljóðskáld síðari alda. Ljóðin eru í þýðingu Magnúsar Sigurðssonar sem ritar líka inngang.

Magnús er mikill aðdáandi Dickinson og hefur rannsakað ljóðlist hennar um árabíl. Hann segir helstu áskoranirnar í ljóðþýðingum að þýða eins og maður elskar: með væntumþykju, ekki lotningu.

„Að vera trúur en ekki sauðtrúr. Að glata ekki sínum eigin persónuleika af dýrkun á öðrum. Að því sögðu, þá dýrka ég Emily Dickinson.“

Emily Dickinson fæddist árið 1830 og dó 1886. Eiga ljóðin erindi enn í dag?

„Hún ólst upp í strangkristnu samfélagi sem leyfði lítil frávík frá rétttrúnaði þess tíma. Við teljum samfélag okkar frjálslýndara í dag. En við erum of sannfærð um ágæti okkar eigin rétthugsunar til að sjá líkindin. Nú eins og þá tíðkast þurirtanskar bannfæringar. Í ljóðum sínum fór Dickinson gegn hugsanakreddum og hæddist að skinhelgi þeirra sem lögðu öðrum lífsreglurnar með vinalegu yfirlæti. Hún er þekkt fyrir að hafa lokað sig

af þótt enginn viti hvers vegna. En kannski sagði hún sig einfaldlega úr lögum við samfélag sem gat ekki umborið óæskilegar skoðanir, allra sist frá konu.“ útskýrir Magnús.

„Hún fórnaði hefðbundnu lífi til að geta ort eftir eigin höfði, ef „förn“ er rétta orðið þegar manneskja er gædd náðargáfu og nær að haga lífi sínu í samræmi við það. Hún orti tæp 1.800 ljóð en þau birtust ekki fyrr en eftir hennar dag, oft í ritskodaðri gerð. Aflimadír guðir, klofnir heilar, kvalalosti – yrkisefni voru of djörf. En þau ljóð sem voru ritskoduð hvað mest eru líka meðal hennar þekktustu í dag. Eitt af því sem við getum lært af dirfsku þessara ljóða er því hvers virði það er að synda gegn straumnum og láta ekki tíðarandann setja hugsuninni skorður. Og fyrir skáld sérstaklega að láta ekki hina dauðu hönd rétttrúnaðarins – hver sem hann er – stýra pennanum.“

Hvað við hennar skáldskap heillar þig?



Magnús Sigurðsson hefur þýtt ljóð Emily Dickinson. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Dickinson orti módernísk ljóð 50 árum á undan módernistunum og drap Guð löngu á undan Nietzsche. Hún berskjaldar sársauka sinn án þess að fara fram á meðaumkun. Hún hleypir manni ekki að sér í fyrstu tilraun, en ef maður heldur áfram að reyna endurgeldur hún það margfalt og fylgir manni það sem eftir er. Hún kemur að hefðbundnum yrkisefnum úr óvæntri átt. Þegar hún skrifar „þetta Berhöfða líf – undir grasinu – hrellir einsog Vespa“ líkir hún dauðanum við suðandi vespu sem við óttumst að stingi okkur. Við reynum að njóta þess að sitja úti í sólskininu og láta suðið ekki trufla okkur. En það hljóðnar ald-

ei, við heyrum það alltaf einhvers staðar í bakgrunninum og höfum stanslausar áhyggjur af því. Af því að við vitum að þessi vespa stingur okkur öll að lokum.“

Hvers vegna valdir þú að þýða ljóð eftir Emily Dickinson?


„Ég vildi að Emily Dickinson yrði hluti af lífi mínu. En fyrir þýðanda er slík sjálfundanlátsemi ekki talin við hæfi. Það er ætlast til þess að þýðandinn sé maður án eiginleika. Af förnýsi á hann að gera sig fullkomlega ósýnilegan svo eiginleikar frumtextans skerðist ekki. En þýðingar eru ekki núllsummuleikur þar sem ávinningur eins er annars tap. Þvert á móti myndu allir græða – höfundurinn,

lesandinn og bókmenntirnar sjálfar – ef þýðandinn læknaðist af þessari sjálfseyðingarhvöt sem er búið að skilyrða hann með. Og ekki bara hann heldur alla sem fjalla um þýðingar. Það helst örugglega í hendur, en þýðingar eru bæði vanmetnasta grein bókmenntanna og sú eina sem er talað um með sama klisjukennda hættinum núna og var gert fyrir 2.500 árum síðan.“

Í þessu skamma Lífi sem slokknar bráðum Hve miklu – hve litlu – við ráðum

úr bókinni *Berhöfða líf*

HEIMILI BÓKANNA Í NETTÓ



Arnaldur Indriðason hefur um langt árabil verið vinsælasti höfundur landsins og nýtur hylli langt út fyrir landsteinana. Bækur hans eru nú orðnar tuttugu og fjórar talsins. Þær hafa verið þýddar á yfir fjörutíu tungumál, selst í tugmilljónum eintaka og hafa fært höfundinum ótal verðlaun og viðurkenningar.

4.689 kr.



Blóðberg

Þóra Karítas Árnadóttir hefur starfað við skrif, leikhús og sjónvarpsþáttagerð. Árið 2015 sendi hún frá sér sannsöguna Mörk – saga mömmu, sem hlaut góðar viðtökur lesenda. Blóðberg er fyrsta skáldsaga hennar.

4.799 kr.



Blóðrauður sjór

Lilja Sigurðardóttir hefur skrifað skáldsögur, leikrit og sjónvarpsþáttahandrit. Glæpasögur hennar hafa notið mikilla vinsælda og verið verðlaunaðar heima og erlendis; Gildran var tilnefnd til breska Gullrýtingsins og fyrir Búrið og Svik hlaut hún Blóðdropann og tilnefningu til norræna Glerlykilsins tvö ár í röð.


4.799 kr.



Gata meðranna

Kristín Marja Baldursdóttir er þekkt fyrir magnaðar og gripandi skáldsögur sínar þar sem margt býr undir yfirborðinu. Með hárbeyttum hómor og djúpu innsæi skapar hún ógleymanlegar persónur og áhrifaríkar örlagasögur sem heilla lesendur heima og erlendis.


4.799 kr.



Truflunin

Árið er 2034. Heimurinn hefur kvíslast í tvær víddir sem einungis snertast á litlu svæði í miðbæ Reykjavíkur, Trufluninni. Múr umlykur svæðið og inn fyrir hann fer einungis þrautþjáfað vísindafólk og hermenn, svokallaðir agentar. Einn þeirra er félagsálfraeðingurinn Halla.

4.799 kr.



Undir Yggdrasil

Gripandi skáldsaga úr sama sagnabrunni og Vilborg Davídsdóttir sótti áhrifamikinn þrileik sinn um Auði, en fyrsta bindi hans var tilnefnt til íslensku bókmenntaverðlaunanna. Sögulegar skáldsögur Vilborgar hafa notið mikilla vinsælda undanfarna áratugi enda varpa þær nýju og óvæntu ljósi á örlög og aðstæður íslenskra kvenna.


4.799 kr.



Barnaræninginn

Fyndin og æsispennandi, rétt eins og Draumabjófurinn, fyrri bókin um rotturnar í Hafnarlandi sem naut mikilla vinsælda og var tilnefnd til Barnabókaverðlauna Reykjavíkur. Myndir gerir Linda Ólafsdóttir sem hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir myndlýsingar sínar, hér heima og erlendis.

3.499 kr.



Iðunn og afi pönk

Gerður Kristný er einn af okkar færustu höfundum og skrifar jöfnum höndum fyrir börn og fullorðna. Hún hlaut Bókaverðlaun barnanna fyrir Mörtu smörtu, Vestnorrænu barnabókaverðlaunin og Bókalsaverðlaunin fyrir Garðinn og eftir bókaflökki hennar um forsetann á Bessatöðum samdi Gerður vinsælan söngleik.

3.499 kr.



Syngdu með Láru og Ljónsa

Stórskemmtileg bók með fjölbreyttum lögum sem henta hvort sem er í fjöruðu ferðalagi eða á rólegum stundum fyrir háttinn. Krakkar geta bæði hlustað á lögin með söng Birgittu og spreytt sig á að syngja þau sjálf með undirspili. Bókin er skreytt litríkum og fallegum myndum sem gaman er að skoða.

4.199 kr.



Spænska veikin

Spænska veikin var mannskæðasta farsótt sögunnar og barst hingað til lands í miðju Kötlugosi á einu viðburðaríkasta ári tuttugustu aldar, 1918. Hundruð Íslendinga féllu í valinn á örfáum vikum, aðallega ungt fólk í blóma lífsins og fleiri konur en karlar. Mörg börn misstu foreldri.

4.799 kr.



Gildistími: 11.–13. desember

JÓLAINNKAUPIN
hafa aldrei verið eins leikandi létt.
Þú færð jólabækurnar á netto.is

Með því að nýta þér netverslun Nettó sparar þú þér tíma í jólaamstrinu.
Nýttu tímann frekar í að lesa góða bók.

nettó
Lægra verð – léttari innkaup

Lagði allt í hinsta verkið

Gervilimrur Gísla Rúnars komu út í haust, en bókin var hinsta verk skemmtikraftsins vinsæla. Hún inniheldur mikið af skemmtilega myndskreyttum limrum og sameinar allan hans hómor.

Gísla Rúnar Jónsson var búinn að klára bókina Gervilimrur Gísla Rúnars og koma henni í prentun fyrir andlát sitt í sumar. Bókin kom út núna í haust og hefur fengið mjög góðar viðtökur. Í henni er að finna safn af mörgum hundruðum myndum og ærslafullum limrum eftir Gísla sem koma alltaf á óvart, ásamt sprenglæggum myndskreytingum eftir listakonuna Viktoríu Buzukina. Sonur hans, leikarinn Björgvin Franz Gíslason, segir að pabbi hans hafi sett allt það besta úr sínum verkum gegnum árin í bókina, sem sé hans besta verk.

„Limrur eru mjög gamalt breskt bragform og ég man að pabbi var að kenna mér minar fyrstu limrur þegar ég var bara barn. Ég man enn tvær þeirra og veit að önnur þeirra er í bókinni og það er ein sú fyrsta sem hann samdi,“ segir Björgvin. „Hann elskaði alltaf þetta bragform, það er svo sérstakt að mörgu leyti og fremst í bókinni kemur einmitt fram hvað góð limra þarf að innibera, en það er til dæmis:

1. Alvöruleysi (með örfáum undantekningum).
2. Óhefðbundin og oft ósiðleg viðhorf.
3. Rökleysur og ýkjur („fáranleikaspaug“).
4. Kerskni og last.
5. Klámfenginn galsi.
6. Erfið rimorð.
7. Sjaldgæf og jafnvel tor-skilin orð, þar með aðfengin slanguryrði.
8. Tvíræðni og orðaleikir.
9. Stuldur á alkunnum braglinum valinkunnra skálda.

Það er alltaf eitthvað óvænt í þeim og örlitil tvíræðni og þú veist aldrei hvert limran er að fara. Eins



Björgvin Franz Gíslason segir að fjölskylda Gísla Rúnars sé afskaplega þakklát fyrir viðtökur sem bókin Gervilimrur Gísla Rúnars hefur fengið, en fyrsta upplagið seldist upp á skömmum tíma. FRÉTTABLADID/ANTON BRINK

og Þórhildur Þorleifsdóttir sagði í jarðarförinni hans var hann búinn að læra að fara tvöfalt heljarstökk og flikkflakk í þessari listgrein,“ segir Björgvin. „Hann kemur meira að segja mér alltaf á óvart, þó að ég þekki stílinn og pabba svo vel. Fólk les þær líka aftur og aftur og finnur alltaf eitthvað meira í hverri limru.“

Afrakstur heillar ævi

„Þessi bók er afrakstur allrar ævi

hans pabba. Hann var í sjö ár að henda limrum inn á Facebook, bara sér til skemmtunar, en svo spurði fólk svo mikið um hvenær hann ætlaði að gefa út bók með limrum, þó að það hafi ekki staðið til, að hann gaf þetta út í samstarfi við Uglu útgáfu,“ segir Björgvin. „Okkur brá mjög mikið þegar bókin kom út því hún er heilar 450 síður! Þetta er örugglega lengsta ljóðabók sem hefur nokkurn

tímann verið gefin út, en pabbi var alltaf hræddur um að það væri ekki nóg, þannig að hann passaði að gera örugglega alveg nóg af limrum.“

Bókin er skreytt með mjög myndum ljósmyndum sem hann vann með listakonunni Viktoríu Buzukina, en það voru alltaf orðaleikir hjá pabba, þannig að framan á bókinni stendur „við ranghugmyndir Viktoríu Buzukina“.

segir Björgvin. „Þannig að það er sprenglægg mynd við hverja limru sem fær mann til að hlæja áður en maður les svo limruna sjálfa. Þetta er svona ekta kaffiborðspartýstuðbók og hún höfðar meira að segja til 12 ára dóttur minnar, sem finnst allt íslenskt hallarískt eftir að hafa búið í Bandaríkjunum í fjögur ár.“

Ekta „mic drop“ augnablik

„Það sem ég sé fyrst og fremst í bókinni er að hann kreisti út alla gleðina og allan hómorinn sem einkenndi feril hans í þessa bók,“ segir Björgvin. „Hann setti allt í hana, galsann úr Algjör sveppur, hómor Kaffibrúsakarlananna, jákvæða tryllinginn úr Látum sem ekkert C og dónaskapinn úr Heilsuþælinu. Þetta var hans hinsta verk og bókin dregur saman allt sem hann elskaði. Allar bækurnar hans voru metnaðarfullar en þarna toppaði hann sig alveg. Þetta er bara ekta „mic drop“ augnablik áður en hann kvaddi.“

Við erum ótrúlega þakklát fyrir góðu viðtökunum, ég meina þetta er ljóðabók þegar öllu er á botninn hvolft og maður bjóst ekki við svona góðum viðtökum, en fyrsta upplag er uppselt,“ segir Björgvin að lokum.

Að lokum er hér fyrsta limran sem Gísla Rúnar kenndi Björgvini, en hana er einmitt að finna í bókinni:

Maður er manns gaman

Er mannæta manng og vitskert Matreiddi trúboðann Eggert - sagð'ún: „Déskotans snarl - þessi dvergaxni karl Mun tæplega duga í desert!“

Alltaf að lesa átta bækur í einu

Þórunn Hjördísardóttir er í tveimur vinnum og námi en er samt búin að lesa yfir 90 bækur á árinu. Hún les alltaf nokkrar bækur í einu og flakkar á milli þeirra eftir því hvernig stuði hún er í.

Oddur Freyr

Þorsteinsson

oddurfreyr@frettabladid.is



Þórunn segir að hún væri búin að lesa meira á árinu ef það hefði ekki verið svona mikið að gera í vinnunni og skólanum, en þess vegna hefur hún ekki komist yfir meira. Hún er yfirleitt að lesa nokkrar bækur í einu og stefnir á að lesa alla Hringadróttinsögu fyrir áramót. Þórunn er úr Hafnarfirði og er að klára stúdentinn, en hún vinnur líka á íbúðakjarna á vegum Reykjavíkurborgar og í bókabúðinni Eymundsson.

„Ég held að þetta hafi byrjað þegar ég var bara lítil. Mamma las mikið fyrir mig og afi og amma gefa mér alltaf bók við hvert einasta tækifæri, hvort sem það er afmælis-, jóla- eða sumargjöf,“ segir Þórunn. „Þegar ég var tveggja ára og vaknaði og mamma neynti ekki að sinna mér gat hún líka alltaf fengið svefnfrí með því að láta mig hafa bók og þá sat ég róleg og skoðaði myndirnar.“

Þegar ég tala um hvaða bækur mér finnst skemmtilega snýst það um tilfinninguna sem ég fæ frá sögunni, hún höfðar þá til manns á einhvern ákveðinn hátt sem er ekki hægt að útskýra, en stundum

bara nær höfundur manni alveg,“ segir Þórunn, sem les aðallega erlendar skáldsögur sem gerast í samtímanum.

„Að mínu mati er bókamenning dvínandi hér á Íslandi, en ég vona að það sé bara tímabundin lægð. Það er til dæmis frekar sorglegt hvernig fór fyrir Máli og menningu og það er hægt að telja fyrirtækin sem reka bókabúðir á Íslandi á annarri hendi,“ segir Þórunn.

Nóg af góðum bókum á árinu

„Ég er alltaf með átta bækur í gangi í einu. Af einhverri tilviljun eru þær einhvern veginn alltaf átta. Ég á erfitt með að hemja mig að byrja á nýjum bókum, en ég klára bækur samt alltaf á góðum tíma,“ segir Þórunn. „Ég er komin yfir 90 bækur á árinu, en ég er búin að vera að vinna mjög mikið, annars hefði ég lesið meira. Ég er líka í skóla og þurfti að lesa mikið fyrir hann og það hægði líka á mér.“

Núna er ég að lesa Hilduleik eftir Hlín Agnarsdóttur, sem er



Þetta eru uppáhalds bækur Þórunnar

Oracle Night eftir Paul Auster
The Perks of Being a Wallflower eftir Stephen Chbosky
The Fault in our Stars eftir John Green
The Bell Jar eftir Sylvia Plath
Normal People eftir Sally Rooney

nýkomin út og lofar mjög góðu. Ég var líka að enda við að lesa Herbergi í öðrum heimi eftir Mariu Elísabetu Bragadóttur, sem er mjög góð smásögubók. Það er sjaldgæft að allar smásögurnar í bók höfði til manns og séu góðar,“ segir

Þórunn. „Ég er líka byrjuð á Gata mæðranna eftir Kristínu Mörju Baldursdóttur og hún er mjög góð. Mig langar líka að lesa nýju bókina eftir Jón Kalman Stefánsson, Fjarvera þín er myrkur.“

Þórunn sér ekki fram á mikið jólafrí, en ætlar samt að reyna að klára eins margar bækur og hún getur fyrir áramót.


„Ég er með bunka á náttborðinu mínu af 17 bókum sem mig langar að byrja á og ætla meðal annars að lesa Hringadróttinsögu fyrir áramót,“ segir hún. „Þá gæti verið að ég setji aðrar bækur í bið á meðan, sem gerist stundum. En það er líka gaman að flakka á milli bóka eftir því hvernig stuði ég er í.“

Þórunn Hjördísardóttir á erfitt með að hemja sig þegar kemur að því að byrja á nýjum bókum og er því alltaf að lesa nokkrar í einu. Hún hefur lesið næstum 100 bækur á árinu og er með stóran bunka af bókum á náttborðinu sem hana langar að byrja á. FRÉTTABLADID/ERNIR

Við mælum með bókum í jólagjafir




Sneisafull bók af bæði gagnlegum og gagnslausum upplýsingum um hor. Er hættulegt að borða hor? Inniheldur það næringu? Hvaða tilgangi þjónar horið? Segir liturinn á horinu eitthvað um heilsu okkar? Frábær skemmtun!



Mariella Mánadís er spæjari. Einkunnarorð hennar eru: Engin ráðgáta of dularfull, ekkert vandamál of flókið. En svo fara að birtast draugalegir naggrísir út um allan bæ og Spæjarastelpurnar (Mariella, Pála og Víola) ákveða að leysa ráðgátuna.

Stórskemmtileg barnabók sem er fallega myndskreytt til að auka á ánægju lesandans.



Þetta er þroskasaga Emmu sem er á aldrinum níu til að verða tólf ára þegar sagan gerist. Emma, sem er sögumaður, er miðjubarn í sjö systkina hópi. Hún lendir í ýmsum sköndnum ævintýrum, þar sem m.a. bræður hennar, tvíburarnir Einar og Kári, koma mikið við sögu. Sigríður Ólafsdóttir er höfundur og Aron Bergmann Magnússon myndskreytti.



Tinna Trítlimús: Háskabrunnurinn er ný og spennandi bók eftir Aðalstein Stefánsson. Tinna og Koli taka sér ferð á hendur á hættulegar slóðir í leit að Kobba kanínupabba sem er týndur ...!

Bókin er skemmtileg og gagnleg fyrir krakka sem eru að æfa lestur.

Ég elska mig



Hanna Ólafsdóttir
Hanna Ólafsdóttir



Rithöfundarnir Agnes og Hanna senda frá sér tvær bækur í ár! **Ég elska mig** er bók sem hjalpar börnum að skilja tilfinningar sínar og sjá að sama hvernig þau hegða sér þá eru þau samt elskuð.

Perla prakkari og prumpublaðran kitlar hláturtaugarnar. Perla fær prumpublöðru í afmælisgjöf og ákveður að stríða afa.



Eddi er enginn venjulegur strákur. Hann er kóngur sem situr í háseti, á sína eigin brynju og kastala með fullt af leynigöngum og ALLT. Frábær bók sem fær krakka til að lesa!

Bókabíó með fram jólabókalestrinum

Bækur rata oft í kvikmyndir þar sem söguþráður er spunninn utan um bóka-búðir, rithöfunda, bókasöfn, bókaútfendur og bókaunnendur. Hér eru upptaldar nokkrar góðar:

Shawshank Redemption (1994)

Tim Robbins leikur fanga sem byggir upp bókasafn í fangelsinu á meðan hann afplánar.

You've got mail (1998)

Meg Ryan og Tom Hanks leika bókabúðareigendur sem fella hugi saman á netinu.

Funny Face (1957)

Audrey Hepburn leikur bókabúðar-eigenda sem verður fyrirseta.

The Shining (1980)

Það getur tekið tryllt á taugarnar að vera rithöfundur, eins og Jack Nicholson sýnir eftirminnilega.



Tom Hanks og Meg Ryan í biómynd með bókaivafi; You've got mail.

"84 Charing Cross Road (1987)

Antony Hopkins og Anne Bancroft í góðum vinskapa rithöfundar í New York og bóksala í Lundúnum.

Before Sunset (2004)

Ethan Hawk tekur afleiðingum þess að skrifa bók um raunverulega atburði.

Notting Hill (1999)

Hollywood-stjarna á erindi í ferða-

bókabúð í London og fellur fyrir eigandanum.

Jane Austen Book Club (2007)

Mynd um bókaklúbb sem tekur fyrir sex Jane Austen-bækur sem hafa sín áhrif krisur lesendanna.

Phenomenon (1996)

John Travolta leikur mann með heilæxli sem fær óvænt gríðarlega lestrarhæfileika.



Fólk nær ekki að lesa langan texta ef það nær ekki sambandi við hann. Það gerist frekar á skjáum en pappír.

Lestur á pappír eykur skilning

Skjálestur getur verið upphafið að frekari lestri og þá lestri pappírsbóka en kemur ekki í staðinn, segir Anne Mangel, norskur prófessor við lestrarstöðina í Háskólanum í Stafangri. „Fyrir styttri og einfaldari texta skiptir ekki máli hvort við lesum á pappír eða skjá. Pappír reynist betur þegar við lesum til að öðlast dýpri skilning og viljum muna það sem við lesum. Löngum lestri, eins og skáldsögu, getur verið erfitt að tengjast við á litlum skjá. Slíkur lestur stuðlar að lestrarfærni og þess vegna er það miður að lestur í skólum sé að færast mikið yfir á rafrænt form. Á sama tíma getur skjálestur verið góður við hlið lestars á pappír þar sem hann er hagkvæmari. Það getur líka verið kostur að gera stækkað texta, breytt letri og bætt við lofti á milli lína.

» Mikilvægt er að varðveita og rækta lengri lestur og þarf skólinn að hvetja nemendur til að gefa sér tíma til að lesa skáldsögur á pappír.

Stafrænir textar geta haft jákvæð áhrif á skilning og hvatningu þegar þeir eru hannaðir með lesandann í huga,“ segir Anne sem leitt hefur fjögurra ára evrópskt rannsóknarverkefni um áhrif stafræns lestars á það hvernig við lesum. Yfir 200 vísindamenn tóku þátt í rannsókninni. Rannsakendur undruðust að sjá að neikvæð áhrif lestars af skjáum hefur aukist töluvert óháð aldurshópum. Sérstaklega hefur lestrarfærni versnað með tilkomu skjálestars. Í Bandaríkjunum er farið að auðvelda framsetningu efnis til að nemendur eigi auðveldara með að skilja það. Mikilvægt er að varðveita og rækta lengri lestur. Skólinn þarf að hvetja nemendur til að gefa sér tíma til að lesa skáldsögur á pappír.

Stígðu inn í söguna með Storytel Reader lesbrettinu.



Pantaðu Storytel Reader á storytel.com – eins mánaðar áskrift fylgir með

Með Storytel Reader og Storytel áskrift færðu ótakmarkaðan aðgang að öllu bókasafni Storytel. Skiptu á milli lestars og hlustunar, þráðlaust með Bluetooth.

18.900 kr.
Frí heimsending


storytel

Laugarnar í Reykjavík



Velkomin aftur

Höldum bilinu og sýnum hvert öðru tillitssemi



www.itr.is

Fylltur lambahryggur og jólapavlova

Jólin nálgast og tvíeykið Viktor Örn Andrésson landsliðskokkur og Berglind Guðmundsdóttir, matarbloggari hjá Gulur, rauður, grænn og salt, leika listir sínar og töfra fram hátíðarkvöldverð.

Matarást Sjafnar

Sjöfn Þórðardóttir sjofn@torg.is



Viktor Örn og Berglind komu fram í þættinum Matur og heimili á Hringbraut. Það var sannkölluð jólastemming yfir hátíðarkvöldverðinum sem þau framreiddu af hjartans lyst. Viktor Örn er einn metnaðarfyllsti íslenski matreiðslumaðurinn og hefur í gegnum árin prófað sig áfram með djarfar nýjungar.

Viktor eldaði úrbeinaðan lambahrygg og brá út af klassískum jólahæfðum og „færði nýja sælkerasteik upp á fat“. Lykilinn að velgengni í eldamennsku segir Viktor vera spennandi meðlæti þar sem brögðin fái að njóta sín með aðalréttinum. Viktor bauð upp á dýrindis kartöflumauk, hungangsgljáðar regnbogagulrætur og rauðvínsósú með fyllta lambahryggnum.

Jólatvist úr sjávarfangi

Viktor Örn tók jafnframt snúning á forrétti sem tekur örskamma stund að framreiða. Er hér um að ræða tvíst úr sjávarfangi, risarækjum og hörpuskel með skemmtilegri útfærslu.

„Framreiðsla réttanna skiptir líka miklu máli og ég legg mikið upp úr því að bera matinn fallega fram á borð, það gleður bæði auga og munn,“ segir landsliðskokkurinn Viktor Örn.

Piparmintan minnir á jólin

Berglind veit fátt skemmtilegra en að bregða á leik í eldhúsinu og elskar að baka og útbúa ljúffenga eftirrétti sem bráða í munn. Hún er þekkt fyrir bakstur sinn og ástríðuna í eldhúsinu. Berglind tók við keflinu þegar kom að eftirréttinum.

„Pavlovur eru áttunda undur veraldar, ég get svo svarið það. Einu sinni byrjað og þú getur ekki hætt. Pavlova er hvít og falleg eins og vetrarsnjórinn og það er eitt-hvað við piparmintu sem minnir mann á jólin. Því finnst mér þessi uppskrift vel við hæfi. Það besta við þessa uppskrift, fyrir utan bragðið, er að það má gera hana kvöldinu áður. A aðfangadag er svo hægt að setja hana saman í róleg-



Viktor Örn og Berglind komu fram með réttina sína á sjónvarpsstöðinni Hringbraut. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

heitunum. Það er eftirréttur að mínu skapi,“ segir Berglind sem er mjög slök þegar kemur að matarhæfðum um jólin og leggur meiri áherslu á að fólkið hennar og hún hafi það huggulegt um jólin.

Hér deila þau með lesendum uppskriftunum af þriggja rétta hátíðarkvöldverðinum.

Pönnusteikt risarækjur með mangó og sesam-majónesi

Fyrir 3-4

Risarækjur og hörpudiskur

2-3 risarækjur á mann

2-3 hörpuskeljar á mann

Sitróna

Olía

Salt og pipar

Mangó salsa

1 stk. ferskt mangó skorið í litla

teninga

½ chillipipar fint saxaður

2-3 msk. ferskur kóriander eða

graslaukur fint saxaður

3-4 msk. mangó chutney úr

krukku

Hörpuskel og risarækja eru sett á sitt hvort grillspjótíð. Olíu hellt



Pönnusteikt risarækjur með mangó og sesam-majónesi.

yfir og kryddað til með salti. Hitið pönnuna vel og steikið spjótin.

Best er að elda hörpuskelina 90% af eldunartímanum á annarri hliðinni og svo snúa rétt til að loka hinum megin, þá fáum við fallega gyllta steikingu á aðra hliðina. Risarækjurnar eru steiktar í um það bil 3 mínútur á hvorri hlið.

Takið svo spjótin af pönnunni og á bakka, kreistið smá sitrónu-safa yfir. Mangó salsa sett ofan á. Berið fram á fallegum disk og skreytið. Það passar mjög vel að hafa gott majónes eða aioli með.

Pestó-fylltur lambahryggur með parmesan og hvítlauk

1 stk. lambahryggur (úrbeinaður)

5-6 msk. pestó

50 g parmesan

Olía

Salt og pipar

Fylling

Basil pestó

200 g basil

1 hvítlauksrif

45 g ólífuoía

60 g kasjúhnetur eða furuhnetur

50 g eða eftir smekk af parmesan

Hnetunum er velt upp úr olíu og léttristaðar í ofni á 180 í 6 mínútur.

Sett í blandara eða matvinnsluvél með basil, hvítlauk og olíu og maukað vel saman, rifnum parmesan bætt við í lokin, kryddað til með salti og pipar.

Hryggurinn fylltur og lokað. Leggið hrygginn með fituhlíðina

á brettið. Penslið með smá olíu, kryddið með salti og pipar, takið svo fint rifjárn og rífið hvítlauksgeira yfir kjötið. Fyllið miðjuna á hryggnum af pestóinu. Rífið ferskan parmesan yfir.

Rúllið svo upp hryggnum og bindið vel með bindigarni.

Ofninn er hitaður í 220°C, þegar kjötið fer inn í ofninn má lækka niður í 150°C-160°C. Best er að nota hitamæli og elda hrygginn upp í 52°C og láta hann svo hvíla á bretti í 10-15 mínútur.

Hunangsgljáðar gulrætur

10 stk. íslenskar regnbogagulrætur

4 greinar rósmaryngreinar

4 msk. hunang

2 msk. olía

Dill

Salt og pipar

Byrjið á því að hita ofninn í 180°C. Gulræturnar eru þvegnar vel og endar snyrtir, svo velt upp úr olíu og hunangi, kryddaðar með salti og pipar. Síðan eru þær settar á bakka og bakaðar í 30-40 mínútur eða þar til þær eru orðnar mjúkar í gegn, stráðið svo fint söxuðu dilli yfir þær.

Kartöflumauk

500 g kartöflur (helst möndlu-

kartöflur)

150 g niðursoðinn rjómi

100 g kalt smjör í teningum

Sjóðið kartöflurnar, skrælið þær og þrýstið í gegnum sigti til að þær maukist. Blandið þeim við heitan niðursoðinn rjómann, hitið



Ómótstæðileg piparmintu-pavlova með hvítum súkkulaðirjóma.

kartöflumaukið við miðlungs hita og hrærið stanslaust með sleif á meðan í 5-10 mínútur.

Bætið svo smjörinu við og hrærið áfram þar til smjórið er uppleyst og blandað við kartöflumaukið. Kryddið til með salti. Gott er að bæta nokkrum dropum af truffluolíu saman við til að fá gott bragð.

Piparmintu-pavlova með hvítum súkkulaðirjóma

Botnar (3 stykki í þremur stærðum)

150 g eggjahvítur, geymdar við stofuhita

300 g flórsykur

1 tsk. piparmintudropar

Hvít súkkulaðimús

500 ml rjómi

300 g hvítir súkkulaðidropar

Skraut

1 poki Bismark-brjóstsykur

50 g suðusúkkulaði

Hindber eða önnur ber að eigin vali

Pavlovu-marengsbotnarnir

Setjið eggjahvíturarnar í hreina og þurra hrævélarskál. Hrærið á hæstu stillingu í 3-4 mínútur. Bætið flórsykri saman við smátt og smátt og hrærið áfram. Þegar allur flórsykurinn er kominn saman við hrærið í 5 mínútur til viðbótar. Bætið piparmintudropunum saman og á lægstu stillinguna. Hrærið í 30 sekúndur til viðbótar. Setjið smjörpappír á ofnplötur og gerið botnana þrjá. Setjið þrjár stórar skeiðar af marengsum fyrir neðsta botninn, tvær skeiðar fyrir miðju botninn og eina fyrir þá efstu. Deilið afganginum á milli og mótið marengsinn með sleikju. Látið inn í 100°C heitan ofn í 1 klukkustund og 30 mínútur. Opnið ekki ofninn á meðan marengsinn er að bakast. Þegar tíminn er liðinn slökkvið á ofninum og látið marengsinn vera í ofninum þar til ofninn er orðinn kaldur. Þetta er gott að gera kvöldinu áður.

Hvít súkkulaðimús

Setjið súkkulaðidropana í skál. Hitið rjómann að suðu í potti við vægan hita en látið ekki sjóða. Hellið yfir súkkulaðið og látið standa í 5-10 mínútur eða þar til súkkulaðið er bráðið. Blandið vel saman, setjið filmu yfir skálina og látið í ísskáp í að minnsta kosti 2 klst. eða yfir nótt. Takið þá úr kæli og þeytið í hrævél á hæstu stillingu þar til rjóminn er þeyttur.

Setjið stærsta botninn á kökudisk. Látið súkkulaðirjóma þar yfir. Endurtakið með hina botnana. Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbæði og kælið litlilega. Skreytið með muldum brjóstsykri, berjum, súkkulaðisósú. Svo er voðalega flott að sigta flórsykur yfir kókuna. Njótið vel og gleðileg jól.

Jólaskeiðin
2020



Hönnuð: Hanna S. Magnúsdóttir



Verslun Guðlaugs A Magnússonar
Skólavörðustíg 10
101 Reykjavík
sími 562 5222
www.gam.is

KEEN gönguskór og sandalar

Tilvalið í jólapakkann!

Mýkt og þægindi við ökkla

Lykkja að aftanverðu auðveldar þér að fara í skóinn

Endurskin

Góður stuðningur við hæl

KEEN.Dry vatnsheld filma sem andar

Ytri sóli: gúmmí með gott grip (all terrain)

Fjölátta grip á sóla, gott grip

Targhee Mid ♂

27.990 kr.

Náttúruvænt hágæða leður, LWG vottað

Góð vörn á tá

EVA dual-density innlegg sem hægt er að fjarlægja
4 mm munstursdýpt á sóla

Stingum af ...



Targhee WP ♂ ♀
Lágir gönguskór

25.990 kr.



Newport ♂
Gott grip, lokuð tá

20.990 kr.



Newport H2 ♂
Lokað hælband, lokuð tá

18.990 kr.



Targhee Open Toe Sandal ♂
Stillanlegur á 3 stöðum

15.990 kr.



Venice H2 ♀
Lokað hælband og tá

16.990 kr.



Elle Backstrap ♀
Úr endurunnum efnum

14.990 kr.



Venice II H2 ♀
Stillanlegt hælband, lokuð tá

15.990 kr.



GG • SPORT



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!



@ggsport.is



@gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími jóla: Virkir dagar 10:30 - 18, Laugardaga 11-17, Sunnudaga 12-16

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



VW Caddy 4/2019 ekinn aðeins 19 þ.km. Sjálfskiptur. Bensín / Metan umhverfisvæn gæðingur. Verð: 2.990.000 með vsk.

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun -
Bónleysing Flutningsþrif - Þrif
eftir iðnaðarmenn thvegillinn.
is - Stofnað 1969 Traustir og vanir
menn.

Málarar

REGNBOGALITIR.IS
Alhliða málningabjónusta.
Getum bætt við okkur verkefnum
innan húss. Vönduð vinnubrögð
og vanir menn. Sími 8919890 eða
malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafi., planófl. o.fl. Extra
stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj.
Miikaels. S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÜRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi
fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar
fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingabjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.
Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskípti.
Straumblik ehf. Löggitur
Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



JS LJÓSAMIDJAN
VÉLAVERKSTADI
SLÁTTUHELJABJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með
rafgeymi, einnig 24 volta og 32
volta vandaðir díóðuljósakrossar
á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf
Skemmuvegur 34 (brún gata) 200
kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699
2502. Opið virka daga 8-18 og á
laugardögum í desember 10-16.

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Mikið úrval
Verð við allra hæfi



X-Cross Pro
FXR vélsleðaskór.
Kr. 52.900,-



Nitró - Urðarharvi 4 - 557 4848 - nitro.is

Óskast keypt

STADGREIÐUM OG LÁNUM
ÚT Á: GULL, DEMANTA,
VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!
Hringar, hálsmen, armbönd,
Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl.
Hringdu núna og fáðu tilboð þér
að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16,
Skiplott 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma.
Geymslur fyrir dánarbúið, allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Atvinna

Atvinna í boði

Stýrimann vantar á tæplega 200
t. netabát sem gerður er út frá
Suðurnesjum. Vinsamlegast hafið
samband í s. 892 5522.

Tilkynningar

Einkamál

Óska eftir að kynnst góðum og
heildarlegum manni (dansfélagi) á
RVK-svæðinu, 58-74 ára aldri. Uppl.
í s. 832 9291



Hjálparstarf
kirkjunnar

Tilkynningar



Breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028

Vegna reits P-8 á miðsvæði norðan Skyggnis

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann
25. nóvember 2020 tillögu að óverulegri breytingu á
Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 samkvæmt
2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í því að reitur P-8 á miðsvæði norðan
Skyggnis, sem í gildandi aðalskipulagi er skilgreint sem
blönduð landnotkun fyrir íbúðarsvæði og svæði fyrir
þjónustustofnanir, er aðeins skilgreint sem íbúðarsvæði á
sama hátt og aðliggjandi svæði á miðsvæðinu og verður
hluti af íbúðarsvæði ÍB-4.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til stað-
festingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér
til skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Voga.

Vogum, 10. desember 2020
f.h. bæjarstjórnar,
Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri

SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ URRIÐAHOLT

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir í samræmi við
1. mgr. 31. gr., sbr. 36. gr., og 1. mgr. 41. gr. skipulag-
slaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á Aðalskipulagi
Garðabæjar 2016-2030 sem nær til svæðis í
Urriðaholti og deiliskipulagstillögu fyrir Norðurhluta 4
í Urriðaholti (endurauglýst).

Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030, tillaga að breytingu. Urriðaholt.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar nær
til svæðis norðan við Urriðaholtsstræti og er markmið
aðalskipulagsbreytingarinnar að setja fram á skýran
hátt að íbúðarbyggð er heimil á því svæði sem þarna
er vísað til ásamt atvinnuhúsnæði.

Urriðaholt. Norðurhluti 4. Tillaga að deiliskipulagi.

Deiliskipulagstillagan nær til svæðis fyrir nýja
íbúðabyggð og atvinnustarfsemi norðan við
Urriðaholtsstræti, auk útivistarsvæðis næst
Flóttamannavegi. Hluti af deiliskipulagstillögunni er
endurskoðun á deiliskipulagi fyrsta áfanga
Urriðaholts, sem kallað er Viðskiptastræti og náði yfir
húsin næst gatnamótum Urriðaholtsstrætis og
Holtsvegur. Við gildistöku deiliskipulags Norðurhluta 4
fellur deiliskipulag Urriðaholts Viðskiptastrætis úr
gildi. Hæðir húsa á skipulagssvæðinu verða á bilinu
4-6 hæðir. Fjöldi íbúða verður 218 (36 þegar byggðar),
og atvinnuhúsnæði verður um 48.000 m² (um 11.000
þegar byggt eða í byggingu). Umhverfisskýrsla er hluti
af tillögunni í samræmi við lög nr. 105/2006."

Tillögunar liggja frammi á bæjarskrifstofu
Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 11.12.2020 til og
með 22.01.2021. Einnig eru þær aðgengilegar á vef
Garðabæjar ásamt kynningarefni um tillögunar.
Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn
kostur á að senda inn athugasemdir við tillögunar.
Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út
22. janúar 2021. Skila skal athugasemdum á
bæjarskrifstofu Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210
Garðabæ eða á netfangið skipulag@gardabaer.is



RÁÐNINGAR



Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu
starfsmanna. Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting
og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings
að vel takist til.

intellecta

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

vinnvinn

RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



IS WATCH CO. REYKJAVIK
Sennilega
Heimsins Minnsti
Úra
Framleiðandi



HJÁ GILBERT ÚRSMÍÐ
SÉRHÆFUM VIÐ OKKUR
Í ÚRSMÍÐI, HÖNNUN OG
FRAMLEIÐSLU ÚRA. ÁRATUGA
REYNSLA, METNAÐUR OG
FAGMENNSKA.



ÚRVALIÐ AF ÚRUM HEFUR ALDREI VERIÐ MEIRA
OG ÆTTU FLESTIR AÐ GETA FUNDIÐ ÍSLENSKT ÚR VIÐ
SITT HÆFI EN ÚRVALIÐ MÁ SKOÐA Á WWW.GILBERT.IS

J&S Watch co.
REYKJAVIK



ARC-TIC ÚR
MEÐ LEÐURÓL
29.900.-



ARC-TIC ÚR
MEÐ STÁLÓL
34.900.-



ARC-TIC
ICELAND

GILBERT
ÚRSMÍÐUR

GILBERT ÚRSMÍÐUR
LAUGAVEGUR 62, 101 RVK
WWW.GILBERT.IS
SÍMI: 551 4100

TÍMAMÓT



Elskuleg móðir okkar, tengdamamma, amma, langamma og langalangamma,
Perla Kolka

sem lést 3. desember sl., verður jarðsöngin frá Laugarneskirkju mánudaginn 14. desember.

Aðeins nánustu ættingjar verða viðstaddir, en athöfninni verður streymt á slóðinni mbl.is/andlat/

Björg Kolka
Margrét Kolka
Ása Kolka
Elin Perla Kolka
Heiður Óttarsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

Robin Melkun
Þórhallur Þorvaldsson
Sverrir Tynes
Valur Arnarson



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Júlía Kristín Adolfsdóttir

Furubyggð 16,
Mosfellsbæ,

lést á líknardeild Landspítalans laugardaginn 5. desember.

Útförin fer fram frá Selfoskirkju þriðjudaginn 15. desember kl. 14. Í ljósi aðstæðna verða aðeins nánustu ættingjar og vinir viðstaddir en streymt verður frá athöfninni á vefsíðu Selfoskirkju.

Kolbeinn Guðmannsson
Sigurbjörn Ragnarsson **Hlin Gunnarsdóttir**
Gunnsteinn Adolf Ragnarsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, bróðir, tengdafaðir og mágur,
Einar Hallsson

hestabónði,
Hólum í Flóa,

lést af slysförum fimmtudaginn 3. desember. Útför hans fer fram frá Stokkseyrarkirkju þriðjudaginn 15. desember kl. 13.

Í ljósi aðstæðna er athöfnin aðeins fyrir nánustu aðstandendur, hægt verður að fylgjast með athöfninni á vefsíðunni promynd.is/einar
Blóm og kransar eru afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast Einars er bent á Alheimersamtökin.

Sophia Oddný
Sigurður Elmar, Elin Hulda og börn
Guðmundur, Hrefna og börn



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Birte Dürke Hansen

sem lést í faðmi fjölskyldunnar, þriðjudaginn 17. nóvember, á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi, verður jarðsöngin frá Fossvogskapelli, laugardaginn 12. desember, kl. 11. Vegna aðstæðna verður einungis nánasta fjölskylda viðstödd athöfnina. Aðstandendur vilja þakka starfsfólki hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar fyrir einstaka umhyggju og alúð.

Ragnar D. Hansen
Richard Hansen
Solvej Dürke Bloch
Michael D. Hansen
Anita Roland
Rolf D. Hansen
John D. Hansen
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigríður Rósa Magnúsdóttir

Annemarie V. Hansen
Brian Roland
Manuel Parra Recuero



Arni Beinteinn, Birna og Vilhjálmur á sviði Samkomuhússins. Þar munu þau bregða sér í fjölda hlutverka. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Þegar vissum aldri er náð

Sú glansmynd sem ungmenni hafa af því að verða fullorðin framkallast ekki alltaf. Leikfélag Akureyrar gerir grín að því í frumsömdu verki sem forsýnt er á morgun.

Loks er komið að því að við getum sýnt gamanleikinn okkar, Fullorðin, í Samkomuhúsinu á Akureyri. Forsýningin er á morgun, laugardag. Fólki veitir ekkert af því að hlæja aðeins,“ segir Vilhjálmur B. Bragason leikari, sem er höfundur verksins og flytjandi, ásamt þeim Árna Beinteini Árnasyni og Birnu Pétursdóttur.

Vilhjálmur segir salinn standast sóttvarnareglur, í honum séu svalir og því sé hægt að taka tvöfaldan, leyfilegan skammt áhorfenda. „Planið var að sýna Skuggasvein í haust en það verður bara næsta haust og í samstarfi við Þjóðleikhúsið. Í staðinn ákváðum við að búa til þessa sýningu, Fullorðin, hún er léttari í vöfum, við erum bara þrjú svo það þarf ekkert marga áhorfendur til að hún beri sig.“

Í fimmtán hlutverkum

Sýningin snýst um þau vonbrigði sem margir verða fyrir þegar þeir fullorðnast, að sögn Vilhjálms. „Maður heldur í uppvextinum að allt verði svo frábært þegar vissum aldri er náð, þá geti maður ráðið öllu og svarað öllu. Það er ekki alveg það sem við blasir þegar til kastanna kemur, maður veit oft ekkert í sinn haus en vonar bara að enginn sjái í gegnum það. Yfirleitt kann maður ekki að meta það sem maður hefur í augnablikinu og heldur að allt sé betra hinum megin við lækinn,“



Hvað þýðir fullorðin? spyr Vilhjálmur.



Maður veit oft ekkert í sinn haus en vonar bara að enginn sjái í gegnum það.

útskýrir hann. Segir leikarana sækja í eigin reynslubrunna en líka bregða sér í marga búninga og karaktera. „Það er hraði í verkinu, ég held ég leiki fæstar per-

sónur, samt er ég í fimmtán hlutverkum. Þetta er stuð!“

Flestar persónurnar eru fullorðnar, að sögn Vilhjálms, aðrar eru börn og unglíngar, sumar meira að segja unglíngar á fyrri öldum. „Það er heilmikil heimildavinna bak við þetta stykki,“ útskýrir hann og segir sýninguna taka klukkutíma og korter, ekkert hlé sé tekið til að hafa allt sem COVID-vænast.

Vilhjálmur tekur fram að ekkert COVID-grín sé í sýningunni. „Við erum bara að gera grín að hinum tímalausu fylgifiskum þess að vera til á öllum aldri. Veltum líka fyrir okkur skilgreiningunni á því að vera fullorðin – orðinn að fullu, sem þýðir þá væntanlega að maður verður ekkert meira. Ef maður horfir á það þannig verður maður ekki fullorðinn fyrr en maður deyr. Varla er þetta spurning um að verða fullur. Það eru margir fletir á þessu.“

Arni Beinteinn verður búalfur

Birna og Arni eru venjulega búsett í Reykjavík en verða fyrir norðan í vetur, að sögn Vilhjálms. „Við vorum öll viðloðandi sýninguna Tæringu, sem er samstarfsverkefni Leikfélagsins og Maríu Pálsdóttur. Birna og Arni Beinteinn eru líka í Búálfinum sem verður settur upp eftir áramót, ef allt fer samkvæmt áætlun. Arni Beinteinn er búalfurinn. Þau áttu þannig bæði erindi norður og eru á samningi í vetur.“ gun@frettabladid.is



Okkar ástkæri
Van Thu Nguyen

lést þann 9. desember.
Útförin fer fram frá Digraneskirkju, mánudaginn 14. desember kl. 13. Vegna fjöldatakmarkana verða aðeins nánustu ættingjar og vinir viðstaddir.

Thi Thu Trang Dang
Thao Thu Thi Nguyen
Lára Hien Nguyen
Diana Rós Hanh Jónatansdóttir
Kevin Huy Tan Dam



Okkar innilegustu þakkir fyrir allar þær kveðjur og samúðaróskir sem okkur hafa borist vegna fráfalls föður okkar, afa og langafa,
Jóns Þórs Jóhannssonar

fv. framkvæmdastjóra,

sem andaðist þann 2. nóvember.
Minning hans mun lifa.

Þorleifur Þór Jónsson
Stefanía Gyða Jónsdóttir
Jóhann Þór Jónsson
Bergrún Svava Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.

Þórdís H. Pálsdóttir
Þórunn Marinósdóttir
Ragnar Baldursson
barnabörn og barnabarnabarn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



„... vildi ég gjarnan að ég gæti gefið sögunni eitthvað meira en fullt hús stiga.“

RAGNHILDUR ÞRASTARDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ



„Það er ekki oft sem ég klára bók og þrái framhald en nú biðla ég til höfundarins: Megum við fá frekari frásagnir af Gratiönu?“


SÆUNN GÍSLADÓTTIR / LESTRARKLEFINN

„Vel skrifuð og áhrifamikil bók sem erfitt er að leggja frá sér.“

BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

2.

PRENTUN
KOMIN Í VERSLANIR



Benný Sif Ísleifsdóttir fer á kostum í leiftrandi skemmtilegri skáldsögu sem gerist á Vestfjörðum í upphafi 20. aldar.

Hansdætur segir af harðgerðum konum og andans mönnum, sorgum og sigrum, draumum og þrám.



Innbundin



Rafbók



Hljóðbók



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | www.forlagid.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Föstudagur

Reykjavík 6 9 °C ←	Ísafjörður 4 7 °C ↙	Akureyri 4 4 °C ↑
Egilsstaðir 4 9 °C ←	Kirkjubæjarkl 6 9 °C ←	Hveravellir 2 4 °C ↙

Austan og norðaustan-
átt, yfirleitt 8-15
m/s, en hvassara um
landið norðvestanvert
fram á nótt. Samfelld
rigning austanlands, dá-
litleg rigning eða slydda á
Vestfjörðum, en annars
rigning af og til. Hiti 1 til
7 stig.

Laugardagur

Reykjavík 6 9 °C ↙	Ísafjörður 3 10 °C ←	Akureyri 4 5 °C ↙
Egilsstaðir 3 4 °C ↙	Kirkjubæjarkl 6 12 °C ←	Hveravellir 1 11 °C ←

Sunnudagur

Reykjavík 7 5 °C ↙	Ísafjörður 5 4 °C ←	Akureyri 6 1 °C ↙
Egilsstaðir 4 2 °C ↙	Kirkjubæjarkl 6 8 °C ↙	Hveravellir 1 5 °C ↙

LÉTT

3	1			9	8				
								4	8
	2		3	5		6			
8			5		3			1	
	7				9	2	3		
		9	6	1					
			2	1		8			
	6					2	3		
			7	5					

MIDLUNGS

		7		1	3			9	
5			7				1		
	1		6					5	
	9	5	2					4	
		6	4				8		
3	7			5	1				
6					8				4
	5	9			7			8	
				6		9			

PUNG

5	8								
	6	1	3				7	2	
		2	8				3		
	1	6							7
9	7					3	2	4	
						5	9		1
6	2		9			4	5		
						8			
						3	4		9

Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 sveigur
- 5 vesal
- 6 spil
- 8 stulta
- 10 tveir eins
- 11 pili
- 12 lykkja
- 13 fleygur
- 15 púður
- 17 skjálfa

LÓDRÉTT

- 1 slengjast
- 2 mokað
- 3 miski
- 4 andin
- 7 skemmtun
- 9 urmull
- 12 skjól
- 14 fát
- 16 borg

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 krans, 5 aum, 6 as, 8 stíkla, 10 tí, 11 koma, 9 krökk, 12 hæl, 14 pat, 16 ur.
LÓDRÉTT: 1 kastast, 2 rut, 3 am, 4 sálin, 7 sam-
rim, 12 hönk, 13 spæk, 15 tálkum, 17 títra.

Skák Gunnar Björnsson

Magnús Örn Úlfarsson átti
leik gegn Gunnari Björnssyni
í undankeppni Friðriksmóts
Landsbankans – Íslandsmóts-
ins í hraðskák.

Hvítur á leik



56. Bg5+! Kxg5 57. Dh4# 1-0.
Davíð Kjartansson vann sigur
í undankeppninni en auk hans
trygðu Jón Kristinn Þorgeirsson,
Guðmundur Gíslason og
Heimir Ásgeirsson sér keppnis-
rétt í úrslitakeppninni sem
fram fer á laugardaginn.

www.skak.is: Friðriksmót
Landsbankans. Beint.

4	2	6	5	8	9	7	3	1
1	3	8	6	4	7	2	5	9
5	7	9	2	3	1	6	4	8
6	4	1	7	9	8	3	2	5
3	5	2	1	6	4	9	8	7
8	9	7	3	2	5	4	1	6
7	8	3	4	1	6	5	9	2
2	1	5	9	7	3	8	6	4
9	6	4	8	5	2	1	7	3

5	7	9	6	8	3	2	1	4
1	2	6	7	9	4	3	5	8
8	3	4	5	1	2	6	7	9
9	4	5	8	2	7	1	3	6
2	1	7	3	4	6	8	9	5
3	6	8	9	5	1	4	2	7
6	8	2	1	7	9	5	4	3
4	9	3	2	6	5	7	8	1
7	5	1	4	3	8	9	6	2

5	8	1	6	7	9	2	3	4
7	3	6	2	4	8	5	1	9
9	4	2	3	5	1	8	6	7
6	5	9	4	8	2	3	7	1
4	1	7	9	3	5	6	2	8
8	2	3	7	1	6	4	9	5
1	6	8	5	9	3	7	4	2
2	7	5	1	6	4	9	8	3
3	9	4	8	2	7	1	5	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist
tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig
tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í
næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus




Eftir Frode Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

Sorgin rífur hjartað upp á gátt

Vilborg Davíðsdóttir rithöfundur hefur
kynnst bæði dauða og sorg á sinni lífs-
göngu. Hún segir mikilvægt að leyfa
dauðanum að vera hluta af lífinu og
hefur sterkt hugboð um það að til-
vistinni ljúki ekki við dauðann.



Skæðasti geðsjúkdómurinn

Sóley Hafsteinsdóttir hefur glímt við
átraskanir um árabíl og hefur þungar
áhyggjur af því að þjónustu átráskunar-
teymisins hafi hrakað umtalsvert á
stuttum tíma. Hún óttast að einhver
láti lífið enda um lífshættulegan sjúk-
dóm að ræða.



Hvað er ég að gera hér?

Hin 28 ára **Salka Margrét Sigurðardóttir**
hefur starfað fyrir bresku ríkisstjórnina í
fimm ár og vinnur nú að skipulagningu
stærstu loftslagsráðstefnu Sam-
einuðu þjóðanna. Hún segir ekki auð-
velt að hafa trú á sér á svona stóru sviði
og að það sé furðuleg tilfinning að heyra
ráðherra flytja ræðurnar hennar.



Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi

BANG & OLUFSEN




Beovision Contour
ALL-IN-ONE OLED TV



Beoplay H95



Beoplay E8 3rd gen.



Beosound A1 2nd gen.



Beosound 1

Beosound 2



Beosound Balance



Beosound A9



Beosound A9



Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15

BANG & OLUFSEN

Lágmúla 8 - 530 2800

ORMSSON

FRÉTTABLAÐIÐ **MENNING**

Ólafur Darri les klassiska sögu.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ólafur Darri les
Aðventu Gunnars

Upplestur á Aðventu Gunnars Gunnarssonar fer jafnan fram í Gunnarshúsum á Dyngjuvegi 8 og Skriðuklaustri á þessum tíma árs. Í ljósi aðstæðna sjá Gunnarsstofnun og Rithöfundasamband Íslands sér ekki fært að bjóða fólki til sín í ár en færa landsmönnum í staðinn upplesturinn heim í stofu gegnum netið. Lesari að þessu sinni er Ólafur Darri Ólafsson leikari sem í haust hreif landsmenn með sér í hlutverki annars Benedikts í þáttaröðinni um Ráðherrann. Í þáttunum var óspart vísað í sögu Gunnars og er Ólafur Darri því ekki óvanur að fylgja Leó og Eitli til fjalla.

Lesturinn fer í loftið kl. 13.30 sunnudaginn 13. desember og verður hlekkur á hann aðgengilegur á Facebook-síðum Skriðuklausturs og Rithöfundasambands Íslands.



Ólafur Jóhann Ólafsson rithöfundur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tveir á toppnum

Ólafur Jóhann Ólafsson og Arnaldur Indriðason skipta á milli sín toppsætunum á tveimur metsölulistum. Á metsölulista Eymundsson dagana 2.-8. desember er Snerting eftir Ólaf Jóhann í fyrsta sæti á Metsölulista Eymundsson, Vetrarmein eftir Ragnar Jónsson er í öðru sæti og Þagnarmúr eftir Arnald Indriðason er í þriðja sæti. Í fjórða sæti er Bráðin eftir Yrsu Sigurðardóttur og Spænska veikin eftir Gunnar Þór Bjarnason í því fimmta.

Á bóksölulistanum sem Félag íslenskra bókaútfendna tekur saman er Þagnarmúr Arnaldar í fyrsta sæti, Snerting eftir Ólaf Jóhann í öðru sæti og Bráðin eftir Yrsu í því þriðja. Sá listi nær yfir dagana 30. nóvember til 6. desember.



Einn daginn rakst ég á þetta gamla handrit í tölvunni og las það aftur yfir, segir Kristín Björg Sigurvinsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Saga um hina dularfullu dóttur hafsins

Kristín Björg Sigurvinsdóttir er tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir fyrstu bók sína, Dóttir hafsins. Hún skrifaði fyrstu drög að sögunni 13 ára gömul.

Kolbrún

Bergþórsdóttir

kolbrunb@frettabladid.is



Kristín Björg Sigurvinsdóttir er tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir ungmennabókina Dóttir hafsins, sem er fyrsta bók hennar.

„Sagan segir frá Elísu sem er 16 ára unglíngur og býr á Vestfjörðum. Eina nóttina heyrir hún undarlega tónlist berast frá hafinu. Tónlistin leiðir hana niður í fjöru þar sem hún dregst inn í hörkuspennandi atburðarás neðan sjávar. Á hafsbotni er töfrandi borg þar sem heil þjóð, marfólkið, lifir og þrífst. Hræðileg sækkrímsli herja á borgina og ógna tilvist mar-

fólksins sem þarf á aðstoð að halda. Elísa kemst að því að hún er hluti af ævafornum spádómi sem snýst um hina dularfullu dóttur hafsins sem er útvalin til að hjálpa marfólkinu. Þetta er þroskasaga um unga stelpu sem er kvíðin og óörugg en finnur eigin styrk og mátt,“ segir Kristín Björg.

Handrit frá unglingsárum

Hún segir að helsta áhugamál sitt á unglingsárum hafi verið að skrifa. „Ég var feimin sem barn og vildi helst láta sem minnst fyrir mér fara. Þess vegna þótti mér svo gaman að lesa og skrifa af því að í skáldskapnum gat maður verið hver sem er og ferðast hvert sem er. Ég skrifaði fyrstu drög að þessari bók þegar ég var 13 ára og til 17 ára aldurs skrifaði ég þrjár bækur: Dóttur hafsins, framhaldssögu af henni og sögu á ensku, en á þessum



ÞETTA ER ÞROSKA-SAGA UM UNGA STELPU SEM ER KVÍÐIN OG ÓÖRUGG EN FINNUR EIGIN STYRK OG MÁTT.

árum fannst mér enska vera afskaplega flott mál.“

Kristín Björg segist hafa skrifað töluvert á menntaskólaárunum en hlé varð á skriftunum þegar hún fór í lögfræðinám og hún starfaði síðan sem lögfræðingur. „Einn daginn rakst ég á þetta gamla handrit í tölvunni og las það aftur yfir. Í minningunni var það óklárað en þarna blasti við fullklárað handrit. Ég fór hægt og rólega að endurskrifa það og fannst það óskaplega skemmtilegt. Ég fann að ég hafði enn brenn-

andi áhuga á því að skrifa og eftir talsverðar vangaveltur og mikinn stuðning frá mannum mínum tók ég mér hlé frá lögfræðistörfum og fékk mér hlutastarf í bókabúð með skriftunum, enda mikill bókaunnandi.“

Mikill heiður

Dóttir hafsins er fyrsta bókinn í þrileik, en eins og áður sagði skrifaði Kristín Björg bók númer tvö á unglingsárunum. Hún vinnur nú að því að endurskrifa þá gerð. „Lokasagan í þrileiknum var aldrei skrifuð en ég var með hugmyndir að henni í kollinum, þannig að ég veit hvað mun gerast,“ segir hún.

Spurð um tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna segir hún: „Ég bjóst alls ekki við því. Þetta er óskaplega mikill heiður og ég er í skýjunum. Ég gæti ekki verið gladdari.“

Leynibraður stelpu og hryssu

BÆKUR

Hetja

★★★★★

Björk Jakobsdóttir

Útgefandi: JPV

Fjöldi síðna: 218

Þegar ég var litil hét ein allramesta upphaldsbókin mín Trygg ertu Toppa og fjallaði um strák og hestinn hans. Þetta var þýdd bók sem gerðist í einhverju af fjallafylkjum Bandaríkjanna og lýsti veruleika bæði stráksins og hestsins og var svo spennandi og skemmtileg að ég marglas bókina og heimtaði

hest í fermingargjöf. Þessi bók kom mér margoft í hug þegar ég las söguna af hryssunni Hetju og mannsystur hennar Björgu. Sagan hefst á því að Hetju, sem er greind og uppátækjasöm, hefur tekist að komast út úr girðingunni sinni og inn í ókunnugan hestahóp sem er svo smalað inn í flutningavagn og ekið á annað landshorn.



Björg kemst fljótlega að því að hryssan er týnd og hefst nú leit þeirra hvorrar að annarri sem verður í meira lagi viðburðarík, bæði fyrir hryssu og stelpu.

Sagan er sögð frá sjónarhóli þeirra beggja og spannar vítt svið, þessar tvær söguverur eru um margt ólíkar, enda ekki af sömu tegund en þó eiga þær margt sameiginlegt. Hryssan á ekki orð til að lýsa sumu af því sem hún upplifir og vantar til dæmis alveg orð fyrir isbjörn, og

Björg á líka oft erfitt með að tjá sig þar sem hún er á einhverfurófi og upplifir ýmislegt bæði sterkar og á ólíkan hátt og aðrir. Fleiri sjónarhorn eru kynnt þegar líða tekur á söguna, til dæmis fær hundurinn Píla einn kafla þar sem hún reynir að skilja til hvers er ætlast af henni á orlagastundu.

Hetja er greinilega skrifuð af mikilli þekkingu á hestum og hestamennsku en líka af frásagnarfærni og sögugleði. Lýsingarnar á því sem fyrir augu Hetju ber eru lifandi og vel aðgreindar frá upplifun Bjargar og bæði sá tími sem Hetja átti með fjallastöðinu og harðastökk hennar yfir Kjöl er til dæmis afskaplega

skemmtilegt aflestrar. Samskipti eru einnig miðlægt efni í bókinni, bæði samskipti og samskiptareglur hesta sín á milli og svo samskiptin milli hesta og manna frá sjónarhóli beggja og í því samhengi aftur upplifun Bjargar af samskiptum við fólk og muninum á því að eiga við dýr og manneskjur.

Hetja er þó fyrst og fremst spennandi og lifleg bók fyrir alla krakka þó hún gæti mögulega komið inn skæðri hestabakteríu hjá einhverjum lesendum. Brynhildur Björnsdóttir

NIÐURSTADA: Skemmtileg og spennandi bók um vináttu hryssu og stelpu og ævintýri þeirra.



„Fullmótaður skáldsagnahöfundur stígur fram í besta verki sínu til þessa.“

ÓTTAR KOLBEINSSON PROPPÉ / FRÉTTABLAÐIÐ

„Feikilega vel heppnuð bók ... mikilfenglegur skáldskapur.“


ÞORGEIR TRYGGVASON / KILJAN

„Mjög sterk hugmyndafræðileg skáldsaga [...] einstaklega áhugaverð.“

KOLBRÚN BERGPÓRSDÓTTIR / KILJAN

„Absólút besta bók Halldórs.“

GÍSLI MARTEINN BALDURSSON / MORGUNKAFFIÐ



Mögnuð saga eftir **Halldór Armand** um eitruð en fallegt systkinasamband.



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10-19 alla daga til jóla | www.forlagid.is

**BETRA VERÐ
VEGNA LÆGRI TOLLA**



1.598 kr./kg

**Kalkúnabringa
frosin - þýsk**

**MINNA SALT
ÞARF EKKI AÐ SJÓÐA**

**...bara beint inn í ofn
þangað til að kjöthitamælir
sýnir 65°C kjarnhita**

**MEÐ
BEINI**



1.198 kr./kg

**Bónus Hamborgarhryggur
nýreyktur - með beini**

ÚRBEINADUR



1.398 kr./kg

**Bónus Hamborgarhryggur
nýreyktur - úrbeinaður**

BONUS
það munar um minna

**TILBÚNAR
Á PÖNNUNA**

**TILBÚIN
Í POTTINN**



1.998 kr./625 g

**Crispy Önd
úrbeinuð**



2.995 kr./1,06 kg

**Crispy Önd
pakki**



1.198 kr./345 g

**Frosnar Rjúpnabringur
breskar**



798 kr./375 g

**Frosin Rjúpa
bresk**

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS


Vinsælustu bækurnar
í verslunum **BONUS***

Kemst Arnaldur á toppinn?

TOPP 5

- 1. Snerting**
Ólafur Jóhann Ólafsson
- 2. Þagnarmúr**
Arnaldur Indriðason
- 3. Bráðin**
Yrsa Sigurðardóttir
- 4. Orri óstöðvandi - Magga Messi**
Bjarni Fritzson
- 5. Vetrarmein**
Ragnar Jónasson

* Tekið saman 10. desember - Topp 15 á bónus.is



4.398 kr./stk.

Þagnarmúr
Arnaldur Indriðason

Wellington



5.998 kr./kg

Íslandsnaut Wellington Nautalund
íslensk innþökuð nautalund - frosin



Föstudagur

KRYDD
veitingahús

20% afsláttur
af gjafabréfum
fram að jólum!

HRINGBRAUT

20.00 Lífið er lag (e) Þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri ára. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
20.30 Matur og heimili (e) Lifandi þáttur um matargerð og bakstur í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
21.00 21 - Úrval á föstudegi Samantekt úr bestu og áhuga-verðustu viðtölunum úr Tuttugu-ogeinum í liðinni viku.
21.30 Viðskipti með Jóni G. (e) Í viðskiptaþættinum með Jóni G. Hauksyni er rýnt í verslun og viðskipti landsmanna með aðstoð sérfræðinga og stjórnenda atvinnulífsins.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Kastljós
09.25 Menningin
09.35 Spaugstofan 2007 - 2008
10.00 Íþróttafrek sögunnar Carl Lewis og mark aldarinnar í fótbolta
10.25 Jólavaka RÚV 2014
12.50 Heimaleikfimi
13.00 Ólympiukvöld fatlaðra
13.30 Kvöldstund með listamanni 1986-1993 Steingrímur Guðmundsson
14.10 Veiðikofinn - Sjóbleikja
14.30 Úr Gullkistu RÚV. Villt og grænt
14.55 Áfram Mið-Ísland
15.45 Landinn 15.nóvember
16.15 Kósýheit í Hveradöllum
17.20 Jólادagatalið. Snæholt
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Jólادagatalið - Jól í Snædal
18.35 Húllumhæ
18.50 Landakort Melar
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Kappmál
20.55 Vikan með Gísla Marteini Gíslur Marteinn tekur á móti góðum gestum á föstudagskvöldum.
21.50 Ævintýralegt aðfangadagskvöld One Christmas Eve Jólamynd fyrir alla fjölskylduna um nýfráskilda móður sem er staðráðin í að gera fyrstu jóla barna sinna án föður þeirra að þeim bestu hingað til, en röð óhappa ógnar áformum hennar.
23.15 Vinir eignast barn Friends With Kids Rómantísk gamanmynd um Jason og Julie sem hafa verið bestu vinir lengi. Þau ákveða að eignast barn saman en vera áfram bara vinir. Þau eru í vinahópi para þar sem mörg glíma við erfðeika í sambandinu eftir barneignir. Getur verið að það sé betra að eignast barn og ala það upp í vinasambandi þar sem skuldbindingin er bara gagnvart barninu? Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
00.55 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.00 European Tour 2020 Bein útsending frá DP World Tour Championship.
13.05 LPGA Tour 2020 Útsending frá Volunteers of America Classic.
16.00 PGA Tour 2020 Bein útsending frá QBE Shootout.
20.00 Us Womens Open 2020 Bein útsending frá US Women's Open.
23.00 PGA Highlights 2020

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 A.P. BIO
14.25 The F Word (US)
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Good Place
19.30 Man with a Plan
20.00 The Bachelorette
21.30 Bridget Jones. The Edge of Reason
23.15 Liberal Art
00.50 The Guest
02.25 Killer Elite
04.20 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Í ljósi sögunnar
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregni
10.13 Óskastundin
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegð
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Dánarfregni
13.02 Það sem skiptir máli
13.05 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Heimskviður
15.00 Fréttir
15.03 Sögur af landi
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Glans
17.00 Fréttir
17.03 Lestarklefinn
18.00 Spegillinn
18.30 Brot úr Morgunvaktinni
18.50 Veðurfregni
18.53 Dánarfregni
19.00 Flugur Lög úr kvikmyndum
19.45 Lofthelgin
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Atómstöðin (6 af 17)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregni
22.10 Samfélagið
23.05 Lestarklefinn
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.10 Five Feet Apart
12.00 Grand-Daddy Day Care
13.35 Gold
15.30 Five Feet Apart
17.25 Grand-Daddy Day Care
19.00 Gold
21.00 A Simple Favor
22.50 Tolkien
00.40 Una Mögnuð kvikmynd frá 2016 um Unu sem er 27 ára kona sem kemur í vinnuna til Ray til þess að gera upp sambandið sem þau áttu í mörgum árum áður. Þau höfðu hlaupist á brott saman og áttu, að henni fannst þá, í ástarsambandi. En þar sem hún var aðeins tólf ára þá og Ray var fertugur þá lítur hún málið öðrum augum núna. En hún er enn að leita að svörum.
02.15 A Simple Favor

STÖÐ 2

08.00 The Middle
08.20 God Friended Me
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Supernanny
10.45 One Born Every Minute
11.30 Love in the Wild
12.15 Jólادagatalið Árna í Árdal
12.35 Nágrannar
12.55 Friends
13.15 Blokk 925
13.40 Manifest
14.20 Rikki fer til Ameríku
14.40 Battle of the Fittest Couples
15.20 Who Wants to Be a Millionaire
16.05 My Christmas Dream
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakinn
18.55 Föstudagskvöld með Gumma Ben og Sóla
19.40 Snowmance
21.10 Line of Duty
22.45 Speed
00.35 The Aftermath
02.20 My Christmas Dream

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.50 The Goldbergs
21.15 Roswell, New Mexico
22.00 Game of Thrones
22.55 Game of Thrones
23.55 Simpson-fjölskyldan 32
00.20 Bob's Burgers 11
00.40 Flash
01.25 Friends
01.45 Friends
02.10 The Goldbergs

STÖÐ 2 SPORT

08.50 Síamótið
09.25 Rey Cup Mótið
10.05 Arionbanka mótið
10.40 Norðurlásmótið
11.15 Orkumótið í Eyjum
11.50 N1 mótið
12.30 Síamótið
13.10 Rey Cup
13.50 Arionmótið
14.25 Annáll 2019. Körfubolti karla og kvenna
16.05 KF Nörd
16.55 KF Nörd
17.45 KF Nörd - Tekinn
18.10 Léttir sprettir 2
18.25 Léttir sprettir 2
18.50 Svífvangjafflug
19.05 Saga Evrópumótsins í fótbolta
19.30 Saga Evrópumótsins í fótbolta
20.00 Dominos Körfuboltakvöld
21.15 Inside Serie A
21.40 Morabanc Andorra - Casademont Zaragoza
23.15 Man in the Middle

STÖÐ 2 SPORT 2

07.10 Fiorentina - Genoa
08.50 Eibar - Valencia
10.30 Rijeka - AZ Alkmaar
12.10 Dinamo Zagreb - CSKA Moskva
13.55 Tottenham - Antwerp
15.35 Dundalk - Arsenal
17.20 Morabanc Andorra - Casademont Zaragoza Bein útsending.
19.10 Inside Serie A
19.35 Sassuolo - Benevento Bein útsending.
21.40 La Liga Show
22.05 Evrópudeildarmörkin
22.50 Morabanc Andorra - Casademont Zaragoza
00.30 Real Valladolid - Osasuna

Strandgata 32
220 Hafnafjörður
kryddveitingahus.is

Miklu meira en bara ódýrt



ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali



Hjólafesting á bíl frá 4.995



Viðgerðar-kollur 7.495



39.995

Verkfæraskápur á hjólum



99.999

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum



frá 795

Mikið úrval af verkfæratöskum



Jeppatjakkur 2.25T 52cm 19.995



Viðgerðarbretti 4.895



Hjólatjakkur 2T m/tösku 4.795



49.999 Vélagálgi 2T



7.995

1/2 Toppasett



3.995

1/4 Toppasett



Steðjar í miklu úrvali



Vice Multi angle 6.985



14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



5.995

Verkfærasett 108 stk



4.995

Skrallyklar 8-17



6T Búkkar 605mm Par 9.999



frá 1.495

Startkaplar



4.995

Hleðslutæki 12V 6A

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



15.995

Ranamyndavél

Mikið úrval af LED kösturum og ljósum



Sandkassagrafa 4.995



Verðmæta-skápar frá 5.995



Lyklabox í miklu úrvali



4.995 Verkfærasett



1.995

Burstasett í borvél



frá 995

Límbyssur



Vasaljós og lugtir, yfir 30 gerðir



13.995

Flísa sög 80mm



Scanslib Hverfisteinn frá 19.995



9.999

Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm



5.999

Fjölsög Höfftech



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



Útskurðarsett



19.995

Súluborvél 350W



16.995

Metabo KS216 bútsög



14.995

SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:



Listverslun.is

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



Fjölskylda Margrétar rak barnafataverslun og lærði hún því snemma að pakka fallega inn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



2. Klippið eins og einn þriðja inn á við báðum megin. Kraginn er þetta sem borðinn er innan í. Það má brjóta upp á axlirnar á pakkanum og líma ef fólk vill.



3. Snúið pakkanum við og myndið skyrtukragann.



1. Leggið borðann á flatan pakkann úti við endann. Best er að gera þetta við mjúka pakka eða flata. Brjótið tvisvar svo borðinn sé innan í brotinu.



Hægt er að sjá hvernig gera skal þennan skemmtilega pakka á vef Fréttablaðsins í dag, en hann hefur slegið í gegn á TikTok.

Falleg innpökkun gerir góða gjöf betri

Um helgina stendur **Margrét Erla Maack** fyrir innpökkun á Bravó á Laugavegi, en hún hefur verið rómuð fyrir hæfni í sína í að fönndra flotta pakka. Viðburðurinn er liður í verkefninu Sköpum líf í lokun. Hún sýnir lesendum hvernig á að gera skemmtilegan skyrtupakka.

Fjölistakonan Margrét Erla Maack hefur þurft að hugsa í lausnum síðasta árið, enda hefur heimsfaraldurinn sett stórt strik í reikninginn hjá flestum skemmtikröftum. Hún hefur þó verið dugleg að nýta sér tæknina og fundið upp á ýmsu skemmtilegu til að afla tekna á þessum fordæmalausu tímum. Um helgina mun hún bjóða upp á innpökkun gegn vægu gjaldi á Bravó við Laugaveg, en hún hefur verið rómuð fyrir skemmtilega framsetningu á pökkum í Herrafataverzlun Kormáks og Skjaldar.

„Ég er aðallega í því að bralla með dóttur minni fjórtán mánaða þessa dagana en núna undanfarinn mánuð hefur verið að glæðast í gíggheiminum yfir fjarfundarbúnað. Ég er til dæmis að taka að mér pubquiz fyrir minni vinnustaði sem er mjög skemmtilegt, þar sem langflestrir

hafa náð að tileinka sér þennan fjarfundarbúnað sem er í boði,“ segir Margrét.

Hún hefur líka tekið fjarkennslutíma í Kramhúsinu.

„Það koma ókeypis tímar reglulega í hópinn Fólkið í Kramhúsinu á Facebook, sem er öllum opin. Síðustu helgi slógu Reykjavík Kabarett og Vinstúkan upp fjarskemmtunarkabarett í beinni og fólk fékk sendan mat heim, sem gekk alveg ótrúlega vel. Það var virkilega gaman að setja upp sýninguna með öðrum skemmtikröftum, en ekki alein fyrir framan tölvuskjáinn, það gaf okkur öllum ótrúlega mikið. Svo tek ég nokkrar jólavaktir í bestu búð í heimi, Herrafataverzlun Kormáks og Skjaldar, þessa adventuna eins og fyrri ár, og fæ jólin alveg beint í æð þar.“

Margrét segir það hafa tekið smá tíma að komast upp á lagið með að skemmta í gegnum streymi.

ÞETTA ER AUÐVITAÐ ÁKVEDIN TILRAUN OG FYRIR ÞAU SEM HALDA AÐ BIÐIN VERDI LÖNG ÞÁ GET ÉG SAGT AÐ ÉG ER MJÖG SNÖGG AÐ PAKKA INN.

„Það er alveg smá skrytið fyrst að vera með einhverja skemmtun og svo alveg „Bless takk fyrir mig“ og fólk er að hlæja og klappa. Loka síðan bara forriti og tölvunni og við tekur þögn. En þegar við vorum með fjarkabarettinn þá vorum við í sama rými og gátum fagnað og klappað, auk þess sem streymi-

forritið sem við notuðum var með lifandi athugasemdum frá áhorfendum sem var rosalega gaman.“

Algjör hugleiðsla
Hvernig kom þessi hugmynd með innpökkunina til?

„Vegna fjölatakmarkana í Herrafataverzluninni fékk ég aðeins færri vaktir en ég hefði viljað, og svo sá ég verkefnið Sköpum líf í lokun. Því ákvað ég að athuga hvort ekki væri hægt að smella upp lítilli innpökkunarverksmiðju nokkra daga. Þetta er algjör hugleiðsla fyrir mig, að dúlla mér í þessu. Svo ég er ekki bara að skapa mér vinnu, heldur er þetta líka bara góð tilbreyting.“

Margrét er alin upp með annan fótinn í barnafataverslun í Bankastræti, svo innpökkun hefur alltaf legið vel fyrir allri fjölskyldunni.

„Sem unglingur var ég komin í fina æfingu, sem datt svo niður en lifnaði aftur við í Herrafataverzluninni. Núna er ég komin í mjög góða æfingu sem hófst um miðjan nóvember.“

Hún segir sitt aðalsmerki í innpökkun vera skyrtupakkana.

„Einhvern tímann var ég að pakka skyrtu í slíkan pakka en konan sem ég var að pakka inn fyrir varð smá reið. „Nú veit hann hvað þetta er!“ Þannig að ég þurfti að pakka honum inn aftur og öðruvísi. Mér fannst það smá fyndið, en konan var sátt að lokum og pilturinn fékk sína skyrtu í dulúðugum pakka sem gaf ekkert upp.“

Jólasterming
Hvaða ráð hefur þú fyrir skemmtilega innpökkun?

„Besta ráðið er frá mömmu: Það þarf ekki að pakka öllu inn. Ef hluti af gjöfinni eru fagrir hanskar, húfa

eða flott eldhúshald, er sniðugt að hafa það bara bert utan á pakkanum. Ef pakkinn er rosalega klaufalegur þá er um að gera að setja bara nógu stóra slaufu eða greni. Þegar við tókum upp pakkana hjá foreldrum mínum setjum við allt sem er endurnýtanlegt í poka, borða, skraut og slíkt. Svo ég þurfti lítið að kaupa fyrir þetta verkefni. Ef þú ert að pakka nálægt jólum er gaman að setja eitthvað lifandi á pakkann, greni eða chilipipar.“

Finnst þér það gera mikið fyrir gjöfina að hún sé skemmtilega innpökkuð?

„Stundum skipta umbúðirnar máli. Fallegur pakki er svona auka-gleði, svo ef þú ert með einhvern sparipakka, endilega komdu með hann til mín,“ segir hún og hlær.

Margrét stefnir á að skapa alvöru jólastemningu á morgun.

„Stemningin verður yndisleg, leyfi ég mér að segja. Þetta er auðvitað ákveðin tilraun og fyrir þau sem halda að biðin verði löng þá get ég sagt að ég er mjög snögg að pakka inn. Nokkrar vinkonur ætla að lita við og grípa í límband líka á álags-tíma. Best að taka fram samt strax að barinn er að sjálfsgöðu lokaður. Svo verður grimuskylda og spritt.“

Innpökkunin er liður í verkefninu Sköpum líf í lokun, sem hefur heldur betur glætt miðbæinn lífi og fjöri undanfarandi.

„Þetta er bara yndislegt. Um daginn í snjókomunni og kuldunum stóð Teitur Magnússon í glugga með tónleika, þetta er mjög skemmtilegt og falleg tilbreyting á eftirminnilegum tímum.“

Innpökkunin er í boði frá klukkan 13.00 til 18.00 á morgun og á sunnudaginn.

steingerdur@frettabladid.is

HUMARSÚPA

HUMARSOÐ

FISKISOÐ



HUMAR

NÓG TIL

OPIÐ
LAUGARDAG
10-17




Fiskikóngurinn
 Sogavegi 3 • Höfðabakka 1
 Sími 555 2800



DV

DV ER KOMIÐ ÚT!



Tryggðu þér áskrift á dv.is

eða nældu þér í eintak í næstu verslun



Bókabráðurnir og jólastrákarnir Óliver og Tómas Leó Þorsteinssynir færa jólasveinana til vorra daga í barnabókinni Jólasveinar nútímans sem sá eldri gefur út en sá yngri sér um myndskreytingar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hurðaskellir kostar Grýlu Instagram-fylgi

Óliver Þorsteinsson og þrettán ára bróðir hans, Tómas Leó, skoða hvernig jólasveinunum gengur að fóta sig í nútímanum í barnabók þar sem Ketkrókur gerist vegan og Grýla slær í gegn á Instagram.

Bókin er stutt og laggöð og hefur fengið mjög góðar viðtökur. Við erum búnir að fá góða gagnrýni og það eru margir fullorðnir búnir að hrósa hómornum og líka boðskapnum í bókinni," segir Óliver Þorsteinsson, 24 ára gamall bókaútgafandi, um bókina Jólasveinar nútímans sem hann gerði ásamt þrettán ára gömlum bróður sínum, Tómasi Leó, sem einnig myndskreytir.

„Við kynnum alla jólasveinana með skemmtilegum sögum og það er kaflir fyrir hvern og einn. Þetta er algjör jólabók og það er mikill húmor í henni líka og það er náttúrulega skemmtilegt að fólk les bókina með börnunum sínum,“ heldur Óliver áfram og vísar nánar að boðskap bókanna.

„Það er líka sýnt hvernig þeir voru í gamla daga og hvernig þeir breyttust til hins betra. Þannig að það er boðskapur í þessu.“

Byrjaði í jólastuði

Óliver gefur Jólasveina nútímans út undir merkjum Leó bókaútgáfu sem hann stofnaði fyrr á þessu ári með það fyrir augum að auðvelda nýjum höfundum að koma sér á framfæri. Eða eins og það er orðað á heimasíðu útgáfunnar: „Eigendur LEÓ eru ekki ókunnugir hindrunum í heimi rithöfunda og því er mikið lagt upp úr góðu aðgengi og nánú samstarfi við alla þá sem vilja gefa út sína bók.“

Óliver segir fyrsta upplag bókanna í þrettán og hann hafi þegar látið prenta meira þannig að þeir bræður megi vel við una. „Þetta byrjaði síðustu jóla. Ég hafði áður skrifað bókina Leitinn að jólakettinum sem kom út 2018 og var kominn í jólastuð og vildi skrifa aðra svona barnabók.“



Instagram-fylgið hrynur af Grýlu við hurðaskellina. MYND/TÓMAS LEÓ



Þvörsuleikur er enn mikið til við sama hellishornið. MYND/TÓMAS LEÓ

EIN HEFD ER REYNDAR SVOLÍTIÐ SKRÝTIN EN Á ÞORLÁKSMESSUMORGUN ÞÁ FÁUM VIÐ OKKUR ALLTAF HÁKARL Í MORGUNMAT OG HORFUM Á HOME ALONE.

Áhrifavaldurinn Grýla

Óliver segist þá hafa stungið upp á því við litla bróður sinn að þeir myndu færa jólasveinana til nútímans og skoða hvar þeir væru staddir í dag.

„Við fórum út að borða og funduðum um þetta. Spjölluðum heilengi um söguna og fullt af hugmyndum spratt upp. Við byrjuðum bara á því að ræða þessar hugmyndir og fórum svo bara að skrifa á fullu í byrjun árs 2020. Skyrgámur er til dæmis kominn með mjólkuróþol, Ketkrókur er orðinn vegan og Leppalúði er orðinn heimavinnandi húsfadur.“

Það hlýtur að vera erfitt að vera Ketkrók að vera vegan?

„Já, hann reynir nú að breyta um nafn í þjóðskrá en nær því ekki alveg vegna þess að hann er ekki skráður þar,“ segir Óliver og hlær

áður en hann útskýrir hvernig í ósköpunum jafn hræðilegt fyrirbæri og Grýla getur orðið vinsæll áhrifavaldur á Instagram.

„Já, heyrðu. Grýla er orðin þvilíkt vinsæl á Instagram. Hún fór í það og Leppalúði þarf núna að sjá um hellinn á meðan hún er algjör stjarna. Hún bannar til dæmis Hurðaskelli að skella hurðum vegna þess að það hefur áhrif á Instagram-aðganginn hennar. Hún missir fylgjendur þegar hann er að skella hurðum.“

Hákarl og Home Alone

Í káputexta bókanna segir meðal annars að það geti reynt „ellismellum“ eins og jólasveinunum erfitt að kveðja gamlar venjur. Allir þurfi þeir þó að hrista af sér villmennsku og prakkaraskap fortíðar og læra að haga sér almennilega.

Þeir bræður, Óliver og Tómas, eru sjálfir fasthaldnir á hefðirnar, ekki síst í kringum jólin. „Við erum mikil jólabörn og höfum allt af verið,“ segir Óliver. „Við erum með okkar hefðir um jólin. Ein hefð er reyndar svolítið skrýtin en á Þorláksmessumorgun þá fáum við okkur allt af hákarl í morgunmat og horfum á Home Alone. Það er fastur liður.“

toti@frettabladid.is

ILVA

TAX FREE

AF ÖLLUM VÖRUM*

10. - 14. DESEMBER

*Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði.
Gildir á meðan birgðir endast.

40%
AF JÓLAVÖRUM
TIL JÓLA

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað ILVA

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is

Afgreiðslutími: föstudag 12-18 – Jólaopnun hefst 12. des, opið 12-20 alla daga fram að jólum.

 netgíró
VALITOR

[FACEBOOK.COM/ILVAISLAND](https://www.facebook.com/ILVAISLAND)

 [INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND](https://www.instagram.com/ILVAISLAND)



XTMTM
P E R F O R M A N C E



**Þú færð leikföngin
á Hagkaup.is**

XTM™

PERFORMANCE

VANDAÐUR OG HLÝR ÚTIVISTARFATNAÐUR FYRIR BÖRN



Úlpa KAMIKAZE

st. 8-16

13.999 kr



Snjógalli KIZZU

st: 2-12 ára

13.999 kr

Vatnsheldni 15.000 mm,
Öndun 10.000 gsm
YKK rennilás, Endurskin



Úlpa YAMA

st. 8-16

14.999 kr



Snjóbuxur SCOOBIE

st. 8-16

12.999 kr



Lúffur MISO

4.499 kr



Húfur

ýmsir litir

3.999 kr



Lúffur

2.999 kr

Vatnsheldni 15.000 mm
Öndun 10.000 gsm
Fóðrun 140 g/sqm
YKK rennilás, Endurskin

Snjógalli KORI

st: 2-8 ára

12.999 kr



Vatnsheldni 15.000 mm,
Öndun 15.000 gsm
Fóðrun 140 g/sqm,
YKK rennilás, Endurskin


Snjógalli AKIRA

st: 4-8 ára

17.999 kr

HAGKAUP





BAKÞANKAR

Jóhanna Vigdísar
Guðmundsdóttur



Kvótaþegar

Örðin sem við notum um fólk eru merkimiðar sem geta hlaðið stóran hóp fólks jákvæðum eða neikvæðum hugrenningatengslum. Þannig eru örorkulífeyrisþegar og aðrir af sumum nefndir bótaþegar og er þá átt við bætur almannatrygginga. Í orðabók er þiggjandi „sá sem þiggur, maður á sveitarframfæri, þurfalingur“. Meintur veldisvöxtur örorkulífeyrisþega er mýta og í raun er leitun að þeim notendum almannatryggingakerfisins sem ekki vilja vinna launavinnu. Þeir bara geta það ekki vegna skerðinga.

Víkur þá sögunni að öðrum hópi þjóðfélagsþegna, kvótaþegum, sem stundum eru kallaðir kvótaeigendur. Orðið er býsna gegnsætt, í því felst að hópinn skipa eigendur nytjastofna á Íslandsmiðum. Sem er áhugavert í ljósi þess að kvótinn er samkvæmt lögum ekki í eigu þeirra sem nýta fiskinn. Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign islensku þjóðarinnar. Kvótakerfið er stjórnkerfi sem við notum við auðlindanýtingu, sem byggir á því að ákveðið er hámark nýtingar og nýtingarréttinum síðan skipt milli nýtenda. Kerfið er góð leið til að stýra nýtingu sameiginlegra auðlinda, en í því felst ekki tilfærsla á eignarrétti til nýtenda. Úthlutun veiðiheimilda myndar hvorki eignarrétt né óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir þessum auðlindum.

Í raun væri eðlilegra að tala um kvótaþega. Hversu margir kvótaþegar hvíla á hverjum skattgreiðanda? Við hljófum að mega taka umræðuna um það, er það ekki? Í hugtakinu kvótaþegi felst svolitil auðmjúkt gagnvart forrættindunum sem felast í því að þiggja nýtingu kvóta úr sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Og það er gott að vera svolitil auðmjúk á jölonum.

- BETRA BAK HEFUR OPNAÐ Á ANNARRI HÆÐ Í KRINGLUNNI -



VEFVERSLUN
www.betrabak.is
SENDUM FRÍTT

DÚNMJÚKAR GJAFIR FYRIR ÞÁ SEM ÞÉR ÞYKIR VÆNST UM



20%
AFSLÁTTUR

VENO DÚNSÆNG

Hlý og góð dúnsæng (650 gr).
60% dúnn, 10% smáfiður.
100% bómullaráklæði.

18.320 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð 140 x 200 cm: 22.900 kr.



20%
AFSLÁTTUR

TEMPRAKON ADVANCE SÆNG

Stærð: 135 x 200 cm. Einnig fánleg
135 x 220 cm og 200 x 220 cm. Fylling:
90% hvítur gæsadúnn. Þyngd: 600 gr.

37.520 kr. **JÓLAVERÐ**

Fullt verð: 46.900 kr.



20%
AFSLÁTTUR

STÓRI BJÖRN MEDIUM KODDI

Þægilegur Quilts of Denmark dúnkoddi.
Stærð: 50x70cm. 85% fjaðrir. 15% anda-
dúnn. 700g. Áklæðið er úr 100% bómull.

6.320 kr. **JÓLAVERÐ**

Fullt verð: 7.900 kr.



VINSÆL JÓLAGJÖF TEMPUR KODDAR – MIKIÐ ÚRVAL

Jólaaverð frá: 11.920 kr.

Fullt verð frá: 14.900 kr.



20%
AFSLÁTTUR

JOOP RÚMFÖT

100% silkimjúk, straufrí, egypsk bómull.

20.720 kr. **JÓLAVERÐ**

Fullt verð: 25.900 kr.



RAUÐIR STÆRDIR: 37-42
BLÁIR STÆRDIR: 36-42
BLEIKIR STÆRDIR: 35-42
LJÓSIR STÆRDIR: 35-42
GRÁIR STÆRDIR: 35-47



5 zónes
BYLTINGAKENNT
5 SVÆÐA NUÐ-
INLEGG ÚR LEDRI

8.900 kr. **ALLAR STÆRDIR**



20%
AFSLÁTTUR

Frá 19.120 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð frá: 23.900 kr.

Beint í bílinn
úr lúgunni

Kvikk
ON THE GO



Vínkælar
Fyrir heimilið

FRÁBÆRT ÚRVAL



BAKO ÍSBERG

ELDHÚS ALLRA LANDSMANNA
Höfðabakka 9, 110 Reykjavík

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

KRINGLUNNI
Reykjavík
820 6015

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

OPNUNARTÍMAR
Upplýsingar um opnunartíma
á www.betrabak.is

Betra
BAK